# FRÉTTABLAÐIÐ

119. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 23. MAÍ 2018




Það ríkti sannkölluð gleði hjá aðstandendum kvikmyndarinnar Kona fer í stríð á sérstakri hátíðarsýningu í Háskólabíói í gærkvöldi. Myndin naut mikillar hylli á nýafstaðinni kvikmyndahátíð í Cannes. Hér stilla sér upp þau Ólafur Egilsson, Davíð Alexander Corno, Benedikt Erlingsson, Jóhann Sigurðarson, Halldóra Geirharðsdóttir og Davíð Þór Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sveitarstjórnir tefja uppbyggingu íbúða

**Samtök iðnaðarins segja hæga afgreiðslu sveitarstjórna leiða af sér tafir á framkvæmdum við íbúðir og aukinn kostnað. Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni, segir boðleiðir of flóknar. Borgarstjóri segir tillögur sem einfalda regluverkið stranda á Alþingi.**

**KOSNINGAR** Samtök iðnaðarins gagnrýna hæga málsmeðferð sveitarfélaga í skipulags- og byggingarmálum í nýrri úttekt. Hæg afgreiðsla mála getur staðið í vegi fyrir íbúðauppbyggingu sem er eitt stærsta málið í komandi sveitarstjórnarkosningum. Framkvæmdir tefjast og því fylgir kostnaður.

„Ég held að það sé bráðnauðsynlegt að þessu verði breytt hjá borginni. Þetta er eitt af því sem hefur tafið uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í borginni og valdið kostnaði,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann segir að hægt væri að flýta afgreiðslu mála með því að einfalda kerfið.

„Kerfið er orðið svo flókið, málin fara á milli svo margra aðila. Betra væri að minnka kerfið og að það yrði rafrænt,“ segir hann. „Þetta endar allt á fólkinu sem er að kaupa íbúðir,“ segir Eyþór um kostnaðinn sem hlýst af þessum töfum.



Eyþór Arnalds og Dagur B. Eggertsson

„Laga- og reglugerðarumhverfið er mjög flókið og það má bæta,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar, um ástæður þess að málin dragist. „Við höfum gert tillögur um hvernig er hægt að stytta þennan tíma.“ Aðspurður hvers vegna tillögurnar hafa ekki náð fram að ganga í ljósi þess að flokkur hans hefur verið lengi í meirihluta segir Dagur að ástæðurnar liggi annars staðar.

„Vegna þess að þær þurfa að fara í gegnum Alþingi og ríkisstjórnir og það hafa verið nokkuð ör ríkisstjórnarskipti sem hefur ekki hjálpað. Til dæmis kom húsnæðissáttmálinn fram í síðustu ríkisstjórn,“ segir Dagur og vísar þar í sáttmála um húsnæðismál með fjórtán aðgerðum til að bregðast við vandanum á húsnæðismarkaðnum. Í sáttmálanum var kallað eftir tillögunum sem Dagur minnist á. „Það er ekki ljóst hvaða umbótamál þessi ríkisstjórn hyggst halda áfram með,“ bætir hann við.

**– gþs, jhh /** **sjá síðu 6**

## Lífeyrissjóðir vilja selja hlut í HS Orku

**VIÐSKIPTI** Fagfjárfestasjóðurinn ORK, sem er að mestu í eigu íslenskra lífeyrissjóða, hefur áform um að selja 12,7 prósenta hlut sinn í HS Orku.

Formlegt söluferli hófst í síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins, en væntingar eru um að sjö til átta milljarðar króna geti fengist fyrir hlutinn. Miðað við það er markaðsvirði orkufyrirtækisins um 55 til 63 milljarðar.

Talsverður áhugi er sagður vera á hlutnum í HS Orku, bæði á meðal erlendra og innlendra fjárfesta, en gert er ráð fyrir að óskuldbindandi tilboð muni berast í næsta mánuði. Gangi áætlanir eftir gæti salan klárast í lok sumars.

**– hae /** **sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar ríkissaksóknara opið bréf. 11

**SPORT** Kjartani Henry Finnbogasyni hafa borist hótanir frá reiðum stuðningsmönnum. 18





**TÍMAMÓT** Í dag eru átta ár liðin frá því að eldgosinu í Eyjafjallajökli lauk. 17

**LÍFIÐ** Leikhópurinn Lotta setur veðurofsa á vorin ekki fyrir sig. 26

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐURINN** ● **KÓPAVOGUR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðvestan kaldi með skúrum í dag, en léttskýjað á norðaustanverðu landinu. Hægari og úrkomulítið síðdegis. Hiti 5 til 13 stig, hlýjast norðaustanlands. SJÁ SÍÐU 18

# Blautt og kalt í borginni



Veðrið hefur ekki beinlínis leikið við íbúa og gesti á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga og vikur og sólin hefur lítið látið sjá sig þrátt fyrir að júní sé handan við hornið. Þessir ferðamenn sem stóðu við Hallgrímskirkju í gær voru ekki upplitsdjarfir á að líta, en það var blautt og kalt í borginni í gær. Útlit er fyrir aðeins bjartari tíma og búist við minni úrkomu í dag en í gær. Þá verður hiti á bilinu fimm til níu stig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Stjórnin styður Heiðu Björgu

**STJÓRNMÁL** Stjórn Samfylkingarinnar segir ásakanir fjögurra meðlima #daddytoo-hópsins svokallaða, um Heiðu Björgu Hilmisdóttur, varaformann flokksins og borgarfulltrúa, úr lausu lofti gripnar.

Forsaga málsins er sú að Huginn Þór Grétarsson, Hugi R. Ingibjartsson, Stefán Páll Páluson og Friðgeir Örn Gunnarsson, meðlimir#daddytoo-hópsins kröfðu Heiðu Björgu um opinbera afsökunarbeiðni, en þeir segja hana hafa sakað þá um að vera ofbeldismenn í útvarpsþættinum Harmageddon í marsmánuði. Yfirlýst markmið #daddytoo-hópsins er að sýna hversu algeng feðrasvipting er á Íslandi með því að safna reynslusögum feðra.



Heiða Björg Hilmisdóttir

Stjórn Samfylkingarinnar hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem flokkurinn hafnar ásökunum í garð Heiðu Bjargar.

„Í bréfinu eru meint ummæli Heiðu Bjargar ekki tilgreind með nákvæmum hætti og því óljóst hvað hún á að hafa gerst sek um. Hins vegar hafa einstaklingar er segjast koma fram fyrir hönd daddytoo hópsins ítrekað á undanförnum tveimur mánuðum sakað Heiðu Björgu opinberlega um að hafa sagt nafngreinda einstaklinga innan hópsins hafa beitt barnsmæður sínar ofbeldi. Allar þær ásakanir eru úr lausu lofti gripnar,“ segir í yfirlýsingunni. Þar segir enn fremur að Heiða Björg hafi farið fram fyrir hópi sem berst gegn ofbeldi.

Undir yfirlýsinguna skrifa Logi Einarsson formaður, Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar, Þórarinn Snorri Sigurgeirsson ritari, Hákon Óli Guðmundsson gjaldkeri og Oddný G. Harðardóttir þingflokksformaður. **– dfb**

## Enn fækkar í Árneshreppi

**ÁRNESHREPPUR** Tvö af sex málum varðandi skráningu lögheimilis í Árneshreppi sem út af stóðu hjá Þjóðskrá í síðustu viku voru afgreidd í gær. Í öðru tilfellinu var skráning lögheimilis staðfest en felld niður í hinu.

Með þessu hafa samtals þrettán af átján sem skráðu sig til lögheimilis í Árneshreppi á tveimur vikum áður en frestur til þess vegna sveitarstjórnarkosninganna var úti horfið aftur af skránni. „Í þeim fjórum málum sem eftir standa er frestur til að skila inn athugasemdum ekki liðinn og verða þau afgreidd síðar í vikunni,“ segir Ástríður Jóhannesdóttir, sviðsstjóri hjá Þjóðskrá.

Á fundi hreppsnefndar sem lauk á tíunda tímanum í gærkvöldi voru þessir þrettán færðir af kjörskrá. „Við förum eftir niðurstöðum Þjóðskrár. Þannig fór það,“ sagði Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti hreppsins, að fundi loknum. **– gar, gþs**

# Segir lóðina í gíslingu

**Eigandi Hrauntungu í Garðabæ hefur kært synjun á deiliskipulagi fyrir íbúabyggð til úrskurðarnefndar. Lögmaður eigandans segir bæinn bera fyrir sig loforð við fyrri eiganda, sem lést árið 2009, um að lóðin skuli standa óröskuð.**

**SKIPULAGSMÁL** Eigandi jarðarinnar Hrauntungu í Garðabæ furðar sig á því að bæjaryfirvöld synji honum um að reisa íbúabyggð á lóðinni. Hann segir bæjaryfirvöld meðal annars bera fyrir sig vilja fyrri eiganda, manns sem lést árið 2009, um að lóðin skyldi haldast óbyggð og gróðurinn sem fyrri eigandi hafði lagt sál sína í að rækta varðveittur.

Lögmaður núverandi eiganda segir þennan vilja hvergi koma fram í opinberum gögnum, kvöðum á eigninni, erfðaskrá hins látna né annars staðar. Svo virðist sem einhvers konar munnlegt samkomulag haldi lóðinni í gíslingu. Ákvörðun bæjarins um að synja eigandanum um deiliskipulag á lóðinni hefur verið kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.




Stór jörð sem eigandinn fær ekki að breyta í íbúabyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jörðin Hrauntunga er 3,2 hektarar og á henni stendur 364 fermetra hús. Fyrri eigandi bjó þar lengi en arfleiddi ýmis samtök að jörðinni þegar hann lést í apríl 2009. Nýir eigendur fólu síðar Ríkiskaupum að selja hana og keypti félagið Dalsnes ehf., sem er í eigu Ólafs Björnssonar, fasteignina og lóðaréttindin árið 2011. Árni Helgason, lögmaður Dalsness ehf., segir að hvergi í söluferli eignarinnar hafi komið fram að kvaðir fylgdu henni. Afstaða bæjaryfirvalda til þess að skipulögð verði íbúabyggð með sérbýli og íbúðir á lóðinni valdi miklum vonbrigðum, enda verulegur skortur á húsnæði fyrir ungt fólk á höfuðborgarsvæðinu.

„Við höfum alltaf verið að kalla eftir því hjá bænum hvar jörðin var sett í þessi álög um aldur og ævi en það hefur aldrei komið í ljós þrátt fyrir að það hafi litað afstöðu bæjarins í málinu,“ segir Árni og bendir á að allt um kring séu áþekkar lóðir



Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar.



Árni Helgason, lögmaður.

sem skipt hafi verið upp í íbúabyggð á sínum tíma. Ef hugmyndin sé að jörðin nýtist fólki til útivistar þurfi eitthvað að breytast.

„Þetta er einkalóð í dag og það væri heiðarlegra ef bærinn keypti þetta þá og breytti í grænt svæði. En það hefur ekki verið neinn vilji í þá átt heldur.“

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, segir þó í samtali við Fréttablaðið að hann sé opinn fyrir þeim möguleika að bærinn kaupi jörðina aftur, berist tilboð um slíkt, enda minnugur hugmyndar fyrri eiganda um að jörðin standi óröskuð. Vilji sé fyrir því hjá bænum að svæðið verði grænt en ekki undirlagt þéttri íbúabyggð.

„Við leggjum mikið upp úr því að halda í græn svæði og þarna er skógrækt og mikil saga á bak við. Það skiptir máli að mínu mati. Að ekki sé byggt út í allar línur.“

Nýjar hugmyndir Dalsness um jörðina voru lagðar fyrir bæjarráð í gær. Þar er leitað álits á því að húsið á jörðinni verði rifið, byggt þúsund fermetra einbýlishús í staðinn sem nýtt yrði til útleigu fyrir ferðamenn og lóðin girt af. Slíkt myndi falla innan núverandi skipulagsheimilda.

Árni spyr sig þó hvort það sé virkilega það sem menn vilji, fyrst Garðabær lýsi sig mótfallinn íbúabyggð á lóðinni. **mikael@frettabladid.is**


Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind


Áfram Reykjavík
XS
XS Reykjavík
xsreykjavik.is

# Fjórðungur heimsbyggðarinnar of feitur árið 2045

**HEILBRIGÐISMÁL** Haldi núverandi þróun í lýðheilsumálum áfram næstu árin mun tæplega fjórðungur mannkyns, eða um 22 prósent, glíma við offitu árið 2045. Það er aukning um 14 prósent frá árinu 2017. Þetta er meginniðurstaða nýrrar rannsóknar sem kynnt var á ársþingi Evrópsku offitusamtakanna í gærkvöld.

Rannsóknarhöfundarnir, þeir Alan Moses og Niels Lund hjá Novo Nordisk í Danmörku, benda jafnframt á að aukning sem þessi í hópi þeirra sem eru of feitir þýði að einn af hverjum átta, eða um 12 prósent heimsbyggðarinnar, muni þjást af sykursýki 2 innan þrjátíu ára. Til að koma í veg fyrir að algengi sykursýki 2 fari yfir 10 prósent árið 2045 þurfi þeim sem þjást af offitu að fækka um 25 prósent fyrir sama tíma.

Rannsóknin byggir á gögnum frá öllum löndum sem skila upplýsingum í gagnagrunn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Moses og Lund horfðu til aldurs, BMI-stuðuls, algengi sykursýki 2 og báru saman við áætlanir Alþjóðasamtaka sykursjúkra.

Moses og Lund benda á að átak gegn offitu og sykursýki muni litlu skila til skemmri tíma. Hér sé um langtímaverkefni að ræða.

„Þessar tölur undirstrika þá yfirþyrmandi áskorun sem blasir við heimsbyggðinni með tilliti til offitu og sykursýki. Um leið og þetta fólk þarf að mæta miklum áskorunum vegna heilsu sinnar þá verður fjárhagsleg byrði fyrir heilbrigðiskerfi landanna gífurleg,“ segir Moses.

Moses ítrekar að engin töfralausn sé til. Hvert og eitt land þarf að byggja aðgerðir sínar út frá félags-, umhverfis- og genaþáttum. **– khn**



**Offita verður æ algengari.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Brim þyrfti að losa eignir

**SJÁVARÚTVEGUR** Útgerðarfélagið Brim þyrfti að losa sig við eignir fari svo að hluthafar í HB Granda samþykki yfirtökutilboð Guðmundar Kristjánssonar, forstjóra Brims og stjórnarformanns HB Granda.

Vefmiðillinn Undercurrent News greinir frá því að útgerðarfélagið Ögurvík eða Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum komi helst til greina. Brim keypti í apríl 34,1 prósents hlut Kristjáns Loftssonar í HB Granda á um 21,7 milljarða.

Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti verður Brim að leggja fram yfirtökutilboð til annarra hluthafa í HB Granda, en það virkjast þegar hluthafi eignast samtals að minnsta kosti 30 prósenta atkvæðisrétt í félagi sem skráð er í Kauphöllinni. Yfirtökutilboðið rennur út 1. júní.

Brim er búið að tryggja sér fjármögnun frá Landsbankanum upp á tæpa 22 milljarða en hærri upphæð fæst ekki. Því er ljóst að meira þarf til til að fjármagna kaupin á HB Granda, fari svo að hluthafar samþykki yfirtökutilboðið. **– dfb**

## Fá 1.700 manns í heimsókn

**VÍSINDI** Háskóli Íslands býst við um 1.700 erlendum gestum á ráðstefnu European Academy of Management (EURAM) sem viðskiptafræðideild HÍ stendur fyrir dagana 19. til 22. júní. Ráðstefna EURAM er ein sú stærsta á sviði viðskiptafræði í Evrópu og stærsta ráðstefna sem haldin hefur verið á þessu sviði á Íslandi.

Eyþór Ívar Jónsson lektor hefur ásamt samstarfsfólki borið hitann og þungann af undirbúningi ráðstefnunnar en hann hefur staðið yfir í tæp tvö ár. Aðstandendur ráðstefnunnar áætla að gjaldeyristekjur af svo stórri ráðstefnu geti numið um hálfum milljarði króna. **– jhh**

# Ábyrgðarmenn námslána gætu átt kröfu á LÍN eftir nýjan dóm

**Ábyrgðarmenn námslána sem greitt hafa lán sem þeir gengust í ábyrgð fyrir gætu í tilteknum tilvikum átt endurkröfu á LÍN eftir nýfallinn dóm. Framkvæmdastjóri LÍN segir dóminn skýran og að innheimt verði samkvæmt honum.**



**Lögmaður segir ekki útilokað að LÍN hafi þegar innheimt kröfur sem teljast ólögmætar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**DÓMSMÁL** Lögmaður segir mögulegt að fjöldi ábyrgðarmanna gæti átt kröfu á Lánasjóð íslenskra námsmanna á grundvelli dóms Hæstaréttar sem féll í síðustu viku. Með dóminum er því slegið föstu að ábyrgðarmenn vegna viðbótarlána beri ekki ábyrgð á fyrri námslánum, heldur einungis þeim hluta sem greiddur er út eftir að ábyrgðarmaðurinn gekk í ábyrgð.

„Í þessum tilvikum hefur LÍN litið svo á að allir ábyrgðarmenn beri sameiginlega ábyrgð á lánum námsmannsins, sama á hvaða stigi lánin voru tekin,“ segir Haukur Örn Birgisson hæstaréttarlögmaður og bætir við: „Dómurinn fellst hins vegar ekki á þessa túlkun LÍN og kemst að þeirri niðurstöðu að ábyrgðarmaðurinn beri eingöngu sjálfskuldarábyrgð á því láni sem greitt er út eftir að hann gerist ábyrgðarmaður.“

Aðspurður segir Haukur ekki útiloka að Lánasjóðurinn hafi þegar innheimt kröfur hjá ábyrgðarmönnum sem teljast ólögmætar samkvæmt þessari niðurstöðu. „Hafi einhverjir ábyrgðarmenn greitt lán að fullu sem þeir gengust í ábyrgð fyrir á síðari stigum, án vitneskju um að þeir beri ekki fulla ábyrgð, þyrftu þeir að láta kanna rétt sinn og hvort þeir eigi kröfu á Lánasjóðinn vegna þessa,“ segir Haukur.

Hann segir að áhugavert verði að fylgjast með því hvort Lánasjóðurinn bregðist með einhverjum hætti við niðurstöðu Hæstaréttar; hvort þeir sem gangast í ábyrgðir héðan í frá verði látnir undirrita sjálfskuldarábyrgðarskjöl með víðtækari ábyrgð og hvort sjóðurinn muni jafnvel setja sig í samband við ábyrgðarmenn til að óska eftir afturvirkum breytingum á sjálfskuldarábyrgðum þeirra.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, segir ekki standa til að bregðast við með ofangreindum hætti. Ábyrgðarmannakerfið hafi að mestu verið lagt af, og stofnunin óski ekki eftir ábyrgðarmanni nema í þeim tilvikum þegar námsmaður er á vanskilaskrá. Hún segir innheimtu hjá sjóðnum munu fara eftir niðurstöðu dómsins en af honum megi draga tvær reglur um ábyrgðarmenn.

„Þarna kveður Hæstiréttur alveg skýrt á um að það að ef fyrri ábyrgðarmaður uppfyllir ekki lengur skilyrði sjóðsins sem ábyrgðarmaður, til dæmis vegna reglna um ríkisfang, búsetu eða greiðslugetu og það er kominn nýr ábyrgðarmaður í staðinn að kröfu sjóðsins, þá tekur hann við allri ábyrgð lánsins. En þegar um er að ræða nýja ábyrgð á nýjum lánum, þá ber nýr ábyrgðarmaður eingöngu ábyrgð á þeim,“ segir Hrafnhildur og kveður innheimtuna fara eftir þessu en ljóst sé að skoða þurfi í hverju tilviki fyrir sig hver tilurð nýs ábyrgðarmanns hafi verið.

**adalheidur@frettabladid.is**




# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 20-25% afsláttur

## af öllum AEG vörum í nokkra daga




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Lokað laugardaga í sumar

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

UMHVERFIS STOFNUN

# Opinn fundur

## Um tillögu að starfsleyfi fyrir Munck Íslandi í Hafnarfirði.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að nýju starfsleyfi fyrir malbikunarverksmiðju Munck Ísland ehf. á tímabilinu 13. apríl til 11. maí 2018. Fyrirhuguð staðsetning starfseminnar er að Álhellu 18 í Hafnarfirði.

Opinn kynningarfundur verður haldinn í Hafnarborg kl. 16:30, fimmtudaginn 24. maí næstkomandi. Farið verður yfir athugasemdir sem borist hafa og hvernig Umhverfisstofnun bregst við þeim. Þá verður fjallað almennt um útgáfu starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun og eftirlit með starfsemi sem haft getur í för með sér mengun.

Einnig verður opnað fyrir fyrirspurnir og umræður.

Umhverfisstofnun mun taka við athugasemdum sem kunna að berast vegna fundarefnisins til sunnudagsins 27. maí 2018.



Fólk getur þurft að bíða í allt að tvö ár eftir niðurstöðu úrskurðar- og auðlindamála. Sá biðtími bætist þá við tímann sem sveitarfélögin taka sér í að leysa úr hinum ýmsu skipulags- og byggingarmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hæg afgreiðsla nefndar brýtur í bága við lög

**Málsmeðferð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er miklu lengri en lög gera ráð fyrir. Getur haft áhrif á byggingarhraða húsnæðis og aukið kostnað. Hröð málsmeðferð ein forsenda þess að draga úr vanda á íbúðamarkaði, segja SI.**

**STJÓRNSÝSLA** Um áramót höfðu 22% þeirra mála sem biðu afgreiðslu hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála beðið í meira en 18 mánuði, samkvæmt úttekt Samtaka iðnaðarins. Samkvæmt lögum skal nefndin að jafnaði kveða upp úrskurði sína innan þriggja mánaða frá því að málsgögn berast en innan sex mánaða í viðamiklum málum. Málsmeðferðartíminn hefur þó farið yfir tvö ár og er að meðaltali eitt ár, samkvæmt úttektinni.

Nefndin fjallar um skipulags- og byggingarmál og þangað geta einstaklingar eða fyrirtæki leitað ef þeim finnst afgreiðsla hjá sveitarstjórnum, sem fara með skipulagsvald, ekki vera fullnægjandi.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að þessi málsmeðferðarhraði geti hæglega haft áhrif á byggingarhraða íbúðarhúsnæðis með tilheyrandi kostnaði. „Við þurfum að hafa það í huga að þessi nefnd er til dæmis að úrskurða í mjög stórum málum er varða mat á umhverfisáhrifum og svo á sama tíma er kannski einhver sem vill setja svalir eða kvist á húsið hjá sér og hann getur þurft að bíða í tvö ár eftir niðurstöðu í sitt mál,“ útskýrir Sigurður. Þetta væri ef til vill ekki vandamál ef málsmeðferðin hjá sveitarstjórnum væri í lagi. „En málin þar eru að dragast fram úr hófi og í öðru lagi eru þar oft sett ýmis skilyrði eða skorður sem binda hendur framkvæmdaaðila,“ segir hann.

> Á sama tíma er kannski einhver sem vill setja svalir eða kvist á húsið hjá sér og hann getur þurft að bíða í tvö ár eftir niðurstöðu.
>
> Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



Sigurður bendir á að Bjarg íbúðafélag hafi fengið úthlutaða lóð í Hafnarfirði. „Deiliskilmálar sem sveitarfélagið setti voru svo strangir og sveitarfélagið setti þá miklar kvaðir á útlit hússins, efnisval og annað að Bjarg treysti sér ekki til þess að byggja hagkvæmt húsnæði með því að uppfylla þessi skilyrði og skilaði að endingu lóðinni,“ segir Sigurður. Ferlið sé þungt nú þegar og þessi langi meðferðartími úrskurðarnefndarinnar tefji það enn meira, með tilheyrandi kostnaði. Samkvæmt upplýsingum frá Bjargi íbúðafélagi hafði félagið fengið lóð í Skarðshlíð sem var skilað vegna þess að skilmálar hentuðu ekki verkefni félagsins. Félagið hefur fengið vilyrði frá Hafnarfirði fyrir lóð á öðrum stað í bænum.

Sigurður bendir á að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hafi haft afskipti af málinu og beint því til stjórnvalda að grípa til úrræða. Þá benda Samtök iðnaðarins á að ein af forsendum þess að lækka byggingarkostnað og vinna á vandanum á íbúðamarkaði sé skilvirkt eftirlit, að leikreglur séu skýrar og úrlausn ágreiningsmála hröð. Ekki síst nú þegar útlit er fyrir að byggja þurfi 45 þúsund íbúðir á landinu öllu til ársins 2040. **jonhakon@frettabladid.is**

28. maí í 11 nætur

GRIKKLAND

Loutraki & Tolo í beinu flugi til Aþenu



Stökktu
Loutraki í Grikklandi
kr. 79.995 á mann m/morgunmat

Stökktu
Tolo í Grikklandi
kr. 89.995 á mann m/hálfu fæði

Alkyon Resort Hotel & Spa
Frá kr. 129.995
m/allt innifalið
m.v. 2 fullorðna í herbergi
Allt innifalið



595 1000 • heimsferdir.is
Heimsferðir

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni

# Ragnari misbýður hækkanir á leiguverði

**HÚSNÆÐISMÁL** Stéttarfélagið VR hefur verið að safna reynslusögum leigjenda sem lent hafa í því að leiguverð þeirra hefur hækkað óeðlilega mikið. „Þetta hófst fyrir svona mánuði, þá fékk ég fréttir af fólki sem var að ræða saman á lokaðri leigjendasíðu um framferði leigufélaga. Mér fannst þetta svo ótrúlegar sögur að ég komst í samband við þetta fólk í gegnum þriðja aðila og fékk frá þeim gögn um málið,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um upphaf þessa verkefnis.

„Það sem við erum að setja fram er meira en sögur, við erum með gögn sem styðja þessar sögur um hækkanir,“ segir Ragnar, en gögnin samanstanda meðal annars af leigusamningum og tölvupóstsamskiptum leigjenda við leigusala sína.



Ragnar segir sögurnar vera orðnar um 50 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ragnar segir að einstaklingum sem sendi inn upplýsingar sé lofað nafnleynd. „Fólk er hrætt við að koma fram undir nafni, það er skíthrætt við að missa þakið ofan af höfðinu,“ segir hann.

Að sögn Ragnars er regluverkið mismunandi eftir löndum og borgum, en verið sé að kortleggja það innan VR. „Við erum að kortleggja þetta til að geta mögulega nýtt þetta í komandi kjarasamningagerð, hvort hægt sé að setja fram eitthvert regluverk sem verndar leigjendur,“ segir hann.

Ragnar segir að sér hafi misboðið þær hækkanir á leiguverði sem hafi sést á innsendum leigusamningum. Hann segist vilja sjá að bann verði lagt við því að leigufélög hækki leiguverð einhliða án þess að hafa fyrir því góð og gild rök, til dæmis vegna fyrirséðs viðhaldskostnaðar eða hárrar verðbólgu. Þá segir Ragnar mikilvægt að leigusamningar verði lengri en raun ber vitni. Þeir séu sjaldan lengri en til tólf mánaða. „Fólk þorir ekki að gera plön fyrir sumarið því það veit ekki hvað gerist eftir sex eða tólf mánuði,“ segir hann. **– gþs**




# Bíllinn yfirfarinn og allir öruggir!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS NE 19 2019 S95

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



**Shukri Abdull sagði meðal annars frá tíðum morðhótunum á blaðamannafundinum í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

# Tóku sekki af seðlum

**Maðurinn sem stýrir rannsókn á umfangsmiklu spillingarmáli fyrrverandi forsætisráðherra Malasíu er snúinn aftur eftir að hann flúði land vegna hótana.**

**MALASÍA** Shukri Abdull, sem stýrði og stýrir rannsókn á hinu svokallaða 1MDB-spillingarmáli í Malasíu, lýsti því á blaðamannafundi í höfuðborginni Kúala Lúmpúr í gær þegar hann fékk tíðar morðhótanir fyrir störf sín.

Málið sem Shukri rannsakar gengur út á að Najib Razak, þáverandi forsætisráðherra Malasíu, sé sakaður um að hafa stolið rúmlega sjötíu milljörðum króna úr 1MDB-sjóðnum, þróunarsjóði malasíska ríkisins. Málið reyndist Razak erfitt í þingkosningum fyrr í mánuðinum. Tapaði bandalag íhaldsflokka þá meirihluta í fyrsta sinn í sögu malasísks lýðræðis.

Mahathir Mohamad, 92 ára gamall fyrirrennari Razaks sem forsætisráðherra og leiðtogi BN, bandalags íhaldsflokka, keyrði á málinu í kosningabaráttu sinni. Nú eftir að Mahathir náði kjöri skipaði hann fyrrnefndan Shukri aftur sem formann MACC, nefndarinnar gegn spillingu. Shukri hafði áður þurft að flýja land vegna hótana.

„Mér var hótað uppsögn, ég var beðinn um að fara snemma á eftirlaun, fara í frí og var svo dreginn inn í starfsendurhæfingu. Mér bárust hótanir yfir Whatsapp, fólk hótaði mér á heimili mínu og ég fékk byssukúlur í pósti,“ sagði Shukri á blaðamannafundi gærdagsins.

Shukri var nálægt því að bresta í grát þegar hann lýsti þessari lífsreynslu. Rannsókn MACC hefði leitt í ljós að til stæði að handtaka Shukri og fangelsa. Saka hefði átt hann um samsæri gegn ríkisstjórninni. „Við vildum ná aftur í fé sem stolið var af ríkinu. Í staðinn vorum við sökuð um að reyna að ráðast á Malasíu. Við vorum sökuð um landráð,“ sagði Shukri.

Najib Razak hefur alla tíð neitað sök í málinu. Gerði hann væntanlega slíkt hið sama þegar hann kom til yfirheyrslu hjá MACC í síðustu viku. Najib hefur haldið því fram að milljarðarnir 70 hafi verið gjöf frá sádiarabískum prins.

Lögregla gerði áhlaup á ýmsar eignir tengdar Najib í síðustu viku. Gerði hún upptæk 284 veski frá stærstu tískuhúsum heims, 72 sekki af seðlum auk ýmissa skartgripa og úra. Talningu seðlanna úr sekkjunum er ekki enn lokið.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Menntun Conte véfengd

**ÍTALÍA** Um leið og Fimm stjörnu hreyfingin og Bandalagið, popúlistaflokkarnir sem náð hafa samkomulagi um ríkisstjórnarmyndun á Ítalíu, tilkynntu að þeir vildu gera lítt þekkta lögfræðinginn Giuseppe Conte að forsætisráðherra voru stór spurningarmerki sett við menntun Conte.

Conte, sem Sergio Mattarella á eftir að samþykkja að verði forsætisráðherra, segir á ferilskrá sinni að hann hafi stundað lögfræðinám við New York University (NYU) til að dýpka þekkingu sína árin 2008 og 2009. En bæði Corriere della Sera og La Repubblica greindu frá því að engan með þessu nafni væri að finna í skrám háskólans.

**» Conte segir á ferilskrá sinni að hann hafi stundað lögfræðinám við New York University (NYU).**

Nefnir Conte einnig austurríska International Kultur Institut og hinn breska Cambridge, auk annarra skóla. Reuters greindi frá því að nafn Conte hefði ekki verið að finna í skrám Cambridge og þá sagði The Guardian frá því að austurríski háskólinn væri tungumálaskóli, en Conte sagðist hafa lært lögfræði þar. **– þea**

# Segja þvinganirnar glæp

**VENESÚELA** Viðskiptaþvinganir sem Bandaríkin innleiddu gegn Venesúelamönnum í kjölfar forsetakosninga helgarinnar eru „glæpur gegn mannkyninu“. Þetta fullyrti utanríkisráðuneyti Venesúela í gær.

Bandaríkin eru eitt þeirra ríkja sem viðurkenna ekki forsetakosningarnar og ákvað Donald Trump forseti á mánudag að samþykkja þvinganir sem gera Venesúelamönnum erfitt að selja eignir ríkisins. Það kemur sér illa fyrir ríkisstjórn Nicolas Maduro, sem var endurkjörinn á sunnudag, enda er ríkið í afar djúpri kreppu.

Venesúelastjórn hefur reglulega kennt Bandaríkjunum um þá kreppu og sagt ríkið heyja efnahagslegt stríð gegn sér. „Venesúela fordæmir enn á ný kerfisbundna herferð og árásargirni Bandaríkjastjórnar sem reynir að refsa Venesúelamönnum fyrir að nýta sér kosningaréttinn,“ sagði í tilkynningunni í gær.

Maduro fékk 68 prósent atkvæða en stjórnarandstaðan sniðgekk kosningarnar að mestu. Hefur stjórnarandstaðan sagt að Maduro svindli og því séu kosningarnar marklausar. **– þea**


## Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð, Gufuneskirkjugarð, Fossvogskirkjugarð, Sólland og Kópavogskirkjugarð.



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16
í síma 585 2770 og 585 2770

Einnig er hægt að panta beint af vefnum www.kirkjugardar.is

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

www.n1.is facebook.com/enneinn

# Maí tilboð

## 35% afsláttur



**Fristads jakki vattfóðraður**
*Vnr: 9613 122221*
Vatteraður léttur og flottur jakki.
Hægt að sérpanta í dökkbláum.
Litur: Svart. Stærðir: XS-3XL.
**9.718 kr.**
*Verð áður: 14.950 kr.*



**Fristads jakkapeysa**
*Vnr: 9613 125026*
Fristads jakkapeysa.
Hægt að sérpanta fl liti.
Litir: Grár/svartur. Stærðir: S-3XL.
**8.866 kr.**
*Verð áður: 13.640 kr.*



**Fristads hettupeysa**
*Vnr: 9613 LYS7783/110309*
Efni: 100% polyester.
Litur: Svartur. Stærðir: XS- 3XL.
**9.742 kr.**
*Verð áður: 14.987 kr.*



**Fristads pólóbolur**
*Vnr: 9613 100780*
Pólóbolur með hnepptu hálsmáli.
Hægt að sérpanta fl liti.
Litur: Svartur, Dökkblár.
Stærðir: XS-4XL.
**3.244 kr.**
*Verð áður: 4.990 kr.*



**Fristad buxur**
*Vnr: 9613 121632*
Streach efni sem gerir buxurnar mjög þægilegar að vera í. Henta vel í alla almenna vinnu. Litur: Svart og grátt.
Stærðir: 48-66.
**9.037 kr.**
*Verð áður: 13.903 kr.*



**Jogging iðnaðarbuxur**
*Vnr: 9613 126512*
Lausir vasar fyrir iðnaðarmenn.
Vasar á lærum. Frábærar buxur fyrir iðnaðarmanninn Litur: Svart.
Stærðir: XS-2XL.
**12.935 kr.**
*Verð áður: 19.990 kr.*

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Húsavík** s. 440 1448
**Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Blönduós** s. 467 1010
**Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Alltaf til staðar N1




VÍKING BRUGGHÚS
ICELANDAIR
ALMENN SALA HEFST 31. MAÍ Á HARPA.IS/SISSEL
NÁNAR UM FORSÖLUNA OG SKRÁNING Í HANA: SENALIVE.IS/SISSEL
sena LIVE!

FRÉTTABLAÐIÐ

SKOÐUN

# Misskilningur



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Heimildarmyndagerð hefur vaxið mjög fiskur um hrygg á síðustu árum. Skýringin kann að felast í auknu aðgengi í gegnum efnisveitur en líka í veikri stöðu fjölmiðla þar sem fjármagn til rannsóknarblaðamennsku er af skornum skammti. En hvað sem því líður þá hefur samfélagslegt mikilvægi heimildarmynda aukist til muna og því mikilvægt að skilja miðilinn.

Undir yfirborðinu, heimildarmynd um laxeldi í sjókvíum og möguleg neikvæð áhrif þess iðnaðar, eftir Þorstein Joð Vilhjálmsson var nýverið sýnd á RÚV. Í myndinni kemur fram margt sem samfélagið þarf að ræða undir handleiðslu sérfræðinga sem hafa engra hagsmuna að gæta. Það reyndar stóð ekki á viðbrögðum hagsmunaaðila en Einar K. Guðfinnsson, formaður Landssambands fiskeldisstöðva, sagði að Undir yfirborðinu væri ekki heimildarmynd í þeim skilningi orðsins. Fleiri hagsmunaaðilar tóku í sama streng en minna fór fyrir málefnalegri umræðu um mögulega skaðsemi af starfseminni.

Þessi gagnrýni er annaðhvort sett fram til þess að afvegaleiða umræðuna eða að viðkomandi eru að misskilja eðli heimildarmynda. Í Undir yfirborðinu er ekki dregin dul á að þar er fjallað um mögulega skaðsemi af laxeldi í sjókvíum. Það er mál sem er verið að krefja samfélagið um að ræða með faglegum hætti. Sem dæmi um slíkar heimildarmyndir eru Bowling for Columbine, eftir Michael Moore og Super Size Me, eftir Morgan Spurlock. Myndir sem fá mann til þess að hugsa, kynna sér jafnvel málið enn frekar og taka sjálfstæðar ákvarðanir.

**Um þetta er myndin og þetta er það sem við sem samfélag þurfum að ræða og það án þess að þeirri umræðu sé stýrt af þeim sem hafa fjárhagslegra eða jafnvel tilfinningalegra hagsmuna að gæta. Hvort sem það eru norskir auðmenn, fulltrúar þeirra, veiðiréttthafar eða breskir laxveiðimenn.**

Í Undir yfirborðinu er með sambærilegum hætti verið að hvetja samfélagið til þess að fara í þá umræðu hvort laxeldi í opnum sjókvíum sé áhættunnar virði fyrir byggðarlögin, náttúruna, villta laxastofna og komandi kynslóðir. Myndin er ekki einhvers konar fréttaskýringarþáttur um kosti og galla þessarar starfsemi heldur dregur fram mögulegar afleiðingar fyrir náttúruna og samfélagið. Mögulega útrýmingu villtra íslenskra laxastofna, mengun í fjörðum, skaðleg áhrif á lífríkið, takmarkaðan ávinning dreifðra byggða og fleira mætti til taka. Um þetta er myndin og þetta er það sem við sem samfélag þurfum að ræða og það án þess að þeirri umræðu sé stýrt af þeim sem hafa fjárhagslegra eða jafnvel tilfinningalegra hagsmuna að gæta. Hvort sem það eru norskir auðmenn, fulltrúar þeirra, veiðirétthafar eða breskir laxveiðimenn.

Þegar horft er á mynd á borð við Undir yfirborðinu er einmitt allt að því áþreifanlegt að þar er stundum verið að tala við hagsmunaaðila til beggja átta. Það er eðlilegt að allir fái að láta rödd sína heyrast og reynt sé að draga upp skýra heildarmynd af málinu. En það sem hlýtur að vega þyngst í myndinni eru þær raddir sem hafa engra hagsmuna að gæta en búa hins vegar yfir mestri þekkingu. Undir yfirborðinu er þannig mynd sem krefur okkur um að hugsa og leggja okkur eftir öllum staðreyndum málsins og er því svo sannarlega heimildarmynd. En hvort öllum hagsmunaaðilum líkar það sem þar kemur fram er annað mál.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Formaðurinn dragbítur**

**Það er stundum sagt að vika sé langur tími í pólitík. Sjö mánuðir eru þá væntanlega á við heila eilífð. Þetta ætti Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, að vita öðrum mönnum betur. Í aðdraganda alþingiskosninganna sem fóru fram í lok október 2017 voru fréttir af viðskiptum Bjarna fyrir hrun og fréttir af tengslum föður hans við dæmdan kynferðisbrotamann mjög fyrirferðarmiklar. Reyndar var komin upp umræða á meðal manna um að formaðurinn sjálfur væri orðinn dragbítur á velgengni eigin flokks.**

**Leikur á als oddi**

**Nú sjö mánuðum síðar er allt önnur staða uppi á borðinu. Nú veitir Bjarni flokksfélögum sínum liðsinni í kosningabaráttunni fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Sem dæmi má nefna að í síðustu viku kom Bjarni fram á blaðamannafundi með Eyþóri Arnalds, oddvita Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, þar sem áherslumál Sjálfstæðisflokksins um samgöngur í Reykjavík og lægri álögur á borgarbúa voru kynntar. Nú um hvítasunnuhelgina var hann svo viðstaddur fjölskyldugrill Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði. Og ekki er annað að heyra en að minnsta kosti flokksfélagar Bjarna séu ánægðir með framgöngu formannsins í aðdraganda kosninganna.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Pólitík er forgangsröðun!



Áslaug Hulda Jónsdóttir
formaður bæjarráðs Garðabæjar og skipar 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ

Garðabær er fjölskylduvænt og samheldið samfélag þar sem gott er að búa. Það er engin tilviljun að um 90% bæjarbúa eru ánægð með þjónustu í leik- og grunnskólum bæjarins. Slíkur árangur og ánægja íbúa verður til af því að við forgangsröðum og leggjum m.a. áherslu á góða skóla og öflugt íþrótta- og tómstundastarf.

**Í Garðabæ höfum við unnið að því að íbúar hafi val um fjölbreytta og ólíka valkosti er varða þjónustu sveitarfélagsins.**

**Val og vilji bæjarbúa**

Í Garðabæ höfum við unnið að því að íbúar hafi val um fjölbreytta og ólíka valkosti er varða þjónustu sveitarfélagsins. Við hlustum á hvað íbúar vilja, tökum þjónustukannanir alvarlega og fylgjum því eftir hvað íbúar vilja að gert sé. Garðabær er fyrsta sveitarfélagið sem setur sér stefnu í íbúalýðræði og á þessu kjörtímabili hafa verið haldnir 39 opnir íbúa-, samráðs- og kynningarfundir eða fundur á sex vikna fresti að meðaltali.

**Uppbygging og sterk fjárhagsstaða**

Loforð og samráð eru til lítils ef fjárhagsstaðan er ekki í lagi. Góð þjónusta og uppbygging byggist á grunni sterkrar fjárhagsstöðu. Góð afkoma bæjarsjóðs og lækkandi skuldir gera okkur kleift að lækka álögur enn frekar. Í Garðabæ er uppbygging mikil, verið er að reisa búsetukjarna fyrir eldri borgara og fatlaða einstaklinga ásamt því að búið er að skipuleggja hverfi fyrir ungt fólk. Garðabær er eftirsóttur, ekki aðeins vegna góðrar þjónustu heldur einnig vegna einstakrar náttúru og við höfum nú þegar friðlýst 40 prósent af bæjarlandinu.

**Lífsgæði**

Sveitarfélögin bera ábyrgð á mörgum af mikilvægustu hagsmunamálum landsmanna og hafa því veruleg áhrif á lífsgæði okkar allra. Í Garðabæ höfum við lagt góðan og sterkan grunn þannig að hér geti áfram vaxið öflugt, metnaðarfullt og samheldið samfélag. Samfélag þar sem allir fá að njóta sín. Stjórnmál snúast um forgangsröðun og traust. Það að vera samkvæmur sjálfum sér og standa við gefin fyrirheit. Það höfum við gert – og ætlum gera áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Álögur lækki í Reykjavík



**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
varaformaður Sjálfstæðisflokksins

Sjálfstæðisflokkurinn hefur fyrir þessar borgarstjórnarkosningar kynnt skynsamlega og metnaðarfulla stefnu í mörgum málum sem auka mun lífsgæði borgaranna og bæta daglegt líf, til að mynda í dagvistunar- og leikskólamálum. Fleiri valkostir, fjölbreyttari þjónusta. Ekki er vanþörf á því að nýleg þjónustukönnun í stærstu sveitarfélögum landsins sýnir að hvergi eru íbúarnir óánægðari með þjónustu leikskóla og grunnskóla en í Reykjavík, sjálfri höfuðborg landsins.

**Það má ekki alltaf vera fyrsta svar hins opinbera að seilast dýpra og dýpra ofan í vasa heimilanna í landinu.**

Borgin hefur brugðist á fleiri sviðum. Hún fær falleinkunn á fimm af níu mælikvörðum fjármála í nýrri skýrslu Samtaka atvinnulífsins. Og hún er Íslandsmeistari í skattbyrði í flokki stærstu sveitarfélaga landsins, því að ekkert þeirra tekur til sín hærra hlutfall af tekjum íbúanna en Reykjavík gerir.

Þetta er afleitt og þessu ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að breyta. Það má ekki alltaf vera fyrsta svar hins opinbera að seilast dýpra og dýpra ofan í vasa heimilanna í landinu, oft til að fjármagna óskilvirkt og þunglamalegt bákn. Stjórnvöld verða að líta í eigin barm, hagræða og forgangsraða.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur því boðað að hann ætli að lækka útsvar borgarbúa í þrepum á hverju ári þar til það verður komið undir 14 prósent. Þetta eru góð og skynsamleg áform sem auka munu ráðstöfunartekjur einstaklinga og fjölskyldna í Reykjavík. Það er kominn tími til að breyta í borginni.

# Skyldan til þess að bjarga lífi – Opið bréf til ríkissaksóknara



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

*Hæstvirtur ríkissaksóknari, Sigríður Friðjónsdóttir.*

Starfshópur sem heilbrigðismálaráðherra skipaði árið 2016 til þess að setja saman tillögur um nýtingu erfðaupplýsinga til forvarna skilaði af sér á mánudaginn. Í tillögum starfshópsins kemur fram að hann geri sér grein fyrir því að þeir sem beri íslensku stökkbreytinguna í BRCA2 séu í lífshættu. Starfshópurinn tjáir síðan þá skoðun sína að það bryti í bága við lög að vara arfberana við hættunni sem væri fyrsta skrefið til þess að koma þeim til hjálpar. Það er sjálfsagt að bera í bakkafullan lækinn að benda þér á 221. gr almennra hegningarlaga sem er svona:

„Láti maður farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem er staddur í lífsháska, þótt hann gæti gert það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í háska, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru."

Starfshópurinn hefur ekkert gert til þess að bjarga arfberunum úr lífshættunni þótt það séu til aðferðir sem duga í flestum tilfellum og reynir að sannfæra aðra um að það væri brot á lögum ef þeir gerðu það. Þetta er klárlega margfalt brot á 221. greininni vegna þess að fjöldi manns er nú staddur í lífsháska vegna stökkbreytingarinnar.

Með þessu bréfi fer ég formlega fram á að þú skoðir þann möguleika að starfshópurinn hafi gerst sekur um refsivert athæfi.

*Með þökk,*
*Kári Stefánsson*

# Borgarlína, nei takk?



**Kristín Soffía Jónsdóttir**
borgarfulltrúi Samfylkingar

Meirihluti Reykvíkinga ferðast einn um í bíl. Annar stærsti kostnaðarliður heimilanna er samgöngur. Samkvæmt FÍB kostar rekstur lítils fólksbíls yfir milljón á ári og mörg heimili reka fleiri en einn.

Beinn kostnaður borgarinnar af rekstri og viðhaldi gatnakerfisins er um 3,2 milljarðar á ári. Tekjur borgarinnar af bílum eru engar umfram bílastæðagjöld.

Borgin er skipulögð í kringum bíla og hlutfall samgöngumannvirkja af landnotkun er 48%. Þrátt fyrir að bíllinn sé í forgangi og að stofnbrautir kljúfi borgina og hverfi borgarinnar og þrátt fyrir að mislæg gatnamót greiði fyrir umferð inni í borginni þá hægist á umferð á háannatíma.

Það hægist á umferð þar sem stór hluti fólks ferðast sömu leiðir til og frá vinnu á sama tíma, hver og einn í sínum bíl. Til þess að bílarnir komist leiðar sinnar höfum við 4-8 akreina hraðbrautir sem liggja milli úthverfa Reykjavíkur, nágrannasveitarfélaga og borgarinnar þar sem stór hluti stundar nám eða vinnu.

Ferðatími fólks í borginni hefur lengst um 1-2 mínútur í hverri ferð á seinustu árum. Umferðin hefur þyngst og fólk er 1-2 mínútum lengur í bílnum í hverri ferð. Aðspurður vill meirihluti Reykvíkinga setja borgarlínu, strætó og hjólreiðar í forgang þegar spurt er út í umbætur á samgöngukerfi borgarinnar. Þriðjungur nefnir stofnvegakerfið.

Stofnkostnaður við borgarlínu felst í að leggja og reka forgangsakreinar og gera skýlin rúmgóð, hlý og þægileg og aðgengileg öllum. Þessar forgangsreinar, ef notaðar undir almenna umferð, myndu kosta jafnmikið en hafa mjög takmörkuð áhrif á umferðarflæði og ferðatíma.

Rekstrarkostnaður borgarlínu mun vera vegna rekstrar rafmagnsvagna sem keyra á 5-10 mínútna tíðni óhindrað eftir helstu samgönguleiðum borgarinnar. Farþegar borgarlínu munu taka þátt í þeim rekstrarkostnaði með farþegagjöldum.

Kostnaður við einkabílinn leggst þyngst á heimilin, sem greiða fleiri milljónir á ári fyrir rekstur einkabíla og finnst þau ekki hafa val um annað. Kostnaður borgarinnar við rekstur vegakerfisins er um 3,2 milljarðar á ári og við það leggst svo rekstur stofnbrauta sem er hjá ríkinu. Samfélagslegur kostnaður vegna umferðarslysa er gríðarlegur og áætlað er að rekja megi 80 dauðsföll á ári til svifryksmengunar.

Með því að segja já við borgarlínu og horfa til framtíðar þá munum við sjá styttri ferðatíma, minni samgöngukostnað fyrir heimilin, hagkvæmari rekstur samgöngukerfis borgarinnar, minni mengun og meira frelsi fólks til að ferðast um höfuðborgina.

Því segi ég Borgarlína, já takk!



RAFBÍLAR ERU UMHVERFISVÆNIR, HAGKVÆMIR Í REKSTRI OG SKEMMTILEGIR Í AKSTRI

# LANDSINS MES AF RAFBÍLUM










## Hagkvæmni og umhverfisvitund

Tengitvinnbílar eru mjög sparneytnir í daglegri notkun í þéttbýli þegar þess er gætt að hlaða rafhlöðuna daglega. Uppgefnar tölur fyrir blandaðan akstur eru á bilinu 2-3,5 l/100 km. 100% rafbílar sem keyrðir eru 15.000 km á ári nota raforku fyrir u.þ.b. 2.900 kr. á mánuði. Það er því hverju orði sannara að raf- og tengitvinnbílar eru bæði hagkvæmir í akstri og umhverfisvænir.

## Eru tveir bílar á þínu heimili?

Fjölskyldur sem reka tvo bíla ættu að skoða möguleikann á að skipta öðrum út fyrir rafbíl. Við kaup á rafbíl frá BL getur þú greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl og fengið milligjöfina að láni að hluta eða öllu leyti. Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum BL um möguleikana sem standa til boða.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# STA ÚRVAL

## RAFBÍLASUMARIÐ BYRJAR HJÁ BL NÚNA!

BL hefur verið leiðandi í sölu og þjónustu við rafbíla frá upphafi rafbílavæðingar. Hjá BL er að finna eitt landsins mesta úrval rafbíla og tengitvinnbíla frá ýmsum framleiðendum.

Komdu heimsókn og við segjum þér frá öllu sem þú þarft að huga að við kaup á rafbíl eða tengitvinnbíl.
















ENNEMM / SÍA / NM88074

### Sértilboð og aukahlutapakkar

Við bjóðum veglega aukahlutapakka með völdum gerðum af BMW tengitvinnbílum auk þess sem við bjóðum heimahleðslustöðvar með völdum gerðum af rafbílum. Komið í reynsluakstur og fáið upplýsingar hjá sölumönnum

## KOMDU OG FINNDU HVAÐ ÞAÐ ER GAMAN AÐ KEYRA RAFBÍL

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L







**Sóknarmaðurinn Kjartan Henry Finnbogason fagnar jöfnunarmarki sínu fyrir Horsens gegn Bröndby á föstudaginn. Þetta mark átti eftir að draga dilk á eftir sér, en Horsens stal mikilvægum stigum af Bröndby.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Afar viðburðarík vika hjá Kjartani Henry

**Kjartan Henry Finnbogason og félagar hans hjá Horsens reyndust örlagavaldar í titilbaráttu dönsku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu. Kjartan Henry hefur orðið fyrir miklu áreiti, bæði jákvæðu og neikvæðu, undanfarna daga vegna þess.**

**FÓTBOLTI** Síðustu dagar hafa verið mikil rússíbanareið hjá Kjartani Henry Finnbogasyni, framherja danska úrvalsdeildarliðsins Horsens. Kjartan Henry spilaði sinn síðasta heimaleik fyrir lið sitt á föstudagskvöldið þar sem hann skoraði tvö mörk á lokamínútum leiksins og gerði Bröndby skráveifu í titilbaráttu liðsins.

Um það bil 6.000 stuðningsmenn Bröndby gerðu sér ferð á heimavöll Horsens sem tekur um það bil 10.000 manns og það ætlaði allt um koll að keyra þegar dómari leiksins flautaði leikinn af. Stuðningsmenn Bröndby létu ófriðlega og kalla þurfti til sjúkrabíla til þess að koma slösuðu fólki til hjálpar vegna óláta stuðningsmannanna.

„Þetta var ofboðslega skrýtinn leikur fyrir mig og það var allur tilfinningaskalinn þetta föstudagskvöldið. Fyrst og fremst var ég ánægður með að skora og aðstoða liðið mitt við að ná í stig. Okkur var svo kippt niður á jörðina strax eftir leik og það var svakalegt að sjá þessa slæmu hegðun stuðningsmanna Bröndby," segir Kjartan Henry um atburðarásina.

Horsens heimsótti svo Midtjylland í lokaumferð deildarinnar á mánudagskvöldið, en sigur Midtjylland í þeim leik þýddi að liðið varð danskur meistari á kostnað Bröndby sem hafði verið í lykilstöðu í toppbaráttunni framan af móti. Eftir þann leik hefur tvenns konar áreiti herjað á Kjartan Henry og fjölskyldu hans.

„Stuðningsmenn Bröndby hata mig og hafa sent mér afar ósmekkleg skilaboð. Þeir kenna okkur um hvernig fór og telja að mörkin mín hafi hrifsað frá þeim titilinn. Þetta er orðið vel þreytt og það verður gott að koma heim í frí frá þessu. Stuðningsmenn FC København eru hins vegar hæstánægðir með mig og ég var rétt í þessu að taka við körfu með kexi, ostum og rauðvíni sem verður fínt að dreypa á í fríinu," segir Kjartan Henry sposkur.

> **Stuðningsmenn Bröndby hata mig og hafa sent mér afar ósmekkleg skilaboð. Þeir kenna okkur um hvernig fór og telja að mörkin mín hafi hrifsað frá þeim titilinn.**
>
> Kjartan Henry Finnbogason

Tilkynnt hefur verið að Kjartan Henry hafi leikið sinn síðasta leik fyrir Horsens, í bili í það minnsta. Kjartan Henry segist búast við því að spila áfram í Danmörku og hann myndi helst vilja spila og búa áfram á Jótlandi. Þar líði honum og fjölskyldunni afar vel og hann hafi sýnt það og sannað undanfarnar tvær leiktíðir að hann geti staðið sig í efstu deild í Danmörku.

hjorvaro@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. maí 2018 — 20. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Bankaskatturinn bitnar á fyrstu kaupendum

**Á meðan þeim sem geta reitt fram mikið eigið fé til íbúðakaupa standa til boða hagstæð kjör lífeyrissjóða, sem þurfa ekki að greiða bankaskattinn, þurfa fyrstu kaupendur í reynd að bera skattinn, að mati SFF. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar segir skattinn minnka áhuga fjárfesta á bönkunum. Fyrirséð er að þeir fari fram á afslátt. Arion banki verðlagður miðað við að skatturinn haldist óbreyttur.** »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»2

## Lífeyrissjóðir vilja selja 13% í HS Orku

Fagfjárfestasjóðurinn ORK hefur sett hlut sinn í orkufyrirtækinu í söluferli. Væntingar um að sjö til átta milljarðar geti fengist fyrir hlutinn. Kvika ráðgjafi sjóðsins.

»4

## FME knýi á um bætta eiginfjárstöðu

Datacell og Sunshine Press gætu krafið ríkið um bætur verði vanhöld á eftirliti FME með fjárhagsstöðu Valitors. Lögmaður fyrirtækjanna vill að FME knýi á um bætta eiginfjárstöðu kortafélagsins.

»10

## Krókaleið að fjármögnun innviða

„Vel má vera að betra væri að íslenskir lífeyrissjóðir fjárfestu í innviðum annarra landa, líkt og Kanadamenn gera til að ná betri áhættudreifingu, og opna frekar á aðkomu erlendra stofnanafjárfesta inn í verkefni hér á landi," segir Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku, í aðsendri grein.




# Bættu við sig fimm prósenta hlut í Stoðum

Stærsti hluthafi Stoða, fjárfestahópur sem samanstendur meðal annars af Jóni Sigurðssyni, Einari Erni Ólafssyni og Magnúsi Ármann, keypti 4,6 prósenta hlut í fjárfestingarfélaginu af erlendum fjármálastofnunum á seinni hluta síðasta árs. Hópurinn átti tæplega 55 prósenta hlut í Stoðum í lok ársins.

Fjárfestahópurinn keypti umræddan eignarhlut í gegnum félagið S121 af fjármálastofnunum Tavira Securitas og Lux CSD.

Eins og upplýst var í Markaðinum í síðustu viku munu Stoðir á næstu vikum gera öllum minni hluthöfum, meðal annars ýmsum íslenskum lífeyrissjóðum og erlendum fjármálastofnunum, tilboð um að kaupa bréf þeirra í félaginu.

Eigið fé fjárfestingarfélagsins er um átján milljarðar króna en félagið fékk í lok síðasta mánaðar greiddar um 144 milljónir evra fyrir tæplega 8,9 prósenta hlut sinn í evrópska drykkjaframleiðandanum Refresco.

Eins og kunnugt er eignaðist fjárfestahópurinn, sem samanstendur af einkafjárfestum auk tryggingafélagsins TM, ríflega helmingshlut í Stoðum á fyrri hluta síðasta árs. Næststærsti hluthafi Stoða er Arion banki með 16,4 prósenta hlut og þá fer Landsbankinn með 13,4 prósenta hlut. Ólíklegt þykir að bankarnir muni losa um bréf sín í félaginu á næstunni, samkvæmt heimildum Markaðarins.



**Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Stoða**

**55%**
**var hlutur félaganna S121 og S122 í Stoðum í lok árs 2017.**

Hagnaður Stoða nam 5,4 milljörðum króna á síðasta ári, samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins, en til samanburðar var afkoman neikvæð um 4,8 milljarða árið áður. Félagið lauk nauðasamningum árið 2009 og hefur frá þeim tíma unnið að því að umbreyta eignum í reiðufé og greiða út til hluthafa. Líkt og Markaðurinn hefur greint frá hefur hins vegar verið ákveðið að breyta tilgangi félagsins og halda starfsemi þess áfram sem fjárfestingarfélagi. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5800
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is









Hagnaður HS Orku fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) var 2,2 milljarðar í fyrra og jókst um 200 milljónir, einkum vegna aukinnar raforkuframleiðslu og hækkandi álverðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Lífeyrissjóðir vilja selja 13 prósent í HS Orku

**Fagfjárfestasjóðurinn ORK hefur sett hlut sinn í orkufyrirtækinu í söluferli. Væntingar um að 7 til 8 milljarðar fáist fyrir hlutinn. Kvika ráðgjafi við söluna. Lífeyrissjóðir eiga fyrir rúmlega þriðjungshlut í HS Orku í gegnum Jarðvarma.**

Fagfjárfestasjóðurinn ORK, sem er að mestu leyti í eigu íslenskra lífeyrissjóða, áformar að selja 12,7 prósenta hlut sinn í HS Orku. Formlegt söluferli hófst í síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins, en væntingar eru um að á bilinu sjö til átta milljarðar króna geti fengist fyrir eignarhlutinn í orkufyrirtækinu. Miðað við það verðmat er markaðsvirði fyrirtækisins um 55 til 63 milljarðar. Það er fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka sem hefur umsjón með söluferlinu.

Talsverður áhugi er sagður vera á hlutnum í HS Orku, bæði á meðal erlendra og innlendra fjárfesta, en gert er ráð fyrir að óskuldbindandi tilboð muni berast í næsta mánuði. Gangi áætlanir eftir gæti salan klárast í lok sumars.

Tæplega þrettán prósenta hlutur-inn komst í eigu fagfjárfestasjóðsins í júlí í fyrra þegar samkomulag náðist við Magma Energy, dótturfélag kanadíska orkufélagsins Alterra, um uppgjör á skuldabréfi sem Magma hafði gefið út við kaup á hlut sínum í HS Orku árið 2009. Í stað þess að greiða útistandandi höfuðstól skuldabréfsins skömmu fyrir gjalddaga var um það samið að ORK, sem hafði keypt bréfið af Reykjanesbæ í ágúst 2012 fyrir 6,3 milljarða, myndi ganga að veði þess og yfirtaka þannig 12,7 prósenta hlut í HS Orku af Magma.

**30%**
**hlutur í Bláa lóninu er á meðal verðmætustu eigna HS Orku.**

Við það minnkaði hlutur Magma úr 66,6 prósentum í 53,9 prósent, en fyrir eiga fjórtán lífeyrissjóðir einnig 33,4 prósenta hlut í HS Orku í gegnum samlagshlutafélagið Jarðvarmi. Magma Energy er í dag í eigu kanadíska orkufyrirtækisins Innergex en það gekk í byrjun ársins frá kaupum á öllu hlutafé Alterra.

Samkvæmt samþykktum HS Orku hafa hluthafar, að félaginu sjálfu frágengnu, forkaupsrétt að hlutum í fyrirtækinu við eigendaskipti í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Samhliða samkomulaginu við ORK í fyrra féll Magma Energy frá forkaupsrétti sínum og þá ákvað stjórn Jarðvarma einnig að nýta sér ekki forkaupsréttinn og bæta þannig við sig 12,7 prósenta hlut.

**Á 30 prósent í Bláa lóninu**

HS Orka, sem á og rekur orkuver í Svartsengi og á Reykjanesi, er eina orkufyrirtæki landsins sem er í eigu einkafjárfesta. Hagnaður félagsins í fyrra nam 4.588 milljónum króna og jókst um liðlega 1.500 milljónir á milli ára. Þá jukust rekstrartekjur HS Orku um 430 milljónir og voru rúmlega 7.530 milljónir á árinu 2017. Stjórn félagsins lagði til að greiddur yrði arður að fjárhæð 440 milljónir króna til hluthafa á þessu ári. Heildareignir HS Orku námu 48,4 milljörðum í árslok 2017 og eigið fé félagsins var um 35,5 milljarðar.

Á meðal eigna HS Orku er 30 prósenta hlutur í Bláa lóninu. Var eignarhlutur fyrirtækisins settur í söluferli um miðjan maí á síðasta ári og var það sjóður í stýringu Blackstone, eins stærsta fjárfestingarsjóðs heims, sem átti hæsta tilboðið, eða um 11 milljarða króna. Ekkert varð hins vegar af sölunni eftir að stjórn Jarðvarma ákvað að beita neitunarvaldi sínu, á grundvelli hluthafasamkomulags um minnihlutavernd, og hafna tilboðinu. Miklar óánægju gætti hjá stjórnendum Alterra, þáverandi eigendum Magma Energy, með ákvörðun lífeyrissjóðanna að hafna tilboði Blackstone, enda hafi það verið nokkuð yfir væntingum stjórnar HS Orku þegar ákveðið var að setja hlut félagsins í söluferli.

**hordur@frettabladid.is**

# Starfsmenn eignast Summu að fullu

Starfsmenn sjóðastýringarfyrirtækisins Summu rekstrarfélags hafa keypt fjórðungshlut Íslandsbanka í fyrirtækinu og eignast þannig allt hlutafé þess. Starfsmennirnir fjórir, Sigurgeir Tryggvason framkvæmdastjóri, Haraldur Óskar Haraldsson, Hrafnkell Kárason og Ómar Örn Tryggvason, eiga Summu í gegnum eignarhaldsfélagið Megind.

Summa var áður dótturfélag Íslandsbanka en bankinn hefur selt sig úr félaginu í nokkrum skrefum á undanförnum árum. Sigurgeir staðfestir við Markaðinn að kaupin á fjórðungshlut Íslandsbanka hafi gengið í gegn í byrjun síðasta mánaðar.

„Eigendurnir, sem eru jafnframt allir starfsmenn Summu, hafa mikla trú á félaginu og framtíðarhorfum þess. Við starfsmenn og hluthafar erum nú einir ábyrgir fyrir því að nýta þá möguleika sem eru til staðar en teljum jafnframt að viss tækifæri felist í félagi sem er sjálfstætt og óháð á fjármálamarkaði,“ segir hann.



**Sigurgeir Tryggvason, framkvæmdastjóri Summu.**

Þá hafa þeir Birgir Örn Arnarson, yfirmaður hjá PayPal, og Tryggvi Björn Davíðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaða hjá Íslandsbanka, tekið sæti í stjórn sjóðastýringarfyrirtækisins en þar fyrir situr Þórunn Helga Þórðardóttir lögfræðingur.

Summa hagnaðist um 3,7 milljónir króna á síðasta ári borið saman við 243 milljóna hagnað árið 2016. Alls námu hreinar rekstrartekjur tæpum 143 milljónum í fyrra en rekstrargjöld voru 138 milljónir. Var fyrirtækið með um 25 milljarða króna í stýringu í lok síðasta árs.

Summa rekur meðal annars innviðasjóð sem er í eigu íslenskra lífeyrissjóða en forsvarsmenn fyrirtækisins telja aðkomu slíkra sjóða að brýnum innviðaverkefnum hér á landi, svo sem í vegakerfinu, ákjósanlega. **– hvj, kij**




**segir Halldór Þorkelsson**, framkvæmdastjóri Capacent sem hefur nýtt sér **Flotaleigu Lykils í 4 ár.**

Hjá Capacent á Íslandi starfa um 50 ráðgjafar með víðtæka reynslu á flestum sviðum atvinnulífsins. Þeir vinna að greiningu, mótun og innleiðingu margvíslegra lausna á sviði stjórnunar, ráðninga, rekstrar, fjármála og upplýsingatækni. Capacent nýtir sér Flotaleigu Lykils.

# FLOTALEIGA

## **Lágmarkaðu kostnað** við rekstur bílaflota fyrirtækisins

1. **Við finnum saman bíla** sem henta þínum rekstri.
2. **Lykill** sér um kaup og rekstur bílanna.
3. Þú leigir bílana og nýtur stærðarhagkvæmni Lykils.

Lykill býður fyrirtækjum hagkvæmari leið til að reka bíl en flotaleigan einfaldar allan rekstur og kemur í veg fyrir sveiflur í útgjöldum. Einungis þarf að huga að einni fastri mánaðarlegri greiðslu þar sem dekk, dekkjaskipti, þjónustuskoðanir, smurning, bifreiðagjöld, tryggingar og viðhald er innifalið. Þá losnar þú við alla áhættu og umstang sem fylgir því að selja bíl.

Þjónustuver Lykils minnir viðskiptavini á þegar fara skal með bílinn í þjónustuskoðanir, dekkja- og olíuskipti en allan þann kostnað greiðir Lykill.



Skoðaðu bíla allra bílainnflytjenda á Íslandi í stærsta sýningarsal landsins á **lykill.is/syningarsalurinn.**

Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700

Lykill fjármögnun

Pipar\TBWA \ SÍA

# Gætu krafið ríkið um skaðabætur

**Fyrirtækin Datacell og Sunshine Press Productions gætu krafið íslenska ríkið um skaðabætur verði vanhöld á eftirliti Fjármálaeftirlitsins með fjárhagsstöðu Valitors. Lögmaður fyrirtækjanna krefst þess að eftirlitið knýi á um bætta eiginfjárstöðu kortafyrirtækisins.**



Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Fyrirtækin Datacell og Sunshine Press Productions hafa höfðað skaðabótamál á hendur Valitor vegna ólögmætrar riftunar kortafyrirtækisins á greiðslugáttarsamningi fyrir Wikileaks. Deilt er um þær forsendur sem leggja á til grundvallar við mat á fjártjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verði vanhöld á því að Fjármálaeftirlitið sinni eftirliti sínu með eiginfjárstöðu Valitors gætu fyrirtækin Datacell og Sunshine Press Productions, sem hafa krafið kortafyrirtækið um milljarða króna í skaðabætur vegna ólögmætrar riftunar Valitors á greiðslugáttarsamningi fyrir Wikileaks, beint skaðabótakröfu að íslenska ríkinu.

Í bréfi sem Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður fyrirtækjanna tveggja, skrifaði Fjármálaeftirlitinu í gær og Markaðurinn hefur undir höndum eru leiddar að því líkur að aðgerðaleysi eftirlitsins í þessum efnum geti leitt til bótaábyrgðar ríkissjóðs.

Er þess farið á leit að eftirlitið beiti úrræðum sínum til þess að knýja á um bætta eiginfjárstöðu Valitors. Viðvörunarljós blikki þegar litið sé til stöðu kortafyrirtækisins. Afkomutölur fyrir síðasta ár og fyrstu þrjá mánuði ársins gefi til kynna að afkoma þessa árs verði að öllum líkindum „gríðarlega slæm“.

Tap Valitors hf., dótturfélags Valitors Holding sem er alfarið í eigu Arion banka, nam ríflega 422 milljónum króna fyrir skatta á fyrsta fjórðungi ársins en til samanburðar tapaði félagið um 66 milljónum á sama tímabili í fyrra.

Sem kunnugt er hafa Datacell og Sunshine Press Productions höfðað skaðabótamál á hendur kortafyrirtækinu vegna þeirrar ákvörðunar fyrirtækisins að loka greiðslugáttinni einhliða og án fyrirvara árið 2011. Fyrirtækin tvö önnuðust rekstur gáttarinnar fyrir Wikileaks. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu á árinu 2013 að Valitor hefði brostið heimild til þess að loka umræddri gátt.

Deila fyrirtækjanna og Valitors hefur einkum snúist um þær forsendur sem leggja eigi til grundvallar við mat á fjártjóni og þar með fjárhæð skaðabóta.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hafnaði í síðasta mánuði kröfu fyrirtækjanna um að kyrrsettar yrðu eignir Valitors fyrir ríflega 6,4 milljarða króna á þeirri forsendu að staða kortafyrirtækisins hefði ekki versnað og að lækkun eigin fjár þess væri til þess að gera lítil. Ákvörðun sýslumannsins hefur verið kærð til héraðsdóms.

**422**
**milljóna króna tap varð á rekstri Valitors hf. fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi.**

Í bréfi lögmannsins, sem var einnig sent til Arion banka, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, ríkislögmanns og Kauphallarinnar, er sagt mikilvægt að Fjármálaeftirlitið skoði með nákvæmum hætti – með hliðsjón af núverandi stöðu Valitors – hvað áætla megi að afkoma félagsins verði í lok þessa árs og auk þess hver geta félagsins sé til þess að greiða Datacell og Sunshine Press skaðabætur, komi til þess.

### Útlánin lækkuðu

Bent er á að samkvæmt ársreikningi kortafyrirtækisins fyrir síðasta ár hafi útlánaáhætta fyrirtækisins verið minni þá en árið 2016 þar sem útlán hafi lækkað á milli ára úr 3,7 milljörðum króna í 2,7 milljarða. Það skýri hvers vegna eiginfjárhlutfall Valitors hafi ekki lækkað á milli ára þrátt fyrir lægri eiginfjárstofn vegna eignafærsla á kostnaði og umtalsverðan taprekstur á árinu, en afkoma félagsins var neikvæð um 446 milljónir á síðasta ári.

Í bréfinu er minni útlánaáhætta á milli ára ekki sögð jákvæð þar sem greinilega sé um að ræða lækkun á VISA-raðgreiðslum sem séu arðbær lán og góð viðskipti. „Hér virðist Valitor hafa misst stóra markaðshlutdeild í neyslulánum til einhverra annarra,“ segir í bréfinu.

Í bréfinu er þess vakin athygli Fjármálaeftirlitsins á því að á sama tíma og bókfærð eiginfjárstaða Valitors hafi lækkað hafi hlutfall óefnislegra eigna sem hluti af eigin fé hækkað. Þannig hafi óefnislegar eignir numið um 168 milljónum árið 2012 en séu nú um 1.548 milljónir eða 21 prósent af heildareiginfé.

Telur lögmaðurinn Valitor hafa gengið allt of langt í að eignfæra óefnislegar eignir. Í því samhengi minnir hann á að stór hluti þess þróunarkostnaður sem hefur verið eignfærður sé vegna viðskipta félagsins við hið bandaríska Stripe. Viðskiptum félagsins verði hins vegar hætt á þessu ári – en saman unnu félögin að því að innleiða greiðsluleiðina ApplePay í Bretlandi – og þar með verði ekki hægt að tengja þann þróunarkostnað við framtíðarávinning, eins og áskilið er í alþjóðlegum reikningsstöðlum.

„Það er því ljóst að sú skylda hvílir á Valitor að færa aftur til gjalda stóran hluta þess þróunarkostnaðar sem áður hefur verið eignfærður. Mun með þessari óhjákvæmilegu leiðréttingu verða um stórfellda lækkun eigin fjár að ræða og verri afkomu að sama skapi,“ segir í bréfinu.

### Blikur á lofti hjá móðurfélaginu

Í bréfinu er bent á að staða móðurfélagsins, Valitors Holding, sé vissulega sterkari en dótturfélagsins. Miklar blikur séu hins vegar á lofti í rekstri þess félags. Þannig er tekið fram að dótturfélagið AltaPay í Danmörku hafi tapað 77 milljónum króna árið 2016, eigið fé annars dótturfélags, Markadis, hafi verið neikvætt um hálfan milljarð í lok árs 2016 og þá hafi dótturfélagið Valitor Payment Services tapað níu milljónum 2016.

Er það mat lögmannsins að mörg viðvörunarljós fari að blikka þegar litið sé til stöðu Valitors. Ljóst sé að kortafyrirtækið muni ekki á eigin spýtur geta greitt skaðabótakröfu Datacell og Sunshine Production án nýs utanaðkomandi fjármagns. „Það yrði ógjaldfært,“ segir í bréfi lögmannsins.




# Fasteignaskattar jukust um 6,1 milljarð

Ætla má að árlegar tekjur sveitarfélaga af fasteignaskatti hafi aukist um 6,1 milljarð króna á milli áranna 2013 og 2017. Aukninguna má nær alfarið rekja til hækkunar fasteignaverðs um land allt. Frá árinu 2014 hefur álagður fasteignaskattur hækkað um 17 prósent á hvern íbúa á föstu verðlagi. Þetta kemur fram í skoðun Viðskiptaráðs um sveitarfélög.

Ísland var með hæstu fasteignagjöldin á Norðurlöndum í hlutfalli við landsframleiðslu árið 2016 eða 1,5 prósent af landsframleiðslu. Til samanburðar var hlutfallið 1,4 prósent í Danmörku, 0,8 prósent í Svíþjóð og Finnlandi og 0,4 prósent í Noregi, að því er fram kemur í skoðuninni. „Einnig var vægi þeirra af heildarskattheimtu meira en gerist á öðrum Norðurlöndum. Að þessu leyti stendur Ísland því verr að vígi í alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki heldur en hin Norðurlöndin,“ segir í skoðun Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð segir að sterk rök hnígi að því að skilvirkara væri að afnema fasteignaskatta og láta gjaldtöku af lóðum koma í stað þeirra. Skattlagning lóða sé hagkvæmari leið til gjaldtöku og geti stuðlað að betri nýtingu landsvæðis en skattlagning bygginga og mannvirkja. „Þannig ýtir skattur á lóðir í stað bygginga undir þéttingu byggðar með því að gera útþenslu kostnaðarsamari en áður.“


Ísland var með hæstu fasteignagjöldin á Norðurlöndum árið 2016.

**Ísland stendur því verr að vígi í alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki en hin Norðurlöndin.**

Tekjur sveitarfélaga voru um 13 prósent af vergri landsframleiðslu í fyrra sem er hærra hlutfall en samanlagt framlag sjávarútvegs, stóriðju og veitna til landsframleiðslu. Tekjurnar samsvara 28 milljörðum króna á mánuði, samkvæmt skoðuninni. „Lækkun skatta og gjalda á íbúa er lítið uppi á pallborðinu þrátt fyrir að innheimta sveitarfélaganna hafi aldrei verið meiri,“ segir Viðskiptaráð. – hvj




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

# Skatturinn lækkar söluverð bankanna

**Bankaskattur bitnar fyrst og fremst á fyrstu kaupendum á fasteignamarkaði sem þurfa í reynd að bera skattinn, að mati SFF. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis segir skattinn minnka áhuga fjárfesta á að kaupa hlutabréf af ríkinu. Skatturinn hefur skilað ríkissjóði yfir 120 milljörðum króna. Arion banki verður verðlagður í boðuðu útboði miðað við að skatturinn haldist óbreyttur.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is






Stóru bankarnir þrír, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn, hafa greitt bankaskatt upp á 43 milljarða króna frá árinu 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á meðan þeim sem geta reitt fram mikið eigið fé til íbúðakaupa standa til boða hagstæð kjör lífeyrissjóða, sem þurfa ekki að greiða svonefndan bankaskatt, þurfa eignaminni og fyrstu kaupendur í reynd að bera skattinn. Að þessu leyti er „rangt gefið“ og lífeyrissjóðunum og þeim lántakendum sem geta lagt fram hærra hlutfall á móti lántöku með lægri veðhlutföllum veitt forskot á íbúðalánamarkaði á kostnað bankanna og viðskiptavina þeirra.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára en í áætluninni, sem liggur nú fyrir Alþingi, er ekki gert ráð fyrir að bankaskatturinn verði afnuminn, heldur að hann verði lækkaður í fjórum áföngum úr 0,376 prósentum af heildarskuldum banka í 0,145 prósent.

„Samkeppnisstaðan er erfið í ljósi þess að bankarnir eru að keppa á íbúðalánamarkaði við aðila sem þurfa hvorki að binda eigið fé né greiða bankaskatt,“ segir Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka.

Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að sérstök skattlagning, líkt og bankaskatturinn, muni hafa bein neikvæð áhrif á verðmæti eignarhluta ríkisins í bönkunum og minnka áhuga fjárfesta á að kaupa hlutabréf af ríkinu þegar til þess kemur. „Bankaskatturinn rýrir eign ríkisins sem er bundin í bankakerfinu og vinnur gegn því að hægt sé að tryggja dreift eignarhald með þátttöku erlendra banka og annarra fagfjárfesta,“ segir hann.

Samkvæmt útreikningum SFF munu þeir sérstöku skattar sem leggjast á hérlend fjármálafyrirtæki rýra heildarvirði bankakerfisins, sem íslenska ríkið fer að stærstum hluta með eignarhald á, um tæplega 150 milljarða króna verði af áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun bankaskattsins á árunum 2020 til 2023.

Viðmælendur Markaðarins telja ljóst að mögulegir kaupendur á hlutum ríkisins í bönkunum muni fara fram á afslátt á kaupverðinu vegna bankaskattsins. Erlendir fjárfestar muni ekki treysta því að fögur fyrirheit ríkisstjórnarinnar verði efnd í bráð. Fjármálaáætlunin lýsi stefnumiðum stjórnvalda en hinn pólitíski raunveruleiki sé annar. Þannig er í verðmötum sem erlendir greinendur hafa gert á Arion banka ekki gert ráð fyrir að skatturinn lækki, eftir því sem heimildir Markaðarins herma. Er talið að sá hlutur sem Kaupþing hyggst selja í boðuðu útboði bankans verði seldur að lágmarki á 0,1 lægra gengi miðað við eigið fé en annars vegna bankaskattsins.

**150**

**milljarðar yrði virðisrýrnun bankanna vegna sértækra skatta ef áform ríkisstjórnarinnar um lækkun bankaskatts ganga eftir.**

### Bitnar á ungu fólki

Í áðurnefndri umsögn SFF er bent á að hin þunga sókn lífeyrissjóða inn á íbúðalánamarkað hafi hafist af fullum þunga eftir að bankaskatturinn, sem leggst á skuldir fjármálafyrirtækja, var hækkaður úr 0,041 prósenti í 0,376 prósent árið 2013 til þess að standa straum af kostnaði við leiðréttingu verðtryggðra íbúðalána. Er í því sambandi bent á að nú sé svo komið að sjóðirnir séu álíka umsvifamiklir og allir bankarnir samanlagt þegar litið er til nýrra íbúðalána til heimila á mánaðargrunni. Samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands veittu íslenskir lífeyrissjóðir tæplega 139 milljarða í formi nýrra útlána til sjóðfélaga á síðasta ári en til samanburðar námu lánin aðeins um 8,8 milljörðum árið 2013.

Tekið er fram í umsögninni að lífeyrissjóðirnir greiði hvorki bankaskatt né tekjuskatt og geti því boðið hagstæðari kjör en bankarnir. Þau kjör standi ekki öllum til boða þar sem sjóðirnir láni út á lægri veðhlutföll en bankarnir. Afleiðingin sé sú að skattlagningin bitni á ungu fólki sem þurfi í raun að bera bankaskattinn.

Stefán segist aðspurður taka undir með SFF að skatturinn bitni á ungu fólki sem taki fremur íbúðalán hjá bönkum. Auk þess geri skattlagningin bönkum erfitt um vik í samkeppni við til dæmis lífeyrissjóði og erlenda banka.




### Skilað ríkissjóði 122 milljörðum

Bankaskatturinn, sem settur var á með lögum árið 2010 og kom fyrst til greiðslu á árinu 2011, hefur skilað ríkissjóði samanlagt ríflega 122 milljörðum króna en gert er ráð fyrir að tekjurnar af honum nemi 9,2 milljörðum í ár. Tekjur ríkisins af skattinum jukust verulega eftir að hann var hækkaður árið 2013 og undanþága slitabúa gömlu bankanna til þess að greiða skattinn var afnumin en alls greiddu slitabúin liðlega 79 milljarða í bankaskatt.

Vaxandi óþreyju er farið að gæta á meðal bankastjórnenda í garð stjórnvalda vegna skattsins. Skatturinn er sagður hafa verið kynntur sem tímabundið úrræði, fyrst til þess að endurheimta kostnað vegna hrunsins og síðar til þess að fjármagna áðurnefnda skuldaleiðréttingu, en engu að síður sé hann enn í gildi – óbreyttur.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, rifjar upp að skattlagningin hafi á sínum tíma verið réttlætt með því að ríkissjóður hafi orðið fyrir miklum búsifjum vegna bankahrunsins og efnahagssamdráttarins sem fylgdi í kjölfarið. Nýju bankarnir, sem voru stofnaðir árið 2008, hafi verið látnir bera kostnað vegna bankanna sem féllu í hruninu. Nú liggi hins vegar fyrir að gömlu bankarnir, eða öllu heldur kröfuhafar þeirra, hafi greitt verulegar fjárhæðir til ríkissjóðs sem stöðugleikaframlög og í skatta. Fyrir vikið hafi ríkissjóður endurheimt allan beinan kostnað vegna bankahrunsins. „Það hlýtur því að vera tilefni til þess að endurskoða þessa sérstöku skattlagningu þegar upphaflega röksemdin fyrir henni er brostin,“ segir Ásgeir og bætir við:

„Þegar rekstur bankanna fer í eðlilegt horf og eiginfjárstaðan endurspeglar venjulegan rekstur, en ekki eitthvert uppgjör eftir hrunið, hefur skatturinn mikil áhrif. Hann veldur því að vaxtamunur eykst og viðskiptavinir þurfa að greiða hærri vexti. Það eru raunar ekki bankarnir sem greiða skattinn í reynd, heldur þeir sem taka lán hjá bönkunum, bæði fólk og fyrirtæki.“

Bankar sjá um fjármálalega milligöngu, að sögn Ásgeirs, og ef lagður er skattur á umrædda milligöngu kemur það fram í hærri vaxtamun. „Það eru því alltaf neytendur sem borga þennan skatt að lokum.“

Ásgeir minnir jafnframt á að opinber gjöld fjármálafyrirtækja séu hlutfallslega mun hærri hér á landi en í nágrannaríkjunum. Skattbyrðin rýri virði bankanna og valdi því að fjármálaþjónusta sé dýrari en annars. „Til viðbótar eiga bankarnir í samkeppni við aðila, til dæmis lífeyrissjóði og skuggabanka, sem bera ekki sömu skattheimtu. Þannig verður skattheimtan til þess að færa fjármálalega milligöngu til nýrra aðila sem lúta ekki sömu reglusetningu og bankar. Það mun draga okkur inn á nýjar og ókannaðar slóðir þar sem áhættan hefur breytt um ásýnd en hún er þó alls ekki horfin. Það er kannski ekki að öllu leyti heppilegt enda hafa hefðbundnir bankar ákveðna náttúrulega yfirburði í því að veita lán.“

Bankamaður sem Markaðurinn ræddi við nefnir að bönkunum hafi að sumu leyti gengið vel að takast á við samkeppnina við lífeyrissjóðina með því að bjóða betri þjónustu með stafrænum lausnum. Samkeppnin við erlenda banka sé hins vegar öllu erfiðari. Íslensku bankarnir geti ekki – bæði vegna banka-

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 23. MAÍ 2018



Daníel Alex Davíðsson var á fjórtánda ári þegar hann hóf að bera út Fréttablaðið. Fyrir launin kostar hann flugnám, safnar sér fyrir bíl, ferðast um heiminn og skemmtir sér. →4




MIKILL SPARNAÐUR
BETRA SKIPULAG
MEIRA PLÁSS
AUKINN HRAÐI
SÉRLAUSNIR

WELAND LAGERSYSTEM AB
Penninn



„Penninn hefur tekið í notkun tvo vöruturna fyrir lager og sá þriðji verður reistur innan skamms. Þetta kerfi felur tvímælalaust í sér mikla hagræðingu og ekki síður vinnusparnað," segir Guðbjartur Greipsson, vöruhússtjóri hjá Pennanum. MYND/ÓLAFUR ÞÓRISSON

# Bylting í lagermálum

Penninn hefur tekið í notkun vöruturna fyrir lager fyrirtækisins. Turnarnir eru lykillinn að því að spara gólfpláss og nota þess í stað hæðina fyrir lagerinn. Með þessu móti næst fram hagræðing og mikill vinnusparnaður. →2



Með því að nota vöruturn sparast 70-90 prósent af því gólfplássi sem áður fór undir lager. MYND/ANTON BRINK



Turninn er tölvustýrður. MYND/ÓLAFUR ÞÓRISSON



Á Krókhálsi fer fram dreifing á erlendum blöðum um allt land. MYND/ANTON BRINK

Framhald af forsíðu ➪

Penninn hefur tekið í notkun tvo vöruturna fyrir lager og sá þriðji verður reistur innan skamms. Hver turn er 10 metra hár, 5 metrar á breidd og 5 metrar á dýpt og tekur aðeins 45 fermetra gólfpláss. Þetta kerfi felur tvímælalaust í sér mikla hagræðingu og ekki síður vinnusparnað," segir Guðbjartur Greipsson, vöruhúsastjóri hjá Pennanum. Hann hefur unnið hjá fyrirtækinu í tólf ár og segir þessa turna algjöra byltingu í lagermálum.

„Forsagan er sú að við fluttum ritfangalager Pennans frá Fosshálsi í Reykjavík að Ásbrú í Reykjanesbæ í október árið 2006. Í framhaldi af því, vorið 2017, var ákveðið að reisa vöruturn fyrir lagerinn til að skapa rými í húsinu og fá þannig pláss fyrir húsgagnalager Pennans sem var í Kópavogi. Lykillinn að því að við gátum flutt húsgagnalagerinn að Ásbrú var sá að við tókum vöruturninn í notkun. Með því að nota vöruturn sparast 70-90% af því gólfplássi sem áður fór undir lager. Það er mikið pláss sem hægt er að nota undir eitthvað annað. Við minnkuðum fermetrafjöldann sem fór undir lager um 2.000 fermetra án þess að draga saman í vörunúmerum eða vöruúrvali," segir Guðbjartur.

## Hæðin nýtt undir lagerinn

Eftir að hafa skoðað hvernig vöruturnar væru á markaðnum var ákveðið að kaupa turna frá sænska fyrirtækinu Weland sem sérhæfir sig í slíkum lausnum. „Weland er með meira en 70 ára reynslu í lagerkerfum og leggur áherslu á að koma til móts við óskir viðskiptavina sinna. Öllum vörum er raðað í hillur og sjálfvirkur, tölvustýrður búnaður sér um að sækja vörur í hverja hillu fyrir sig. Það felur í sér mikla hagræðingu í rekstri að nýta hæðina undir lagerinn í staðinn fyrir gólfpláss," greinir Guðbjartur frá.

Hver turn er þannig útbúinn að hann er í raun lokuð geymsla en á honum eru eitt til tvö op fyrir afgreiðslu, eftir því hversu hár

**Weland hefur mikla reynslu í lagerkerfum og leggur áherslu á að koma til móts við óskir viðskiptavina sinna. Öllum vörum er raðað í hillur og sjálfvirkur, tölvustýrður búnaður sér um að sækja vörur í hverja hillu fyrir sig. Það felur í sér mikla hagræðingu í rekstri að nýta hæðina undir lagerinn í staðinn fyrir gólfpláss.**

turninn er. „Þar nær starfsfólk í vörurnar eða setur þær inn, hvort sem verið er að hlaða vörum inn eða út af lagernum. Við reiknum með að í turnunum þremur verði 4.500 vörunúmer. Við erum þegar komin með 2.800 vörunúmer í tvo turna og 600 þúsund einingar," segir Guðbjartur.

Vöruturnarnir eru mjög hagstæðir út frá vinnuvistfræðilegum sjónarmiðum, að sögn Guðbjarts. „Starfsmenn þurfa hvorki að beygja sig né teygja til að ná í vörurnar heldur vinna þeir ávallt í réttri hæð. Það skiptir miklu máli. Fólki líður betur í vinnunni og er betur á sig komið líkamlega. Turninn gerir það líka að verkum að starfsfólk þarf ekki að ganga um stórt svæði til að tína til vörur," segir Guðbjartur og leggur áherslu á að það sé því til mikils að vinna að nýta þessa turna.

## Þjónustumiðstöð að Krókhálsi

Á lager Pennans eru geymdar vörur sem síðan er dreift um allt land. „Við erum með þjónustumiðstöð að Krókhálsi 5 og á hverjum degi dreifum við vörum til meira en 100 mismunandi aðila, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.



Mikið rými skapaðist þegar turnarnir voru teknir í notkun. MYND/ANTON BRINK



**Starfsfólk nær í vörurnar eða setur þær inn, hvort sem verið er að hlaða vörum inn eða út af lagernum. Við reiknum með að í turnunum þremur verði 4.500 vörunúmer. Við erum þegar komin með 2.800 vörunúmer í tvo og 600 þúsund einingar.**



Starfsfólk Pennans er ánægt með betri vinnuaðstöðu og þarf ekki lengur að ganga langar vegalengdir eftir vörum.

Þar er einnig miðstöð fyrir samsetningu á húsgögnum og auk þess kaffiþjónustuverkstæði. Á sama stað er lager fyrir erlend blöð en við erum með á átta hundruð titla sem eru tíndir til í hverri viku og dreift í verslanir, bæði okkar eigin og annarra. Allar vörur sem fara frá Pennanum fara í gegnum þjónustumiðstöðina að Krókhálsi,“ upplýsir Guðbjartur.

Þetta þýðir að allt sem fer frá lagernum að Ásbrú er flutt að Krókhálsi og vörurnar fara þaðan í dreifingu. „Eimskip flytur vörurnar til okkar erlendis frá og Flytjandi flytur þær út á land. Við erum með bíl sem keyrir tvisvar á dag með vörur frá Ásbrú að Krókhálsi,“ segir Guðbjartur og samþykkir að um mikið umfang sé að ræða. „Já, þetta er heilmikil starfsemi. Við erum með tuttugu og sjö stöðugildi á þessum tveimur stöðum.“

## Penninn í samstarf við Weland

Penninn og Weland hafa átt í góðu samstarfi og fram undan eru spennandi tímar. „Weland er sjötíu ára fyrirtæki sem stendur á traustum grunni. Forsvarsmenn fyrirtækisins óskuðu eftir því að Penninn tæki að sér að vera umboðsaðili þess á Íslandi, sem við glaðir gerðum,“ upplýsir Guðbjartur.

*En fyrir hvers konar fyrirtæki henta vöruturnarnir best?* „Þeir koma að góðum notum hjá flestum fyrirtækjum sem eru með alls konar smávöru og upp í stærri hluti sbr. fyrirtæki sem eru með bílavarahluti. Brimborg keypti turn sem verður gangsettur í júní. Hann var settur saman á byggingalóðinni og síðan hífður ofan í göng sem að lokum var steypt fyrir. Eins og staðan er núna eru nokkrir aðilar með turnana í skoðun,“ segir Guðbjartur.

Weland leggur mikla áherslu á sérlausnir og segir Guðbjartur að hægt sé að fá vöruturna í alls konar útfærslum, eða allt að 7 metra á breidd og 24 metra háa og þar taki hver hilla vörur sem vegi alls 1,5 tonn. „Yfirleitt eru turnarnir um 5 til 8 metra háir og það tekur um viku að setja þá upp,“ segir Guðbjartur að lokum.

Nánari upplýsingar varðandi lagerturnana hjá Pennanum eru á www.penninn.is eða hjá Guðbjarti Greipssyni, vöruhúsastjóra Pennanns, gudbjartur@penninn.is, GSM: 665 2965. Bein slóð á turnaupplýsingar: https://www.penninn.is/is/fyrirtaekjathjonusta/weland-turnar



Brimborg hefur þegar fjárfest í lagerturni sem verður tekinn í notkun í næsta mánuði. MYND/ÓLAFUR ÞÓRISSON



Eitt til tvö op eru fyrir afgreiðslu, allt eftir því hversu stór vöruturninn er. MYND/ÓLAFUR ÞÓRISSON



„Við minnkuðum fermetrafjöldann sem fór undir lager um 2.000 fermetra án þess að draga saman í vörunúmerum eða vöruúrvali,“ segir Guðbjartur.



„Starfsmenn þurfa hvorki að beygja sig né teygja sig til að ná í vörurnar heldur vinna þeir ávallt í réttri hæð. Það skiptir miklu máli. Fólki líður betur í vinnunni og er betur á sig komið líkamlega,“ segir Guðbjartur. MYND/ANTON BRINK




Daníel Alex segir blaðburðinn vera frábært starf en hann ber út Fréttablaðið með móður sinni, Zdenku. Fyrir launin geti þau leyft sér að ferðast og njóta lífsins sem væri erfiðara ella. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Besta vinnan fyrir unglinga

**Daníel Alex Davíðsson var á fjórtánda ári þegar hann hóf að bera út Fréttablaðið. Fyrir launin kostar hann flugnám, safnar sér fyrir bíl, ferðast um heiminn og skemmtir sér.**

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is



Blaðburður er frábær og allra besta vinnan fyrir unglinga. Maður er laus áður en dagurinn hefst og það er gott að vakna snemma og mæta í skólann vel vakandi og ferskur eftir hressandi hreyfingu og útivist," segir Daníel Alex, sem hefur borið út Fréttablaðið með móður sinni Zdenku í hálft þriðja ár.

Þau mæðgin bera út í fjórar götur í Kópavogi og taka daginn snemma.

„Við vöknum klukkan fjögur, hálf fimm á morgnana og erum búin um sexleytið, en tökum líka aukagötur ef með þarf. Fyrstu tvær vikurnar fannst mér erfitt að vakna svona snemma en ég vandist því fljótt að sofna um áttaleytið og vakna hálffimm. Svefn er að sjálfsögðu mikilvægur fyrir blaðburðarfólk en það á vel við mig að vakna snemma. Ég er bæði kvöldsvæfur og morgunhani og finnst gott að hafa daginn fyrir mér áður en ég mæti í skólann, auk þess sem morgunstund gefur gull í mund," segir Daníel sem gengur upp og niður brekkurnar í Álfatúni, Brekkutúni og Daltúni, ásamt því að bera út Fréttablaðið í Bæjartún.

„Til að byrja með var erfitt að labba upp brattar brekkurnar með 200 blöð en núna eru sömu brekkur orðnar léttar. Maður kemst fljótt í gott form við að bera út blöð, finnur þolið og þrekið aukast og fæturnir styrkjast mikið við að labba nokkra kílómetra á dag. Við mamma njótum þess að vera úti og hreyfa okkur og þegar maður fer í fjallgöngu með skólanum eru það blaðburðarbörnin sem fara oft hraðast upp á meðan hinir þurfa að hvíla sig á leiðinni."

## Flugmannsdraumur rætist

Daníel var á fjórtánda ári þegar hann byrjaði í blaðburðinum og er farinn að kannast við marga í hverfinu eftir að hafa borið út Fréttablaðið í hálft þriðja ár.

„Við köstum kveðju á nokkra sem við mætum á hverjum morgni og köttur í Daltúni hefur fylgt okkur eftir í tvö ár. Hann er fyrir löngu farinn að þekkja hljóðið í bílnum og bíður okkar þolinmóður þegar við mætum, sem er mjög vinalegt. Eldsnemma einn morguninn virtist hann hafa lokast inni í stigagangi blokkar sem við berum út dagblöð í, heldur ósáttur við að missa af blaðburðinum svo mamma þurfti að dingla bjöllu hjá einhverri manneskju til að hleypa kettinum út og sá varð glaður!" segir Daníel og hlær að minningunni.

Hann er nú í lokaprófum við Álfhólsskóla og stefnir á flugnám í Tækniskólanum í haust.

„Mig hefur dreymt um að verða atvinnuflugmaður síðan ég var lítill strákur og ætla nú að láta drauminn rætast. Ég er þegar byrjaður í einkaflugmannsnámi og nota blaðburðarlaunin til að borga fyrir flugtímana," segir Daníel sem vinnur einnig í Bónus með skólanum ásamt því að bera út Morgunblaðið í sömu götur.

„Mér finnst gaman að vinna og safna skipulega fyrir flugnáminu, utanlandsferðum, skemmtunum og ég er auðvitað byrjaður að safna mér fyrir bíl. Við mamma förum á hverju sumri í heimsókn til ömmu og afa í Tékklandi en höfum líka farið tvö saman til Búlgaríu, Marokkó, Egyptalands og víðar. Okkur þykir gaman að skoða heiminn saman en gætum það ekki né keypt okkur alls kyns hluti ef við bærum ekki út Fréttablaðið."

Daníel sér fyrir sér að halda blaðburðinum áfram eins lengi og hann getur.

„Það er gaman að vinna sér inn fyrir launum en maður þarf að gæta þess að fara ekki daglega í Smáralind eða Kringluna til að borða úti og kaupa sér óþarfa. Ég skammta mér tíu þúsund krónur á mánuði til skemmtana og þegar það er búið þá er það bara búið og ég bíð til næstu mánaðamóta. Það finnst mér ekkert mál því það er svo gaman að geta eytt í það sem mann langar til yfir sumartímann."

NÝJAR VÖRUR Á ÍSLANDI



Slimmix® FatBurner
inniheldur náttúrulegt sítrusávaxtaseyði og hentar mjög vel til þyngdarstjórnunar því það örvar vatnsrof í fituvef líkamans og stuðlar þannig að fitubrennslu.
WWW.BIRKIASKA.IS
BIRKIASKA



Slimmix® SuperDetox
styrkir efnaskipti líkamans, styður við þyngdarstjórnun, eflir vellíðan og lífsþrótt. Inniheldur eingöngu náttúruleg efni.
WWW.BIRKIASKA.IS
BIRKIASKA



Vitatabs® K2 + D3 vítamín
Stuðla að heilbrigði beina líkamans með bindingu kalsíns og hamla myndun kalks í æðum. K2-vítamínið gegnir auk þess lykilhlutverki fyrir heilbrigði hjarta- og æðakerfisins.
WWW.BIRKIASKA.IS
BIRKIASKA

Sjá sölustaði á **birkiaska.is**
BIRKIASKA

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?
Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

# Kópavogur

MIÐVIKUDAGUR 23. MAÍ 2018

**Kynningar:** Smáralind – Smáratívolí



Hekla Kollmar og Dagur Bjarnason hafa búið í Kópavogi frá blautu barnsbeini. Á myndina vantar Elvar Bjarnason. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Frá Kópavogi til Kína

## Hekla Martinsdóttir Kollmar, Elvar Bjarnason og Dagur Bjarnason eru Kópavogsbúar á sautjánda ári sem eru á leið til Kína með þjóðlagasveitinni Þulu sem varð til í Tónlistarskóla Kópavogs.

Dagur og Elvar eru tvíburar og fæddir og uppaldir í Hvannhólmanum. Þeir eru mjög sammála um að það hafi verið gaman að alast upp í Kópavogi. „Í Hólmunum er stutt bæði í Elliðaárdalinn og svo niður í Fossvogsdal þar sem var æðislegt að leika sér,“ segir Elvar og Dagur samsinnir því. Hekla býr á Kársnesinu og man eftir því þegar hún flutti þangað þriggja ára gömul. „Ég man eftir því að mér leist mjög vel á allt,“ segir hún. „Kársnesið er mjög skemmtilegur staður fyrir krakka, stutt í náttúru og rétt við fjöruna og sjóinn.“ Hekla býr í einu grónasta hverfi Kópavogs ásamt foreldrum sínum og þremur systkinum þar sem er stór garður sem fjölskyldan nýtir vel. „Við erum með þrjár hænur í garðinum,“ segir hún en bætir við að hún skipti sér ekkert mikið af þeim heldur séu þær alfarið á ábyrgð pabba hennar. „Það er enginn hani, það voru hanar í upphaflega ungahópnum sem við fengum en þegar þeir byrjuðu að gala sendum við þá aftur í sveitina og fengum hænur í staðinn.“

### Fjölbreytt tómstundastarf í boði

Öll hafa þau reynt sig við fjölbreytt tómstundastarf í bænum. „Ég prófaði mjög margt á sínum tíma,“ segir Hekla sem æfði um tíma bæði sund og frjálsar með Breiðabliki. „Ég prófaði líka sundið og var í skátunum en er hættur í hvoru tveggja,“ segir Elvar. Dagur segist hafa æft körfubolta. „Og svo er ég í skátafélaginu Kópum,“ segir hann. „Skátastarfið er mjög virkt í Kópavogi og mjög gaman að taka þátt í því.“

Dagur og Elvar eru eineggja tvíburar og þaulvanir að vera ruglað saman og að talað sé við þá í fleirtölu. „Hárið á okkur er aðeins öðruvísi núna svo við getum ekki verið að rugla í fólki lengur,“ segir Elvar hlæjandi. „Við ákváðum að fara hvor í sinn framhaldsskólann, meðal annars til að vera ekki lengur alltaf tvíburarnir,“ segir Dagur og bætir við að þeir segi ekki nýjum skólafélögum endilega frá því að þeir eigi nauðalíkan tvíburabróður.

**Framhald á síðu 2**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Elvar bætir við: „Ég ætla að verða bakari svo þá lá beinast við fyrir mig að fara í MK á matvælabraut.“ Dagur er í MH á tónlistarbraut en er mjög sáttur við að eiga bróður í bakaranámi. „Hann kemur oft með skólaverkefnin heim. Eldri bróðir okkar er svo að læra að vera kokkur svo það virkar mjög vel.“ Hekla er einnig í MH og stundar þar nám á opinni braut.

### Þjóðlagasveitin Þula

Dagur, Elvar og Hekla hafa öll þrjú verið í tónlistarnámi í Tónlistarskóla Kópavogs frá blautu barnsbeini. Hekla spilar á fiðlu, Elvar á selló og Dagur á kontrabassa. Þau hafa öll spilað oft og mörgum sinnum á skólatónleikum í Salnum í Kópavogi og finnst tónleikadagskráin þar oft áhugaverð þó þau hafi ekki endilega alltaf tíma til að sækja tónleika. Og svo eru þau öll meðlimir í þjóðlagasveitinni Þulu sem er á leið til Kína.

„Það eru svona sex ár síðan sveitin var stofnuð,“ segir Elvar. „Eydís Franzdóttir setti sveitina saman fyrst og við höfðum svo samband við vini okkar sem voru að læra á hljóðfæri og þetta varð að einhverju stórkostlegu,“ segir Elvar. Hekla kom einmitt inn í sveitina af því að vinkona hennar var í henni og bauð Heklu á æfingu. „Við erum átta í Þulu núna,“ segir hún, „á aldrinum sextán til átján ára. Hljóðfærin eru kontrabassi, selló, þrjár fiðlur og þrjár flautur.“ Strákarnir eru tveir og stelpurnar sex en það er enginn að pæla neitt í því, um það eru þau öll sammála. Og hljóðfæraskipanin skiptir heldur ekki höfuðmáli. „Það skiptir ekki öllu máli á hvaða hljóðfæri fólk spilar, aðalmálið er hvernig hópurinn er samsettur og hvort okkur gengur vel að búa til tónlist saman,“ segir Elvar. Dagur samsinnir því og bætir við: „Við spilum eingöngu íslensk þjóðlög sem er ekkert endilega það sem við erum að spila í tónlistarnáminu okkar, við erum í klassísku námi og erum ekkert endilega að hlusta á þjóðlög í frítímanum okkar.“ Þau segja að Eydís Franzdóttir, stjórnandi sveitarinnar, annist útsetningar en þó séu þær líka í höndum hljómsveitarmeðlima. „Stundum erum við sjálf að leika okkur og búa til línur og hljóma kringum laglínurnar,“ segir Hekla. „Við erum búin að vera að spila saman svo lengi að núna munum við ekkert alltaf hver samdi hvaða línur.“ Dagur samsinnir því og bætir við: „Við erum búin að koma okkur upp mjög stórum lagabanka.“



Hekla og Dagur stunda bæði nám við Tónlistarskóla Kópavogs og eru meðlimir í þjóðlagasveitinni Þulu.





Þjóðlagasveitin Þula er nú þegar víðförul en hér er sveitin á Spáni í fyrra.

### Á leið til Kína

Þula snýst ekki eingöngu um spilamennsku. „Nei, nei, við syngjum og dönsum og erum í þjóðbúningum og þetta er svaka sýning,“ segir Elvar. Þjóðlagasveitin Þula hefur komið fram við ýmis tilefni, bæði heima og heiman. „Við fórum til Spánar í fyrra og tókum þátt í þjóðlagahátíð þar,“ segir Dagur og Elvar bætir við: „Og svo spiluðum við á Siglufirði á þjóðlagahátíðinni þar, það var svaka gaman.“ Og nú hefur Þula verið valin til þátttöku í alþjóðlegri listahátíð ungmenna í borginni Tianjin í Kína í lok júlí. „Við erum bún að vera að safna fyrir þessu á Karolina Fund og náðum takmarkinu svo ... við erum að fara!“ segir Hekla. „Þetta var mjög fjárlægt en núna er þetta allt að gerast.“ Strákarnir eru líka mjög spenntir fyrir Kínaferðinni. „Það er ekkert rosalega langt síðan við ákváðum að þiggja boðið svo þetta hefur allt gerst frekar hratt,“ segir Dagur og Elvar tekur undir og bætir við: „Ég hef aldrei farið út fyrir Evrópu svo þetta verður alveg nýtt.“

Í tilefni af Kínaferðinni efnir Þula til tónleika í kvöld klukkan átta í Kefas Fríkirkjunni þar sem hópurinn vonast til að sjá sem flesta velunnara sína og aðra áhugasama um íslenska þjóðlagatónlist og þá gleði sem getur fylgt flutningi hennar. „Við ætlum að spila þar allt sem við kunnum, svo þetta verða örugglega frekar langir tónleikar,“ segir Dagur. „Örugglega þrjátíu lög. En allt mjög skemmtilegt.“

### Gott að búa í Kópavogi

Að lokum eru þessir verðandi víðförlu Kópavogsbúar spurðir hvort þau mæli með að búa í Kópavogi.

„Já, það er fínt,“ segir Elvar. „Vinir mínir búa flestir hér svo ég hef enga ástæðu til að fara annað.“ Dagur og Hekla eru bæði á því að Kópavogur sé mjög fjölskylduvænn bær. „Hér er margt í boði fyrir krakka og mikið hugsað um fjölskyldur.“ Þegar þau eru beðin um að nefna uppáhaldsstaðinn sinn í Kópavogi stendur ekki á svörum. „Kársnesið, smábátahöfnin og fjaran,“ segir Hekla ákveðin á meðan Elvar nefnir Fossvogsdalinn og nándina við Elliðaárdalinn. Dagur segist hrifinn af Hamraborginni. „Hér er tónlistarskólinn, bókasafnið við hliðina á, Salurinn og Gerðarsafn og svo stoppar strætó hér. Hamraborgin er skemmtilegur miðpunktur bæjarins.“

Tónleikar þjóðlagasveitarinnar Þulu eru eins og áður sagði í kvöld klukkan átta í Kefas Fríkirkjunni, Fagraþingi 2a í Kópavogi. Stjórnandi sveitarinnar er Eydís Franzdóttir og aðstoðarstjórnandi er Pamela de Sensi.




Samvinna í verki

Framsókn í Kópavogi

xB

/framsoknkopavogi


Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433

LIND
FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 201 Kópavogur www.FASTLIND.is




VIÐ KYNNUM

# Bæjarlind 7-9

## Nýjar íbúðir í glæsilega hönnuðu fjölbýlishúsi.

Húsið er álklætt með áltré gluggum og verður því viðhaldslítið.

Eignin skilast fullbúin án gólfefna, votrými flísalögð. Steinplötur í eldhúsi og baðherbergi.

Tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir. Bílastæði í bílskýli fylgir flestum íbúðum.



360° MYNDIR
www.fastlind.is/BL9





Nánari upplýsingar má finna hér ›
www.mbl.is/fasteignir/fasteign/799787/

› **Verð frá 46.900.000 kr**



## NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



Stefán
Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari
892 9966
› stefan@fastlind.is



Kristján
Þórir Hauksson
Lögg. fasteignasali
696 1122
› kristjan@fastlind.is



Hannes
Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
› hannes@fastlind.is

LIND Fasteignasala
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**



Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, er stoltur af uppbyggingunni sem orðið hefur á undanförnum árum í verslunarmiðstöðinni. MYNDIR/ERNIR

# Smáralind í sókn til framtíðar

**Veigamikið starf hefur verið unnið á síðustu árum í Smáralind sem miðar að endurskipulagningu og sterkri framtíðarsýn þessarar stærstu verslunarmiðstöðvar landsins sem að auki er í einu stærsta húsnæði landsins.**

Yfir 20 af 60 þúsund fermetrum Smáralindar hafa verið í framkvæmdum eða endurskipulagningu á síðustu tveimur árum. „Nú er farið að sjá fyrir endann á þeim breytingum sem ráðgert var að framkvæma,“ segir Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar.

„Á síðasta ári var flaggskipsverslun Smáralindar, Debenhams, lokað og eins og allir landsmenn vita opnaði H&M sína fyrstu verslun á Íslandi, flaggskipsverslun í Smáralind, á síðasta ári. Þá fékk allur vesturendi Smáralindar allsherjar upplyftingu með glæsilegum nýjum inngangi og endurnýjaðri göngugötu. Nú er verið að klára sams konar uppfærslu á suðaustur inngangi og göngugötu. Þá var ráðist í stórtækar framkvæmdir til að auka og betrumbæta flæði viðskiptavina um verslunarmiðstöðina með tilfærslu á rúllustigum, nýrri brú og fjölgun rúllustiga.

Í kjölfar opnunar H&M opnaði Zara einnig flaggskipsverslun sína á tveimur hæðum í Smáralind og er nú eina verslunin undir því nafni á Íslandi. Þá opnaði hin þekkta O'Learys veitingahúsakeðja sinn fyrsta veitingastað á Íslandi í austurenda Smáralindar,“ segir Sturla og bætir við að einnig hafi verið sett upp auglýsinga- og vegvísunarkerfi á göngugötu Smáralindar. „Það er gaman að segja frá því að sú hönnun hlaut virt alþjóðleg hönnunarverðlaun fyrir skemmstu. Við leggjum mikið upp úr því að vinna með hönnuðum og framleiðendum á heimsmælikvarða. Það starf hefur skilað okkur miklum ávinningi og betri ásýnd í húsinu öllu.“



Margar erlendar verslanakeðjur hafa opnað verslanir í Smáralind undanfarið og fleiri eru væntanlegar.

### Mikil fjölgun gesta í Smáralind

„Með þrotlausri vinnu og frábæru starfsfólki hefur tekist að landa frægum erlendum verslanakeðjum til landsins í bland við þekkta

> **Stöðug aukning gesta hefur verið í Smáralind undanfarna mánuði. Á þessu ári má gera ráð fyrir að um fimm milljónir manna sæki Smáralind heim.**



innlenda aðila sem skapa sterka heild í nýrri Smáralind til framtíðar. Einn veigamesti þátturinn í endurskipulagningu Smáralindar var að tryggja öflugan leigutaka í vesturenda Smáralindar sem myndi draga að viðskiptavini. Það hefur svo sannarlega tekist þar sem gríðarleg aukning hefur orðið á gestafjölda en á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hefur hann aukist um 29% sé miðað við sama tíma þriggja síðustu ára. Við erum því í stöðugri sókn og síðasta ár var metár í sögu Smáralindar hvað gestafjölda varðar og þetta ár fer enn betur af stað,“ segir Sturla en á þessu ári má gera ráð fyrir að um fimm milljónir manna sæki Smáralind heim. „Það má því segja að þetta sé eitt mest heimsótta hús landsins,“ greinir hann frá.

„Á þessu ári mun þriðji fasi endurskipulagningar Smáralindar halda áfram með ýmsum stórum framkvæmdum og má þar nefna til dæmis nýtt bílastæðahús sem skapar betra umferðarflæði auk þess sem endurbótum á suðausturgangi og inngangi fer nú senn að ljúka. Markmið Smáralindar er sömuleiðis að auka hlutfall veitingastaða í Smáralind í samræmi við það sem er að gerast í nágrannalöndunum, auk þess að bæta enn frekar í flóru alþjóðlegra verslana en nokkur rými eru laus í Smáralind. Plássin eru öll frátekin og samningaviðræður um þau á lokametrunum.“

## Mikil styrking í kringum Smáralind

„Með tilkomu Íslandsbanka og annarra leigutaka í Norðurturni Smáralindar hefur starfsemin styrkst og eflt alla þjónustu og verslun í húsinu. Þá hefur Smáralind í samstarfi við Kópavogsbæ og aðra eigendur á svæðinu, sem í daglegu tali er kallað 201 Smári, unnið að því að endurskipuleggja nánasta umhverfi sunnan Smáralindar. Tilgangurinn hefur verið að efla Smáralind og svæðið í kring sem verslunar- og þjónustusvæði en í Smárabyggð er ráðgerð 620 íbúða byggð. Sú uppbygging ásamt uppbyggingu á Glaðheimasvæðinu mun einnig styrkja verslun og þjónustu í Smáralind,“ segir Sturla.

„Í framtíðinni má búast við að Smáralind verði miðpunktur höfuðborgarsvæðisins með tilliti til atvinnu, verslunar, þjónustu og samgangna sem mun styrkja verslunarmiðstöðina til muna,“ segir Sturla Gunnar Eðvarðsson enn fremur en augljóst er að Smáralind er í fullri sókn til framtíðar.




Gestum í Smáralind hefur fjölgað umtalsvert á undanförnu ári. Margt hefur verið gert til að laða að fleiri verslanir, veitingahús og önnur þjónustufyrirtæki.




Mikið hefur verið lagt upp úr fallegri hönnun við breytingarnar í Smáralind.

# Frábær staður fyrir góðar stundir


Stærsti lasertag-salur landsins er nú með nýjum tækjum sem eru þau fullkomnustu í Evrópu. MYND/SIGTRYGGUR ARI

**Smáratívolí og Tívolíbarinn Smáralind eru mjög vinsælir viðkomustaðir stærri og smærri hópa sem vilja gera sér glaðan dag með vinum og vinnufélögum.**


Smáratívolí býður upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir unga sem aldna.

Smáratívolí og Tívolíbarinn Smáralind eru sívinsælir viðkomustaðir stærri og smærri hópa sem vilja gera sér glaðan dag í skemmtilegu umhverfi. Smáratívolí er stærsta innanhústívolí Evrópu og nýlega var sett upp þar glæsilegt karókíherbergi auk þess sem stærsti lasertag-salur landsins er í Smáratívolíi, segir Elísa Sigríður, rekstrarstjóri Smáratívolís. „Það er vinsælt hjá stórum og smáum hópum að koma til okkar, hvort sem það er starfsmannafagnaður, hluti af árshátíð, gæsa- og steggjapartí, óvissuferð, hópefli, afmæli eða bara skemmtilegur fjölskyldudagur. Við bjóðum upp á frábær tilboð fyrir hópa og hér finna allir aldurshópar eitthvað við sitt hæfi.“


Það sjást oft glæsileg tilþrif í nýja og glæsilega karókíherberginu.

Nýlega var sett upp glæsilegt karókíherbergi í Smáratívolíi sem eykur enn á fjölbreytnina þar. „Hópurinn er alveg út af fyrir sig og hægt er að velja á milli 30.000 laga. Í herberginu eru tveir hljóðnemar og glæsileg húsgögn sem öllum líður vel í.“

### Fullkomnustu tækin

Stærsti lasertag-salur landsins er líka alltaf vinsæll, bæði hjá ungum og eldri gestum. „Við keyptum ný lasertag-tæki fyrir þremur vikum en þau eru nýjustu og fullkomnustu tækin í Evrópu. Lasertag-salurinn er málaður með innfluttri málningu sem gefur skemmtilega frumskógartilfinningu þegar farið er um hann. Það er vart hægt að lýsa þessu svo það er best að koma og upplifa stemninguna á staðnum. Við höfum t.d. fengið hóp sem var að halda upp á 70 ára afmæli og allir voru mjög ánægðir. Svo lasertag er sannarlega fyrir fólk á öllum aldri.“

### Sérsniðinn að hópnum

Eftir skemmtilega stund er gott að setjast niður á Tívolíbarnum og njóta góðra veitinga og umhverfis í nýjum húsgögnum. Þar komast fyrir um 70 manns í sæti, sýnt er frá ýmsum íþróttaviðburðum á risatjaldi og nokkrum sjónvarpsskjáum og boðið er upp á ljúffengar veitingar. „Við bjóðum m.a. upp á pitsur, nachos, jalepéño, ostastangir og kjúklingaostabita svo eitthvað sé nefnt.“

> „Smáratívolí hristir hópinn saman í fjörugum leikjum og lifandi umhverfi.

Elísa Sigríður hvetur litla og stóra hópa til að hafa samband og fá tilboð. „Smáratívolí hristir hópinn ykkar saman í fjörugum leikjum og lifandi umhverfi þar sem dagurinn er sérsniðinn að óskum hvers hóps. Sannarlega frábær staður til að eiga góðar stundir með vinum og vinnufélögum.“

Nánari upplýsingar á www.smaratívoli.is eða á bokanir@smarativoli.is



# SUMAR-NÁMSKEIÐ

## BREIÐABLIKS 2018

Í sumar býður Breiðablik upp á íþróttanámskeið fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára í Smáranum, Kópavogsdal og Fagralundi, Fossvogsdal. Námskeiðin eru hugsuð fyrir börn fædd á árunum 2006 til 2013 og verður skipulögð dagskrá frá kl. 9.00-16.00 alla virka daga.
Boðið verður upp á;

- Ævintýranámskeið
- Frjálsíþróttanámskeið
- Knattspyrnunámskeið
- Körfuboltanámskeið
- Karatenámskeið
- Skáknámskeið
- Sundnámskeið
- Hjólreiðanámskeið (aðeins fyrir börn fædd: 2006, 2007 og 2008)

## Tímatafla og staðsetning námskeiða

| Smárinn | Vika 24<br>11.06-15.06 | Vika 25<br>18.06-22.06 | Vika 26<br>25.06-29.06 | Vika 27<br>02.07-06.07 | Vika 28-29<br>Sumarleyfi | Vika 30<br>23.07-27.08 | Vika 31<br>30.07-03.07 | Vika 32<br>07.08-10.08 | Vika 33<br>13.08-17.08 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ævintýranámskeið | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 | | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 |
| Frjálsíþróttanámskeið | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 |
| Körfuboltanámskeið | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 | | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 |
| Karatenámskeið | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 | | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 |
| Skáknámskeið | 13-16 | 13-16 | | 13-16 | | | | 13-16 | 13-16 |
| Knattspyrnunámskeið | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 |
| Hjólreiðanámskeið | 9-12 | | | | | | | | |

| Fagrilundur | Vika 24<br>11.06-15.06 | Vika 25<br>18.06-22.06 | Vika 26<br>25.06-29.06 | Vika 27<br>02.07-06.07 | Vika 28<br>09.07-13.07 | Vika29<br>16.07-20.07 | Vika 30<br>23.07-27.07 | Vika 31<br>30.07-03.08 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ævintýranámskeið | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 |
| Frjálsíþróttanámskeið | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 9-12 |
| Körfuboltanámskeið | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 |
| Knattspyrnunámskeið | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 | 13-16 |
| Hjólreiðanámskeið | | 9-12 | | | | | | |

| Verð fyrir eina viku | Verð |
|---|---|
| Námskeið 1/2 dagur (3 klst.) | 7.300 kr. |
| Hádegismatur | 3.700 kr. |
| Gæsla 1 klst., á dag | 2.000 kr. |

- Sama verð er á öll námskeiðin og hægt er að velja um hálfan dag eða heilan dag.
- Gert er ráð fyrir að börnin taki með sér hollt nesti, en það er einn nestistími á hverju námskeiði.
- Í Smáranum og Fagralundi er hægt að kaupa heitan mat í hádeginu og gæslu frá 8.00-9.00 og 16.00-17.00.

*Ef ekki næst lágmarks þátttaka á námskeiði er hádegisverður ekki í boði í Fagralundi. Foreldrar yrðu látnir vita með fyrirvara.
*Félagið áskilur sér rétt til að sameina námskeið eða færa þau milli staða ef ekki næst lágmarks þátttaka.

Hægt verður að skrá börn á námskeið og í gæslu frá og með 2. maí en allar upplýsingar um skráningarferlið er að finna á heimasíðu Breiðabliks – breidablik.is. Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 441-8900.

Yfirumsjón með námskeiðunum hefur Hildur Björg Kjartansdóttir, B.S. í Kinesiology frá Universtiy of Texas Rio Grande Valley.

**Sundnámskeið

Sunddeild Breiðabliks býður í sumar upp á sundnámskeið í Sundskóla Breiðabliks í júní og júlí. Líkt og áður sjá reyndir og traustir kennarar um kennsluna, ásamt aðstoðarfólki í laug. Aðstoðarfólkið fylgir börnunum í gegnum búnings- og baðklefa. Fyrsta námskeiðið hefst 11. júní og því síðasta lýkur 20. júlí.

Sjá nánar á http://breidablik.is/sund/sumar-sundnamskeid/

BREIÐABLIK



Kópavogur ætlar að styðja við bakið á Pieta samtökunum.

## Kópavogur styður Pieta

Kópavogsbær hefur ákveðið að gerast stuðningsaðili Pieta samtakanna, sem vinna gegn sjálfsskaða og sjálfsvígum. Þetta var samþykkt einróma af bæjarráði á fimmtudag í síðustu viku.

Samstarfið tryggir Kópavogsbúum tíu meðferðir á ári, en meðferð samtakanna felur í sér að einstaklingur fái 15 ókeypis viðtöl við sérfræðinga og aðstandendur fái fimm ókeypis tíma hjá sérfræðingi.

Pieta samtökin eru frjáls félagasamtök sem vinna gegn sjálfsskaða og sjálfsvígum á Ísland og vinna einnig að forvörnum vegna sjálfsvígshættu og sjálfsskaða. Þau veita bæði meðferðarúrræði og fræðslu sem fer fram í skólum.

Samstarfið er tilraunaverkefni, en það verður skoðað að hefja langtímasamstarf við samtökin við gerð fjárhagsáætlunar Kópavogs fyrir árið 2019.



## Útivistarparadís í Kópavogsdal

Kópavogsdalur er paradís útivistar- og líkamsræktarfólks. Í dalnum liggja skemmtilegir göngu- og hlaupastígar og má þar nefna Himnastigann sem eru langar og brattar tröppur sem liggja frá Kópavogsdal upp á Digranesheiði. Tröppurnar eru afar vinsælar meðal göngufólks og hlaupara sem nota þær til æfinga og brátt bætast við líkamsræktartæki við enda stigans. Austar í dalnum eru einnig líkamsræktartæki og leiksvæði.

Vestast í Kópavogsdal er andapollur með fjölbreyttu fuglalífi og í víðs vegar um dalinn eru bekkir fyrir þá sem vilja staldra við og njóta þess að horfa á fagra náttúru og mannlíf. Þá rækta börn sitt eigið grænmeti í skólagörðum í Kópavogsdal og í dalnum er að finna íþróttasvæði Breiðabliks sem er eitt hið stærsta á landinu.

# Sumarlestur barna hjá Bókasafni Kópavogs

Sumarlestur er skemmtilegt lestrarátak sem börn á aldrinum 5-12 ára geta tekið þátt í hjá Bókasafni Kópavogs. Lestrarátakið hefst 26. maí og stendur fram til 17. ágúst. Á laugardaginn er það Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur sem les og spjallar við krakkana um bók sína, Fíusól. Bækurnar um Fíusól hafa notið mikilla vinsælda hjá börnum á öllum aldri. Sumarlesturinn verður kl. 13-14 en þetta er viðburður sem er liður í fjölskyldustundum Menningarhúsanna í Kópavogi.

Eftir hverjar þrjár lesnar bækur fá þátttakendur happamiða sem settur er í pott. Dregið verður úr happamiðum vikulega og nafn vinningshafa birt á heimasíðu safnsins á hverjum þriðjudegi. Þátttakan er ókeypis.

Þeir sem áhuga hafa á átakinu geta skráð sig á heimasíðu bókasafnsins bokasafn.kopavogur.is/fraedsla/sumarlestur.

Föstudaginn 17. ágúst kl. 15.30 verður uppskeruhátíð í aðalsafni. Allir sem mæta fá glaðning!



Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur les úr bókum sínum um Fíusól.



# NÝJAR SUMARLÍNUR FRÁ GERRY WEBER OG TAIFUN

Skoðið laxdal.is/daydream og fl. Frábær verð



BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

**NÝ GLÆSILEG VERSLUN SKIPHOLTI 29B**

**Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Gerplustræti 31-37

## Nýtt 40 íbúða fjölbýlishús á fallegum útsýnisstað

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:00 TIL 18:00 - OPIÐ HÚS FÖSTUDAGINN 25. MAÍ FRÁ KL. 17:00 TIL 18:00**




Við vorum að fá í sölu vel skipulagðar 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir, ásamt bílastæði í bílageymslu, í lyftuhúsi í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ.

Íbúðirnar skilast fullbúnar með innréttingum frá Axis, án megin gólfefna. Gólf í baðherbergjum/þvottahúsum verða flísalögð.

Verið er að reisa glæsilegan leik- og grunnskóla í hverfinu, Helgafellsskóla.

**4ra herbergja íbúðir. V. 44,5 m. – 58,9 m.**

**5 herbergja íbúðir. V. 53,9 m. – 54,9 m.**

**Afhending í júní 2018**

**www.fastmos.is**

MANNVERK FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

**Fullbúin sýningaríbúð í Gerplustræti 37**





Allar nánari upplýsingar fást hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar í síma 586 8080.

**Svanþór Einarsson**
Löggiltur fasteignasali, 698-8555,
**Ingimar Óskar Másson**
Löggiltur fasteignasali, 612-2277,
**Einar Páll Kjærnested**
Löggiltur fasteignasali, 899-5159.







Einnig er hægt að bóka skoðanir hjá sölumönnum

FASTEIGNASALA MOSFELLSBÆJAR • KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 • WWW.FASTMOS.IS

### Ástu-Sólliljugata – 270 Mosfellsbær




Raðhús einni hæð við Ástu-Sólliljugötu í Mosfellsbæ. Afhendist fullbúið án megingólfefna, baðherbergisgólf verða flísalögð, en þvottahúsgólf og bílskúr með epoxi. Lóð frágengin með hellulögðu bílastæði. Fallegt og vel skipulögð raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Þrjú svefnherbergi, samliggjandi eldhús, stofa og borðstofa, sjónvarpshol, rúmgott baðherbergi, gestasnyrting, þvottarhús, forstofa og bílskúr.

**Ástu-Sólliljugata 14A = 176,5 m2. V. 77,7 m.**

**Ástu-Sólliljugata 16 = 176,5 m2. V. 77,7 m.**

**Ástu-Sólliljugata 16A = 184 m2. V. 80,9 m.**

### Kvíslartunga – 270 Mosfellsbær




230 m2 raðhús - tilbúin til innréttinga - á tveimur hæðum. Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla. Á efri hæðinni er hjónaherbergi, baðherbergi, eldhús, og stofur. **V. 59,9 og 61,9 m.**

### Laxatunga - 270 Mosfellsbær




Ný 203 m2, 6 herbergja raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 2 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla inn af bílskúr. Á efri hæðinni eru 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og samliggjandi stofa og borðstofa. Húsið afhendist á byggingarstigi 4. Rúmlega fokhelt að innan, með gluggum og gleri, endanlegum frágangi á útveggjum og með grófjafnaðari lóð. **V. 55,9- 57,9 m.**

### Snæfríðargata 2 - 270 Mosfellsbær




Vel skipulagt 153 m2 endaraðhús á einni hæð í byggingu. Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu og eldhús, tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, geymslu og bílskúr. Eignin afhendist á byggingarstigi 5 - tilbúin til innréttinga. **V. 57,5 m.**

### Uglugata 3 og 5 - 270 Mosfellsbær




162,0 m2 parhús á einni hæð í byggingu. Húsið afhendist rúmlega fokhelt, þ.e. auk þess eru útveggir einangraðir, múraðir og sandspartslaðir, tilbúnir til málningar. Loft er einangrað og rakavarið. Inntak rafmagns og hita er komið inn í húsið og inntaksgjöld eru greidd. Lóð er grófjöfnuð. **V. 56,5 m.**

### Grenibyggð 24 - 270 Mosfellsbær



**Opið hús fimmtudaginn 24. maí frá kl. 17:30 til 18:00**

Mjög fallegt 171 m2 parhús á einni hæð með bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu og bílskúr. Tvær timburverandir. Stórt hellulagt bílaplan. Mikil lofthæð er í húsinu sem gerir eignina bjarta og skemmtilega. **V. 73,9 m.**

### Spóahöfði 4 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús fimmtudaginn 24. maí frá kl. 17:30 til 18:00**

Fallegt 175,1 m2 raðhús með innbyggðum bílskúr. Þrjú svefnherbergi og milliloft með sjónvarpsstofu og vinnuaðstöðu. Tvær timburverandir og stórt hellulagt bílaplan með hitalögn. **V. 74,9 m.**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**Einar Páll Kjærnested**
**lögg. fasteignasali.**
**einar@fastmos.is**



KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

# URRIÐAHOLT, AUSTURHLUTI 1. ÁFANGI.
# AUGLÝSING DEILISKIPULAGSTILLÖGU

**KYNNINGU Á DEILISKIPULAGI URRIÐAHOLTS AUSTURHLUTA 1. ÁFANGA**
Skipulagsnefnd Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á deiliskipulagi Urriðaholts Austurhluta 1. áfanga í samræmi við 1. mgr. 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið nær til 22,1 ha svæðis í austurhluta Urriðaholts, þar sem gert er ráð fyrir íbúðahverfi fyrir u.þ.b. 493 íbúðir í fjölbýli (2-5 hæðir), rað-, par- og einbýlishúsum (1-2 hæðir). Íbúðirnar eru af mismunandi stærð og geta hentað fyrir alla aldurshópa. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir almenningsgarði með íþróttaaðstöðu.

**Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7 frá 23. maí 2018 til og með 4. júlí 2018.**
**Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.**

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á því að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## 534 1020
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**

**JÖFUR**
ATVINNUHÚSNÆÐI



Bergsveinn S: 863 5868 | Sigurður J. S: 534 1026 | Helgi Már S: 897 7086 | Magnús S: 861 0511 | Ólafur S: 824 6703




## TIL LEIGU
**Grandagarður 13 – 101 Rvk**
**Gerð:** Verslunar- og skrifstofuhúsnæði
**Stærð:** 196,8 m$^2$
Allar nánari upplýsingar veitir:



**Bergsveinn Ólafsson**
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari og rekstrarfræðingur
**863 5868 | 534 1028**
**bergsveinn@jofur.is**

Til leigu verslunar- og skrifstofuhúsnæði að Grandagarði 13, 101 Reykjavík, alls um 196,8 fm.
Laust í júní 2018. Í boði er langtíma leigusamningur. Húsnæðið býður upp á ýmsa möguleika fyrir verslunar eða veitingastarfsemi. Mikil uppbygging er fyrirhuguð á þessu svæði á næstu árum.
Á jarðhæð er verslunarrými með góðum verslunargluggum út að götu. Bakatil er aðkoma og bílastæði.
Gengið er upp á 2. hæð um sameiginlegan stigagang þar sem eru sameiginlegar snyrtingar.
Á hæðinni er eldhús, tvær skrifstofur og opið vinnurými.
Neðri hæð er 80,3 fm., efri hæð 93,0 fm. og hlutdeild í sameign 23,5 fm.

**Sérhæfum okkur í sölu og leigu á atvinnuhúsnæði**
**Pantaðu verðmat eða skoðun – 534 1020 // sala@jofur.is**




## Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 maí. S: 696-7254 + 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444






**Það eru raunar ekki bankarnir sem greiða skattinn í reynd, heldur þeir sem taka lán hjá bönkunum, bæði fólk og fyrirtæki.**



Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands

## Engin þjóð gerir sér að leik að veikja eigið fjármálakerfi



Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, segir nauðsynlegt að afnema bankaskattinn til þess að búa til eðlilegt samkeppnisumhverfi á fjármálamarkaði. Skatturinn hafi alltaf átt að vera tímabundinn til þess að fjármagna skuldaleiðréttinguna.

„Skatturinn skerðir samkeppni íslensku bankanna jafnt í samkeppni við innlenda aðila sem ekki þurfa að standa undir svipuðum skattgreiðslum en einnig gagnvart erlendum bönkum sem eru umsvifamiklir í útlánum til stærstu fyrirtækjanna hér á landi. Almenningur og fyrirtæki þurfa að standa undir þessum skatti með einum eða öðrum hætti því bankarnir geta ekki boðið jafn hagstæð kjör og þeir annars gætu. Útlánavextir eru hærri en ella og það dregur úr samkeppni á íbúðalánamarkaði,“ nefnir Óli Björn.

Hann segir að á undanförnum árum hafi öllu regluverki fjármálamarkaðarins verið gjörbreytt. „Það hefur verið keppikefli að öll íslensk fjármálafyrirtæki starfi eftir sömu ströngu reglum og fjármálafyrirtæki í Evrópu og lúti sama eftirliti. Þetta hefur verið talið mikilvægt. En við getum ekki um leið dregið úr samkeppnishæfni íslensku bankanna með sérstakri skattlagningu sem hvergi þekkist.

Það eitt mun til lengri tíma veikja stöðu bankanna og grafa undan möguleikum þeirra til að bjóða hér þá þjónustu sem almenningur og fyrirtæki þurfa á að halda. Engin þjóð gerir sér að leik að veikja eigið fjármálakerfi. Þvert á móti er það keppikefli þeirra þjóða þar sem velmegun er mest að virkja samkeppni á fjármálamarkaði og stuðla að fjárhagslegu heilbrigði hans.“

**Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis**

skattsins og hárra eiginfjárkrafna – boðið öflugustu útflutningsfyrirtækjum landsins sambærileg kjör við það sem þau geta fengið hjá erlendum bönkum.

Útlán innlendra banka og sparisjóða til fyrirtækja námu um 1.150 milljónum króna um síðustu áramót en lán erlendra banka til fyrirtækja voru á sama tíma um 550 milljónir. Er hlutur þeirra síðarnefndu því um þriðjungur af heildarlánum til hérlendra fyrirtækja.

### Ólíklegt að kjörin batni

Þrátt fyrir að því hafi verið haldið fram að bankaskatturinn sé til þess fallinn að hækka útlánavexti verður þó að teljast ólíklegt, að mati sumra viðmælenda Markaðarins, að vaxtakjör bankanna batni ef bankaskatturinn verður lækkaður eða afnuminn. Ástæðan er einkum sögð sú að bankarnir hafa forðast að velta kostnaðinum út í verðlagið.

„Þeir sem hafa borgað bankaskattinn eru því fyrst og fremst hluthafar,“ segir einn viðmælandi.

Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri Íslandsbanka, segir að þegar bankaskatturinn hafi verið hækkaður á sínum tíma til þess að fjármagna skuldaleiðréttinguna hafi skatturinn verið sagður tímabundin aðgerð. „Við veltum þess vegna kostnaðinum ekki yfir í verðlagið því við töldum að skatturinn væri á útleið. En ef við förum ekki að sjá til lands með það þurfum við á einhverjum tímapunkti að reyna að koma kostnaðinum inn í verðlagninguna.“ Ekki sé þó sjálfgefið að það sé hægt enda ríki mikil samkeppni á markaðinum, til dæmis við lífeyrissjóði og erlenda banka.

Jón Guðni bendir á að arðsemi eigin fjár bankans af reglulegri starfsemi, leiðrétt fyrir bankaskatti, hafi verið 8,2 prósent á fyrsta ársfjórðungi. Arðsemin væri um þremur prósentustigum lægri ef tekið væri tillit til skattsins.

„Við höfum sett okkur markmið um að arðsemi grunnrekstrar bankans sé á bilinu 8 til 10 prósent sem er reyndar í lægri kantinum miðað við norræna banka sem vilja flestir hafa hlutfallið á bilinu 10 til 12 prósent. Ef bankaskatturinn verður áfram við lýði til lengri tíma verður hins vegar erfitt fyrir okkur að ná fram viðunandi arðsemi á eigið fé með sama hætti og bankar í nágrannaríkjum okkar,“ segir hann.

Skattar á fjármálafyrirtæki hér á landi séu umtalsvert hærri en þekkist annars staðar. Í því sambandi bendir hann á að skattheimtan hér hafi áhrif til fjögurra prósenta lækkunar á arðsemi eigin fjár bankans á meðan áhrifin séu um eitt prósent í öllum helstu nágrannaríkjunum. Skattbyrðin sé því allt að því fjórföld miðað við þau ríki.

Fram kom í greiningu Yngva Arnar Kristinssonar, hagfræðings SFF, frá því á síðasta ári að bankaskatturinn væri um tíu sinnum hærri hér á landi en almennt tíðkaðist í þeim Evrópuríkjum sem leggja á slíkan skatt. Í ríkjunum væri hlutfall bankaskatts að jafnaði um 0,02 til 0,03 prósent af landsframleiðslu en hér á landi væri hlutfallið 0,35 prósent.

### Ríkið rýrir eigin hlut

Samkvæmt eigendastefnu fyrir fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins, sem samþykkt var síðasta sumar, stendur til, þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi, að selja allt hlutafé í Íslandsbanka en halda eftir 34 til 40 prósenta hlut í Landsbankanum. Fyrirséð er að endurheimtur ríkissjóðs verða umtalsvert minni en ella við fyrirhugaða sölu á bönkunum vegna sértæku skattanna sem þeir greiða enda hafa skattarnir þau áhrif að minnka verulega arðsemi af rekstri.

Þó svo að ríkið hafi selt allan 13 prósenta hlut sinn í Arion banka í febrúar hefur það ríka hagsmuni af því að vel takist til við boðað hlutafjárútboð bankans og að sem hæst verð fáist fyrir þann hlut sem Kaupþing hyggst selja. Mikill meirihluti þeirrar fjárhæðar mun enda renna í skaut ríkisins vegna afkomuskiptasamningsins sem gerður var við kröfuhafa Kaupþings.

Einn viðmælandi Markaðarins, sem þekkir vel til mála, segir að „eitt það vitlausasta“ sem stjórnvöld gætu gert væri að halda bankaskattinum óbreyttum fram að skráningu Arion banka en afnema hann að skráningu lokinni. Bréfin í bankanum myndu þá enda rjúka upp í verði.

Jón Guðni bendir á að jafnan sé talið að sterkt samband sé á milli arðsemi eigin fjár og verðmæti banka. Bankaskatturinn lækki arðsemi Íslandsbanka um þrjú prósentustig sem þýði að verðmæti hlutafjár bankans sé um 40 milljörðum króna minna en annars. Skattlagningin hafi því mikil áhrif á það verð sem ríkið, sem eigandi bankans, geti fengið fyrir hann.

Stefán segir afar líklegt að bankaskatturinn, sem og aðrir sértækir skattar, hafi bein áhrif á virði bankans enda lækki hann arðsemi eigin fjár bankans og almennt séð ráðist verðlagning banka að miklu leyti af væntri arðsemi. „Við höfum sagt að sértæku skattarnir, það eru bankaskatturinn, sex prósenta viðbótartekjuskattur og fjársýsluskattur af launatekjum, lækki arðsemi eigin fjár bankans um ríflega eitt og hálft prósentustig.“





ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# 1.100 milljarðar skipta máli



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Eftir þrjár vikur verður ákveðið hvar heimsmeistaramótið í knattspyrnu 2026 verður haldið. Þetta er fyrsta kosningin eftir að upp komst um umfangsmikla spillingu innan alþjóðaknattspyrnusambandsins FIFA og stendur valið á milli Marokkó og sameiginlegrar umsóknar Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó.

Fulltrúar allra aðildarsambanda fá í fyrsta sinn að kjósa og hafði FIFA áður lagt mat á umsóknir samkvæmt skýrt skilgreindum matsþáttum. Sem dæmi má nefna að 6% niðurstöðunnar byggðu á mati á aðstöðu fyrir leikmenn og dómara og 3% á gæðum fyrirhugaðra stuðningsmannasvæða. Væntanlegur hagnaður FIFA af mótinu vó 30 prósent af heildarmatinu.

Hugmyndin er að gera valið faglegra og eftir því hefur svo sannarlega verið kallað. Bandarísk yfirvöld áætla að umfang mútugreiðslna hjá FIFA undanfarin ár nemi um 15 milljörðum króna og valið á Katar og Rússlandi sem gestgjöfum HM hefur verið harðlega gagnrýnt.

Nú reynir því á knattspyrnuhreyfinguna. Alls 211 aðildarsambönd kjósa 13. júní og talið er að mjótt verði á mununum. Bandarísk knattspyrnuyfirvöld tefldu fram afar sterku trompi á dögunum. Því var lofað að færi HM vestur um haf yrði hagnaður FIFA af mótinu 1.100 milljarðar króna, svipað samanlögðum hagnaði sambandsins af HM 2006, 2010, 2014 og 2018. Aftur á móti er knattspyrnusamband Afríku stærst aðildarsambanda FIFA og reiknað er með að öll aðildarlöndin 53 styðji Marokkó.

Það hefur kannski verið skipt um mann í brúnni en hagsmunir ráða enn hvernig aðildarsamböndin haga atkvæðum sínum. Það er ólíklegt að gæði stuðningsmannasvæða hafi áhrif, en 1.100 milljarðarnir hafa þó mikil áhrif á forsvarsmenn FIFA, sem í liðinni viku fengu neikvæð viðbrögð frá knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, varðandi tvö ný mót sem skila áttu sambandinu um 2.500 milljörðum króna í kassann.

Þó FIFA sé rekið án hagnaðarsjónarmiða höfum við fyrir löngu áttað okkur á mikilvægi peninga í starfsemi þess. Þessir 1.100 milljarðar koma svo sannarlega til með að skipta máli.

# Skuldaaukning 250 þúsund krónur á mann



**Katrín Atladóttir**
höfundur skipar 6. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Í aðdraganda kosninga kemur framtíðin, eðli máls samkvæmt, oft til tals. Þá er gjarnan rætt um hvaða umgjörð við hyggjumst búa börnunum okkar. Sennilega myndu fáir skrifa upp á það að skuldaklafi á þeirra herðar ætti að vera sérstakt baráttumál. Fjárhagsstjórn núverandi meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur er hins vegar ávísun á þetta. Gaumgæfum nokkrar staðreyndir þessu til stuðnings.

**Hærri tekjur**

Tekjur af grunnrekstri borgarinnar hækkuðu um 27,7 milljarða að raunvirði fyrstu þrjú ár kjörtímabils núverandi meirihluta, eða um 31,4 prósent. Rekstrartekjur námu tæpum 116 milljörðum króna árið 2017. Það þýðir að borgin hefur um 300 milljónir króna til ráðstöfunar alla daga ársins. Meiri tekjur borgarinnar koma beint úr vösum borgarbúa.

**Hærri skattar**

Íbúar Reykjavíkur greiða hærra hlutfall af tekjum sínum til borgarinnar en íbúar annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt nýlegri skýrslu Samtaka atvinnulífsins. Íbúar á Seltjarnarnesi greiða 7,4 prósent tekna en íbúar Reykjavíkur 10,9 prósent.

**Hærri skuldir**

Samkvæmt ársskýrslu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) 2017 var skuldahlutfall borgarinnar 187 prósent ef skuldir Orkuveitu Reykjavíkur eru teknar með í reikninginn. Það þýðir að heildarskuldir og skuldbindingar eru næstum tvöfaldar heildartekjur borgarinnar. Landsmeðaltal var 153 prósent. Reykjavíkurborg nýtir sér heimild til að undanskilja Orkuveitu Reykjavíkur (OR) við útreikning á skuldahlutfalli. Spyrja má hvort það gefi rétta mynd af skuldastöðu borgarinnar.

**Allt gerðist þetta í fordæmalausu góðæri meðan tekjur hækkuðu yfir 30 prósent, eða um tæpa 28 milljarða.**

**Hærri skuldir á hvern íbúa**

Í sömu skýrslu EFS var skuldum skipt niður á íbúa borgarinnar. Hvert einasta mannsbarn í Reykjavík skuldaði tæpar 2,4 milljónir. Skuldir á íbúa voru aðeins hærri í þremur öðrum sveitarfélögum, Fljótsdalshéraði, Norðurþingi og Reykjanesbæ. Núverandi meirihluti mun örugglega koma Reykvíkingum í fyrsta sætið ef svo fer fram sem horfir.

**Þróun skulda**

Landsmenn hafa unnið ötullega að því að lækka skuldir sínar og spara á árunum eftir hrun bankanna. Reykjavíkurborg fer gegn straumnum því skuldir vegna grunnreksturs borgarinnar hækkuðu um 45,2 prósent eða um 30,7 milljarða að raunvirði á fyrstu þremur árum kjörtímabilsins, frá árinu 2014 til 2017. Núverandi meirihluti skuldsetti hvern íbúa um tæpar 250 þúsund krónur fyrstu þrjú ár kjörtímabilsins.

**Ráðdeild?**

Í Reykjavík er skattheimta með hæsta móti. Skuldahlutfall borgarinnar að teknu tilliti til allra fyrirtækja í eigu hennar er langt yfir landsmeðaltali. Skuldir á íbúa eru með þeim hæstu á landinu. Hækkun skulda á íbúa fyrstu þrjú ár kjörtímabilsins voru 250 þúsund krónur, eins og áður segir. Ein milljón króna á fjögurra manna fjölskyldu. Allt gerðist þetta í fordæmalausu góðæri meðan tekjur hækkuðu yfir 30 prósent eða um tæpa 28 milljarða. Í góðæri sem mun ekki vara að eilífu.

Höfum hugfast að skuldadagar koma, það er eins víst og nótt fylgir degi. Tíminn til að víkja af vegi skuldasöfnunar er núna og þar með komum við í veg fyrir að skuldaklafanum verði velt á herðar komandi kynslóða; barnanna okkar. Í því felst velferð Reykvíkinga til framtíðar.




# Ófrjálsi lífeyrissjóðurinn



**Halldór Friðrik Þorsteinsson**
höfundur er sjóðsfélagi í Frjálsa lífeyrissjóðnum

**Það er umhugsunarvert að einu lífeyrissjóðirnir sem sáu ástæðu til að leggja lífeyrissparnað fólks í þetta áhættumikla tilraunaverkefni voru í umsjón Arion banka, að frátöldum Festu lífeyrissjóði.**

Undanfarin misseri hafa málefni Frjálsa lífeyrissjóðsins, sem rekinn er af Arion banka, verið í fréttum vegna fjárfestinga sjóðsins í fyrirtækinu United Silicon. Þá raunasögu þarf ekki að endursegja en ein afleiðing hennar var fjárhagstap tugþúsunda sjóðfélaga fyrir vel á annað þúsund milljónir króna. Það er umhugsunarvert að einu lífeyrissjóðirnir sem sáu ástæðu til að leggja lífeyrissparnað fólks í þetta áhættumikla tilraunaverkefni voru í umsjón Arion banka, að frátöldum Festu lífeyrissjóði sem starfar mestanpart á Suðurnesjum. En þetta undrar engan sem þekkir til innstu kima í fjárfestingarbönkum. Þeir eru í eðli sínu áhættusæknir og hagsmunaárekstrar hljótast af nálægð ólíkra starfssviða. Ádrepur frá eftirlitsaðilum breyta því miður litlu um.

Áföll sem þessi hafa hins vegar þær góðu hliðarverkanir, ef svo má segja, að sjóðfélagar ranka við sér og taka að spyrja réttu spurninganna, með lýðræðislegum rétti sínum. Það gerðu til dæmis sjóðfélagar í Almenna lífeyrissjóðnum skömmu eftir hrun og ári síðar slitu þeir sambúðinni með Íslandsbanka. Sjóðurinn var orðinn of stór fyrir bankann og nú starfar Almenni lífeyrissjóðurinn frjáls og óháður.

**Aðalfundur fram undan**

Eftir eina viku verður aðalfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins og hann verður að sjálfsögðu haldinn í húsakynnum Arion banka. Kosnir verða tveir af sjö stjórnarmönnum til tveggja ára. Undirritaður hefur verið sjóðsfélagi í 24 ár og starfaði í 20 ár á verðbréfamarkaði, fyrst hjá Kaupþingi, en síðar með eigið verðbréfafyrirtæki, H.F. Verðbréf, sem þjónustaði meðal annars flesta lífeyrissjóði landsins um árabil. Þá stofnaði ég upplýsingasíðuna Kelduna svo meðal annars mætti bera saman ávöxtun verðbréfa- og lífeyrissjóða ásamt öðrum hagnýtum upplýsingum og aðgangi að opinberum skrám.

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins og vil þannig leggja mitt lóð á vogarskálar nýrra vinnubragða. Þá hef ég lagt fram tillögu til aðalfundar um að grein 4.9. í samþykktum sjóðsins verði afnumin en hún kveður á um að Arion banki annist daglegan rekstur Frjálsa lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi. Slíkt ákvæði í samþykktum er öfugmæli hjá sjóði sem kennir sig við frelsi. Rígbundinn sem hann er í báða skó.

**Mætum og höfum áhrif**

Aðalfundir lífeyrissjóða eru allajafna fámennar samkomur og einstaka sjóðsfélagar finna til lítilla áhrifa. Dræm kosningaþátttaka viðheldur óbreyttu fyrirkomulagi. Ég hvet þá sjóðsfélaga, sem vilja ný og nútímaleg vinnubrögð, til að fjölmenna á aðalfundinn miðvikudaginn 30. maí kl. 17.15. Það verður áhugavert að heyra sjónarmið sjóðsfélaga. Sjálfum finnst mér klént að reka 200 milljarða lífeyrissjóð í eigu 55 þúsund sjóðfélaga, eins og skúffu í fjárfestingarbanka. Það er alfarið á valdi sjóðfélaganna að breyta því úrelta fyrirkomulagi.




## Átta af hverjum tíu sem koma í forskoðun geta losnað við gleraugun

Það eru margar leiðir færar til að losna við gleraugu og leiðirnar til bata margar. Þar kemur Sjónlag til sögunnar með fjölbreytta þjónustu margra færustu sérfræðinga landsins.

Hjá Sjónlagi starfa átta augnlæknar, þrír sjóntækjafræðingar og fimm hjúkrunarfræðingar ásamt öðru starfsfólki sem veitir faglega ráðgjöf.

Sjónlag býður eingöngu upp á sjónlagsaðgerðir sem eru algjörlega hnífláusar. Hnífláusar aðgerðir þýða skjótari bata en með þeim aðferðum sem beitt hefur verið hér á landi hingað til.

**Pantaðu tíma í forskoðun í síma 577 1001 og kynntu þér hvernig við getum gert líf þitt betra**

sjónlag

**www.sjonlag.is**

Glæsibær - Álfheimar 74 - 104 Reykjavík - Sími 577 1001

# Skotsilfur

## Hættur hjá GAMMA



**Friðrik Már Baldursson,** prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, hætti nýlega störfum hjá fjármálafyrirtækinu GAMMA Capital Management þar sem hann hafði starfað sem efnahagsráðgjafi. Friðrik Már var ráðinn til GAMMA vorið 2016 en hann tók þá við starfinu af Ásgeiri Jónssyni, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur annars í nógu að snúast þessa dagana í starfi sínu sem formaður nefndar sem leggur mat á hæfni umsækjenda um embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Gert er ráð fyrir að endanleg niðurstaða nefndarinnar liggi fyrir í næstu viku.

## Kunnuglegar tölur



Athygli vakti í síðustu viku þegar **Heiðar Guðjónsson**, stjórnarformaður Sýnar, bætti við sig hátt í 1,5 milljónum hluta í félaginu daginn eftir að það birti uppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung. Heiðar gerði raunar það sama daginn eftir birtingu ársuppgjörs 2017 í byrjun mars. Glöggir menn veittu því sérstaka athygli að Heiðar keypti fyrir jafnvirði 100,5 milljóna króna í mars og 98,9 milljónir króna í síðustu viku. Tölurnar eru kunnuglegar enda er sú fyrri notuð sem tíðni útvarpsstöðvar Árvakurs, keppinautar Sýnar, og sú síðari er tíðni Bylgjunnar, helstu útvarpsstöðvar Sýnar.

## Eimskip áfrýjar



Eimskip hefur áfrýjað til Landsréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem hafnað var kröfum skipafélagsins sem vildi fella úr gildi 50 milljóna króna sekt Fjármálaeftirlitsins á hendur félaginu. Um leið hefur **Gunnar Sturluson**, einn eigenda lögmannsstofunnar Logos, tekið við málinu fyrir hönd Eimskips en meðeigandi hans, Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, flutti málið fyrir skipafélagið í héraði. Talsvert púður hefur verið lagt í rekstur málsins af hálfu deilenda. Mikið er enda talið í húfi. Dómurinn gæti að sögn kunnugra haft víðtækt fordæmisgildi til framtíðar um hvernig túlka eigi innherjareglur verðbréfaviðskiptalaganna.

# Tyrkneska líran lækkar skarpt




Vegfarandi gengur fram hjá gjaldeyrisskiptistöð í Istanbúl í Tyrklandi. Seðlabanki landsins hefur setið aðgerðalaus hjá á meðan tyrkneska líran hefur fallið um hátt í tuttugu prósent gagnvart Bandaríkjadal það sem af er ári. Fjárfestar hafa kallað eftir vaxtahækkunum en Erdogan forsætisráðherra hefur frekar sagst vilja sjá vexti lækka. Greinendur búast við frekari gengislækkun verði ekki gripið til aðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Innviðafjármögnun



**Kristrún Frostadóttir**
aðalhagfræðingur Kviku banka

Stórtækar innviðafjárfestingar munu reyna á þanþol hagkerfisins, rétt eins og stórkostlegt innflæði ferðamanna gerði síðastliðin ár. Jákvæði punkturinn er að innviðafjárfestingar eru þjóðhagslega arðbærar þar sem þær stækka framboðsgetu þjóðarbúsins. Um þetta virðast flestir sammála í dag, og því ekki lengur rökrætt um hvort ráðast eigi í slík verkefni, heldur um fyrirkomulag fjármögnunar.

McKinsey Global Institute telur að arðsemi nauðsynlegra innviðafjárfestinga á heimsvísu sé allt að 20%. Ef talan er heimfærð upp á Ísland væri arðsemi ríkisins af slíkum fjárfestingum tæp 7%, miðað við að ríkið taki til sín þriðjung hverrar krónu í landsframleiðslu. Þessi arðsemi er langt umfram fjármagnskostnað ríkissjóðs í dag, hvort sem tekið er mið af nafn- eða raunkostnaði til rúmlega áratugar. Því væri vel hægt að rökstyðja lántöku fyrir slíkum fjárfestingum. Umfang innviðaframkvæmda sem vilji er fyrir að ráðast í næstu 5-7 árin nemur um 150 milljörðum króna, eða 6% af landsframleiðslu. Skuldir ríkissjóðs færðust nærri 40% af landsframleiðslu ef framkvæmdirnar yrðu fjármagnaðar í gegnum ríkissjóð, sem væri enn lágt hlutfall í alþjóðlegum samanburði. Áhættuminnst væri að skulda í krónum, en vegna innflæðishafta yrði líklega aðeins um innlenda fjármögnun að ræða um sinn, mestmegnis lífeyrissjóðanna.

Enginn pólitískur vilji er þó fyrir því að auka skuldsetningu ríkissjóðs. Samgönguráðuneytið undirbýr því stofnun fjárfestingarfélags sem kemur í veg fyrir beina skuldsetningu með því að færa framkvæmdina af reikningi ríkissjóðs. Ef lántaka félagsins verður með ríkisábyrgð, líkt og starfsemi Landsvirkjunar var lengst af, má velta því upp hver greinarmunurinn sé í raun á skuldsetningu slíks félags og ríkissjóðs beint. Reynslan segir okkur að lántökukostnaður verður nokkrum punktum hærri en ríkissjóðs. Á móti kemur að jöfnuður ríkissjóðs lítur betur út því fjárfestingarútgjöldin renna ekki í gegnum fjárlög, heldur eignfærast á efnahagsreikningi félagsins og afskrifast á löngum tíma líkt og í hefðbundnum fyrirtækjarekstri. Þessu er ólíkt farið í bókhaldi ríkissjóðs þar sem milljarða fjárfestingar bókast sem útgjöld strax. Hvati til að draga úr bókhaldslegum hallarekstri ríkissjóðs drífur þannig fjárfestingaráform inn í sérstök félög. Útgjöldin og skuldsetningin eru þó enn til staðar í kerfinu, með ríkisábyrgð.

Þriðja leiðin er að bjóða fjárfestum eignarhlut í viðkomandi framkvæmd líkt og þekkist í flestum nágrannalöndum okkar. Um fjórðungur opinberrar fjárfestingar í Portúgal á árabilinu 2000-2015 fól í sér aðkomu einkaaðila, og um fimmtungur í Bretlandi samkvæmt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Hér á landi gæti slík útfærsla falið í sér beina fjárfestingu fjárfestingar- og lífeyrissjóða. Aðkoma íslensku lífeyrissjóðanna myndi þó draga úr svigrúmi þeirra til að fjárfesta erlendis, sem mikil áhersla hefur verið á. Sjóðirnir fjárfestu erlendis fyrir 120 milljarða króna í fyrra, ekki langt frá árlegri iðgjaldasöfnun þeirra. Ef þeir myndu fjármagna 150 milljarða króna verkefnin sem setja á inn í fyrrgreint félag næmi það um 20-25% af fjárfestingarþörf þeirra yfir 5 ára tímabil. Áfram myndu framkvæmdirnar þá fyrst og fremst reiða sig á innlendan sparnað, líkt og með beinni og óbeinni skuldsetningu ríkissjóðs. Lítil þjóðhagsleg áhættudreifing myndi ávinnast af stofnun slíks félags ef lífeyrissjóðir og aðrir innlendir aðilar yrðu einu fjárfestarnir.

Ef stefnan er að auka erlenda fjárfestingu hér á landi eru innviðir mögulega fýsilegasti kosturinn fyrir erlenda stofnanafjárfesta, sökum stærðargráðu verkefnanna. Lífeyrissjóður kennara í Ontariofylki í Kanada á til að mynda hlut í vegum og flugvöllum í Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku. Vel má vera að betra væri að íslenskir lífeyrissjóðir fjárfestu í innviðum annarra landa, líkt og Kanadamenn gera til að ná betri áhættudreifingu, og opna frekar á aðkomu erlendra stofnanafjárfesta inn í verkefni hér á landi. Síðan má hugsa sér blandaða leið innlendra og erlendra stofnana- og einkafjárfesta með aðkomu ríkisins. Nær væri að umrætt fjárfestingarfélag beitti sér fyrir slíku fyrirkomulagi, frekar en krókaleið að innlendri fjármögnun sem bætir bókhaldslega stöðu ríkissjóðs en gerir lítið fyrir áhættudreifingu þjóðarbúsins.

# Ef Obama komst heim í kvöldmat – af hverju þá ekki þú?



**Herdís Pála Pálsdóttir**
FKA-félagskona, fyrirlesari og áhugamanneskja um stjórnun og árangur

Ert þú enn á þeim stað að telja að starfsmaðurinn sem mætir fyrstur á morgnana og fer síðastur heim sé sá starfsmaður sem vinni mest og sé tryggastur vinnustaðnum?

Ert þú enn á þeim stað að telja að álag í vinnu sé bara mælt í fjölda skráðra vinnustunda?

Ert þú enn á þeim stað að telja að það að taka tíma á vinnustaðnum til að fjalla um streitu, svefn og andlega heilsu sé óþarfi og lýsi einhverri óþarfa linkind?

Nýlega var haldin afmælisráðstefna Virk og þar var ég með erindi þar sem ég talaði til forstjóra framtíðarinnar. Því var bæði beint til þeirra sem eru forstjórar í dag og ætla sér að vera það áfram og þeirra sem eiga eftir að setjast í forstjórastóla. Fram er kominn fjöldi rannsókna og fjöldi útgefinna bóka virtra fræðimanna sem tala á nýjan hátt um vinnusambönd, starfsánægju og framleiðni.

Í framtíðinni, sem kannski er bara þegar komin, gerir starfsfólk aðrar kröfur en áður fyrr. Kannski ekki síst þar sem margt í fortíðinni, og kannski nútíðinni, er ekki að skila þeim árangri sem við höldum eða vonumst eftir. Vinnuveitendur leita eftir aukinni framleiðni og bættum rekstrarniðurstöðum – starfsfólk leitar eftir auknum lífsgæðum. Það eru til leiðir til að láta þetta fara saman.

Það er kominn tími á að stýra með nýjum hætti. Stjórnendur, og þá kannski ekki síst forstjórar, kunna að þurfa að endurmennta sig, endurskoða eldri hugmyndir sínar og hafa sjálfstraust til að sjá að aukinn sveigjanleiki í starfshlutfalli og vinnutíma, fjarvinna og samtöl um andlega heilsu og almenna vellíðan mun skila árangri.

Vinnustaðir þar sem mannauðsstjórnun er sinnt með faglegum hætti, þar sem forstjóri og mannauðsstjóri vinna vel saman, að því að skapa heilbrigðan og eftirsóknarverðan vinnustað hlýtur að vera nokkuð sem alla fyrirtækjaeigendur dreymir um. Hvort sem er hjá hinu opinbera eða í einkageiranum. Enda fer samkeppni um hæft og gott starfsfólk bara vaxandi og mönnun og menning vinnustaða hefur mjög mikil áhrif á árangur og rekstrarniðurstöður á hverjum tíma.

## ALLT Á EINUM ÖRUGGUM STAÐ




# HAGRÆDDU.
# EINFALDAÐU BÍLAMÁL FYRIRTÆKISINS

Fyrirtækjalausnir Brimborgar veita fyrirtæki þínu ráðgjöf sem tryggir hagkvæmar, sérsniðnar heildarlausnir í bílamálum.
Í boði eru yfir 500 gerðir af fólksbílum, jeppum og atvinnubílum frá 5 heimsþekktum bílamerkjum til kaups eða leigu hjá Brimborg.
Framúrskarandi viðhalds, dekkja- og hraðþjónusta og flotastýring hjá 250 sérhæfðum starfsmönnum Brimborgar tryggir fyrirtæki þínu hagræðingu, þægindi, sveigjanleika og lengri uppitíma.



## HEILDARLAUSNIR Í BÍLAMÁLUM

BÍLAR | ÞJÓNUSTA | FLOTASTÝRING



**Pantaðu ráðgjöf á brimborg.is**

BRIMBORG FYRIRTÆKJA LAUSNIR

*Öruggur staður til að vera á*



# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 23. maí 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Kóði hagnaðist um 88 milljónir

Hugbúnaðarfyrirtækið Kóði, sem rekur meðal annars Kelduna, hagnaðist um 88 milljónir króna árið 2017 og jókst hagnaðurinn um 30 prósent á milli ára. Tekjurnar námu 368 milljónum króna og jukust um 18 prósent á milli ára. Arðsemi eigin fjár nam 81 prósenti en eigið fé var 127 milljónir við árslok. Stjórn félagsins leggur til að arðgreiðsla nemi 80 milljónum í ár en hún var 50 milljónir síðastliðin tvö ár.



Thor Thors, framkvæmdastjóri Kóða

Kóði á eins og fyrr segir Kelduna, upplýsingaveitu fyrir íslenskt viðskiptalíf, og Vaktarann sem sinnir net- og fjölmiðlavöktun. Fyrirtækið rekur jafnframt verðbréfaviðskiptakerfið KODIAK. Auk þess gekk það í hluthafahóp Sea Data Center á þessu ári. Stærstu hluthafar Kóða eru Thor Thors, framkvæmdastjóri fyrirtækisins með 22,7 prósenta hlut, Dagur Gunnarsson forritari með 19 prósent, og Tómas Tómasson forritari með 19 prósent. – hvj

18.05.2018

**Þetta er allt orðið erfiðara. Það er allt að hækka en það er ekki hægt að hækka verðið.**

Hrefna Rósa Sætran, eigandi Fiskmarkaðarins og Grillmarkaðarins



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Dýr handvömm Eimskips

**Eimskip** birti á mánudag athyglisverða tilkynningu, sem kynnt var sem eins konar viðbót við afkomutilkynningu félagsins frá 17. maí síðastliðnum.

**Í tilkynningunni** var sérstaklega tekið fram að tveir starfsmanna félagsins, þar með talinn forstjórinn, hefðu verið boðaðir í yfirheyrslur þann 11. maí og í framhaldi fengið réttarstöðu sakbornings í rannsókn samkeppniseftirlitsins á meintu samráði Eimskips og Samskips.

**Í afkomutilkynningunni** frá 17. maí var einungis minnst á það í framhjáhlaupi á blaðsíðu sex að rannsókn stæði yfir og að starfsmennirnir hefðu réttarstöðu sakbornings. Ekkert var minnst á dagsetningu í þeim efnum.

**Eins og** flestir vita þá ber skráðum félögum að tilkynna markaðnum án tafar um mál sem geta haft verðmótandi áhrif á gengi bréfa félagsins.

**Varla** verður komist að annarri niðurstöðu en að Eimskip hafi því átt að tilkynna um nýjar væringar í samkeppnismálinu svo fljótt sem verða mátti eftir atburðina 11. maí.

**Þeir** létu það hins vegar hjá líða og gróf u málið á blaðsíðu sex í afkomutilkynningunni.

**Ljóst** er að líkur eru á því að einhverjir fjárfestar hafi á þessum tíu dögum vitað meira en aðrir, enda eiga tíðindi sem þessi það til að kvisast út.

**Sannarlega** voru þetta verðmótandi upplýsingar enda sýndi það sig í því að bréf félagsins fóru niður um rétt tæp 5 prósent í gær þegar Eimskip vakti loks athygli á málinu.

**Heildarviðskipti** með bréf í Eimskip hafa numið réttum hálfum milljarði frá 11. maí, og því ljóst að ekki er um neinar smáupphæðir að ræða. Vonandi, markaðarins vegna, sátu allir við sama borð í þeim viðskiptum.

**Nú skal** enginn ætla að mistök sem þessi verði af ásetningi. Fyrir suma gæti þetta hins vegar reynst dýr handvömm.


ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is





# Einföld lausn **fyrir lítil félög** til að skila ársreikningi

- Hnappurinn er einföld og þægileg lausn fyrir lítil félög (örfélög) til að setja upp og skila ársreikningi.
- Eftir að félög hafa skilað inn skattframtali geta þau farið á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, og valið að láta ríkisskattstjóra útbúa ársreikning félagsins.
- Ríkisskattstjóri útbýr ársreikning byggðan á upplýsingum úr skattframtali félagsins sem síðan er skilað til ársreikningaskrár.
- Algjörlega rafrænt ferli - enginn pappír til ríkisskattstjóra.

**Hvað er örfélag?**
Örfélag er félag sem við uppgjörsdag fer ekki fram úr tveimur af þremur stærðarmörkum sem eru:

a) Heildareignir: 20 milljónir kr.
b) Hrein velta: 40 milljónir kr.
c) Meðalfjöldi ársverka á reikningsári: 3 starfsmenn.

**Fullgild skil**
Skili félög hnappsársreikningi teljast það fullgild skil til ríkisskattstjóra og ársreikningaskrár.

Ef stjórnendur örfélags vilja ekki nýta sér heimildina verða þeir líkt og áður að skila hefðbundnum ársreikningi bæði til ríkisskattstjóra og ársreikningaskrár.

Félög sem eru endurskoðunarskyld mega ekki skila hnappsársreikningi.

**Nánari upplýsingar um Hnappinn eru á vef ríkisskattstjóra, *rsk.is***

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:00 | STOFNUN ÁRSINS 2018

# Skrautlegt tímabil að baki hjá Hauki

**Haukur Helgi Pálsson og félagar hans hjá Cholet hafa lent í skakkaföllum í vetur sem urðu til þess að liðið var nálægt falli. Haukur Helgi gæti vel hugsað sér að vera áfram hjá félaginu á næstu leiktíð, en setur stefnuna á að spila einhvern tímann aftur á Spáni.**

**KÖRFUBOLTI** Haukur Helgi Pálsson, landsliðsmaður í körfubolta, hefur nýverið lokið viðburðaríku keppnistímabili með liði sínu, Cholet, en liðið sogaðist ofan í fallbaráttu undir lok leiktíðarinnar eftir fína byrjun. Ýmislegt gekk á hjá franska liðinu á leiktíðinni sem var að ljúka, en Haukur Helgi og félagar hans sluppu sem betur fer við falldrauginn á endanum. Haukur Helgi var að hvíla lúin bein á Mallorca þegar Fréttablaðið forvitnaðist um stöðu mála hjá honum.

„Þetta var ansi kaflaskipt tímabil og margt furðulegt sem gerðist hjá liðinu í vetur. Við vorum góðir fyrir áramót og vorum bara um miðja deild um áramótin. Svo fór að síga á ógæfuhliðina eftir áramót og þegar upp var staðið náðum við bara í fimm sigurleiki í sautján tilraunum á þessu ári og endum í því að vera í baráttu í neðri hluta deildarinnar. Þetta lið var ekki svona slakt og það voru meiðsli og veikindi til að mynda hjá mér sem settu strik í reikninginn,“ segir Haukur Helgi þegar hann rifjar upp keppnistímabilið.

„Það var einnig nokkuð mikil velta á leikmönnum hjá okkur sem hjálpaði ekki til. Til þess að toppa vesenið á okkur á leikmannamarkaðnum þá gufaði bandarískur leikmaður sem hafði samið við félagið upp skömmu eftir hann kom til okkar. Liðsfélagi minn skutlaði honum bara á flugvöllinn og hann sagðist vera að fara í stutta ferð og kæmi svo aftur. Við sáum hann ekkert aftur og ég veit ekkert hvers vegna hann guggnaði á að koma,“ segir hann um vandræðaganginn hjá félaginu undanfarna mánuði.



Haukur Helgi Pálsson, landsliðsmaður í körfubolta, er hérna á fleygiferð með liði sínu Cholet í deildarleik í lok apríl. Hann lék afar vel með liðinu á nýlokinni leiktíð og átti ríkan þátt í að það hélt sæti sínu í efstu deild. NORDICPHOTOS/GETTY

„Við náðum hins vegar að bjarga okkur fyrir horn og það er fyrir öllu. Ég er líka laus við meiðslin sem voru að plaga mig í upphafi árs og það er kærkomið að komast í smá frí eftir langt og strangt tímabil. Næst á dagskrá hjá mér eru landsleikir í júní og ég fer að huga að þeim í lok maí. Það eru breytingar í farvatninu hjá Cholet, þjálfaraskipti, og svo á að hleypa ungum og efnilegum frönskum leikmönnum að hjá liðinu,“ segir Haukur Helgi um framtíðina.

> Það var einnig nokkuð mikil velta á leikmönnum hjá okkur sem hjálpaði ekki til. Til þess að toppa vesenið á okkur á leikmannamarkaðinum þá gufaði bandarískur leikmaður sem hafði samið við félagið upp skömmu eftir hann kom til okkar.
>
> Haukur Helgi Pálsson

„Aðstoðarþjálfarinn er að taka við liðinu og stefnan er að hleypa að leikmönnum sem hafa verið að gera það gott með unglingaliðinu undanfarin ár. Það er alveg spennandi að taka þátt í því og þeir hafa boðið mér að vera áfram hjá félaginu. Ég mun skoða hvernig landið liggur í lok júlí og ákveða mig hvað ég geri. Það eru fleiri lið að kroppa í mig, en mér liggur ekkert á að taka ákvörðun.

Mig langar á einhverjum tímapunkti að fara aftur til Spánar og sanna mig þar. Ég var of ungur þegar ég fór þangað og það er í stefnuskránni að fara einhvern tímann þangað aftur, hvort það gerist í haust eða seinna kemur svo bara í ljós,“ segir Haukur Helgi enn fremur um framtíð sína.

hjorvaro@frettabladid.is



## Merkisatburðir

**1430** Jóhanna af Örk er tekin til fanga við Compiègne.

**1618** 30 ára stríðið hefst í Evrópu með uppþotum í Prag.

**1923** Írski lýðveldisherinn lýsir yfir vopnahléi. Þar með lýkur borgarastyrjöldinni á Írlandi.

**1949** Vestur-Þýskaland var formlega stofnað á hernámssvæðum Bandaríkjamanna, Breta og Frakka í Þýskalandi.

**1965** Danir samþykkja að afhenda Íslendingum handrit úr Árnasafni í Kaupmannahöfn.

**1976** Samningar nást milli íslenskra og breskra stjórnvalda í Landhelgismálinu.

**1977** Hryðjuverkamenn frá Mólúkkaeyjum hertaka skóla og lest í Bovensmilde í Hollandi og taka 195 gísla.

**1985** Stefna Íslendinga í afvopnunarmálum er staðfest á Alþingi: Á Íslandi verða ekki staðsett kjarnorkuvopn.

**1985** Smáþjóðaleikarnir eru settir í fyrsta sinn í San Marínó.

**2003** Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin fer til Alsír til rústabjörgunar. Tveimur dögum fyrr varð jarðskjálfti 6,7 á Richter í norðurhluta Alsír.




✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Sonja Guðlaugsdóttir**

Böðvarsgötu 11, Borgarnesi,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi, fimmtudaginn 17. maí. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju, laugardaginn 2. júní kl. 11.

**Þórður Sigurðsson**
**Guðlaugur Þór Þórðarson Ágústa Johnson**
**Anna Ýr, Rafn Franklín, Þórður Ársæll og Sonja Dís**



✝

Þökkum innilega alla samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, dóttur, móður, ömmu og langömmu,

**Steinunnar Marinósdóttur**

Ásbúð 11, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til Lögreglukórs Reykjavíkur og Heimahlynningar Landspítalans.

**Sigurður Viðar Benjamínsson**
**Margrét S. Einarsdóttir**
**Þórir Marinó Sigurðsson**
**Einar Björn Sigurðsson**
**Brynja Lísa Þórisdóttir**
**Sigurður Ingvar Þórisson**
**Ísabella Sól**



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,

**Marta Bíbí Guðmundsdóttir**

póstmeistari og skíðadrottning,

lést þann 13. maí 2018 á heimili sínu. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast Mörtu Bíbíar er bent á styrktarsjóð í hennar nafni hjá Zontaklúbbi Reykjavíkur, 0513-26-401717, kt. 610174-1839.

**Hjördís, Andrea og Jakob**
**Jóhanna og Sigurður**
**Tómas, Hjálmar og Ida, Marteinn**
**Geirný Ósk og Erik**
**Friðrikka og Nichlas**



✝

Ástkær dóttir okkar og móðir mín,

**Katrín Ólafsdóttir**

læknir,

sem lést þann 10. maí, verður jarðsungin frá Neskirkju 24. maí kl. 13.00.

**Ólafur Haraldsson Inga Lára Bachmann**
**Kormákur Hólmsteinn Friðriksson**




Icelandic Lava Show tók þátt í Startup Reykjavík árið 2016 og vakti mikla athygli á fjárfestadeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Aldrei fleiri umsóknir borist í Startup Reykjavík

**Viðskiptahraðallinn Startup Reykjavík er nú við það að fara í gang. Kunngert hefur verið hvaða tíu teymi taka þátt í ár og vekur það athygli að þrjú þeirra eru erlend. Tvö hundruð og sjötíu umsóknir bárust í ár og er það metfjöldi og 45 prósenta fjölgun frá því í fyrra.**

Þetta er í sjöunda sinn sem Startup Reykjavík viðskiptahraðallinn er gangsettur en í ár er aðsóknin að honum 45 prósentum meiri en í fyrra – umsóknir voru 270 í ár og um helmingur þeirra barst að utan.

„Við höfum góð tengsl við aðra hraðla um allan heim og sömuleiðis vorum við valin besti hraðallinn á Norðurlöndunum á Nordic Startup Awards 2015. Þannig höfum við vakið athygli erlendis og því fengið töluvert af umsóknum að utan – þær hafa verið um 30 prósent allra umsókna, en nú í ár voru þær um 50 prósent. Á síðasta ári tókum við inn fyrsta og eina erlenda teymið, Zifra frá Svíþjóð.

**Við höfum aldrei auglýst markvisst erlendis og aðalmarkhópur okkar er íslensk fyrirtæki – þannig að það má segja að þessi aukning hafi átt sér stað „óvart“.**



Edda Konráðsdóttir, verkefnastjóri hjá Icelandic Startups

Við höfum aldrei auglýst markvisst erlendis og aðalmarkhópur okkar er íslensk fyrirtæki – þannig að það má segja að þessi aukning hafi átt sér stað „óvart“,“ segir Edda Konráðsdóttir, verkefnastjóri hjá Icelandic Startups.

Teymin tíu sem valin hafa verið til þátttöku eru afar fjölbreytt. Flest þeirra eru vel á veg komin með verkefni sín og farin að afla tekna. Þrjú teymanna eru erlend, frá Bretlandi, Svíþjóð og Spáni. Þau munu njóta ráðgjafar og leiðsagnar reyndra frumkvöðla, fjárfesta og annarra sérfræðinga með það að markmiði að þróa áfram viðskiptahugmyndir sínar.

stefanthor@frettabladid.is

## Teymin

**Anymaker**
Stafrænt stúdíó sem framleiðir þrívíddarhugbúnað ætlaðan börnum.

**Blockcycle**
Kerfi sem nýtir Blockchain-tæknina til að rekja feril umbúða frá afurð til endastöðvar.

**Ekki banka**
Einföld og snjöll þjónusta, sem hjálpar fólki að gera meira úr peningunum sínum.

**Huginn.care**
Skýjalausn, fyrir fyrirtæki og stofnanir, sem ætlað er að einfalda atvika- og dagbókaskráningar skjólstæðinga í umönnun.

**Koride**
Deilibílalausn fyrir ævintýragjarna ferðamenn á Íslandi.

**Leiguskjól**
Fjártæknifyrirtæki sem býr til nýjar lausnir fyrir leigumarkað.

**Melius**
Hannar og framleiðir vélbúnað sem gerir snjallsímum kleift að fylgja því sjálfvirkt eftir sem tekið er upp á símanum.

**Sea Data Center**
Tæknilausn sem byggir á einstökum gagnagrunni og ætlað er að auka virði viðskipta meðal fyrirtækja í sjávarútvegi.



**Taktikal**
Hugbúnaðarlausn sem gerir einstaklingum og lögaðilum mögulegt að stofna til viðskipta á örfáum mínútum með sjálfvirknivæðingu á ýmsum viðskiptaferlum.

**Unify Me**
Tæknilausn sem gerir fyrirtækjum kleift að eiga öll innri samskipti á einum stað.



Gosið í Eyjafjallajökli hafði áhrif á um sex prósent heimsbyggðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Eldgosið í Eyfjallajökli hið frægasta síðustu áratuga

**Í dag eru átta ár liðin frá því að eldgosinu í Eyjafjallajökli lauk. Talið er að um sex prósent heimsbúa hafi orðið fyrir áhrifum eða óþægindum af einhverju tagi vegna gossins. Eldgosið var sennilega meiri landkynning en nokkur auglýsingaherferð hefði skilað landinu.**

Eldgosið í Eyjafjallajökli lendir ekki í flokki stórgosa en það sem var óvenjulegt var að öskugosið stóð yfir í lengri tíma eða næstum sex vikur. Áhrifin af gosinu voru víðtæk og það var erfitt fyrir fólk sem bjó nærri jöklinum, bændur og aðra. Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, segir þetta frægasta eldgos síðustu áratuga. „Eldgosið í Eyjafjallajökli olli fólki sem bjó í grennd við jökulinn, einkum undir Eyjafjöllum, í Mýrdalnum og víðar, miklum óþægindum og erfiðleikum. Þetta var ekki þægilegur tími og óvissa var um framhaldið á meðan á gosinu stóð og hversu miklar skemmdir yrðu í kjölfarið,“ segir Magnús.

Eyjafjallajökull er sjötti stærsti jökull landsins. Undir jöklinum er eldkeila þar sem hefur gosið fjórum sinnum síðan land byggðist, eða árin 920, 1612, 1821 og svo 2010, og flokkast öll fremur lítil nema gosið 2010 sem var þeirra mest og telst í meðallagi.

„Hvað varðar eldfjallafræði og áhrif á flugumferð og því um líkt, þá er þetta frægasta eldgos síðustu áratuga. Það var hægt að gera svo mikið og rannsaka mikið þar sem gosið stóð yfir svo lengi. Svo hafði það áhrif á ótrúlega marga og það muna flestir eftir þessum tíma. Þetta er eina eldgosið sem hefur haft bein áhrif sem um munar í Evrópu síðan í Skaftáreldunum.“ Farþegaflug lagðist niður að mestu í fimm heila sólarhringa og meira en 100.000 áætlunarferðum var aflýst. Erlendir fjölmiðlar fjölluðu mikið um eldgosið og var það heldur skoplegt að fylgjast með þeim reyna að bera fram nafn jökulsins, en það tók á sig ansi skrautlegar myndir.

Viðmælendur í fjölmiðlum urðu ýmist öskuillir yfir því hversu mikið eldgosið raskaði ferðum þeirra á meðan öðrum fannst eldgosið og Ísland forvitnilegt.

Óttast var að ferðamenn myndu ekki hætta sér til landsins vegna gossins sem hefði ekki komið sér vel. „Reyndin varð hins vegar þveröfug og það var upp úr því sem að ferðamannastraumurinn fór virkilega af stað. Áhrif af gosinu á Ísland eru mikil sem endaði með að vera stærri auglýsing fyrir landið en hægt væri að búa til og ferðamenn hófu að flykkjast til Íslands,“ segir Magnús. „Það er ekkert víst að þetta hefði orðið svona ef gosið hefði ekki orðið.“

gj@frettabladid.is

---



Ástkær sambýliskona, stjúpmóðir,
systir og mágkona,

**Helga Guðmundsdóttir**
Laugarnesvegi 67, Reykjavík,

lést að heimili sínu 13. maí sl. eftir skammvinn en erfið veikindi.
Útför hennar fer fram í Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 25. maí kl. 13.00.

**Ævar Rafn Kjartansson**
**Friðrik Már Ævarsson**
**Elísabet Elma Guðrúnardóttir**
**Lilja Guðmundsdóttir**
**Andrea Guðmundsdóttir**
**Andrea Ösp Kristinsdóttir**
**Björg Brjánsdóttir**
**Guðmundur V. Hauksson**
**Eysteinn Sigurðsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Soffía Kristín Þorkelsdóttir**
Hömrum, Mosfellsbæ,

lést þann 20. maí að Hömrum í Mosfellsbæ. Útförin fer fram í Lágafellskirkju þann 25.05. kl. 13.00.

**Ólöf Högnadóttir**
**Þorkell G. Högnason**
**Dorothea M. Högnadóttir**
**Björk Högnadóttir**
**Högni U. Högnason**
**Tryggvi Högnason**
**Heiðlindur Högnason**
**Jón Þ. Ólafsson**
**Hafdís H. Ásgeirsdóttir**
**Sigurður Sigurjónsson**
**Jón R. Sigmundsson**
**Hrund Ævarr Sigurbjörnsd.**
**Elísabet J. Jónsdóttir**

---



Elskulegur mágur minn
og föðurbróðir okkar,

**Sigurður Björgvin Björgvinsson**
Eyravegi 5, Selfossi,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði laugardaginn 19. maí.

**Friðsemd Eiríksdóttir**
**Þórður Þorkelsson**
**Sigurvin Þorkelsson**
**Sveinbjörn Þorkelsson**
**Eiríkur Þorkelsson**
**Kristrún Þorkelsdóttir**
**Helga Þorkelsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Þormóður Sturluson**
bóndi Fljótshólum,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum Selfossi 16. maí.
Útförin verður gerð frá Gaulverjabæjarkirkju laugardaginn 2. júní kl. 14.

***Guðrún Jóhannesdóttir***
***Sigríður Þormóðsdóttir***
***Jóhannes Þormóðsson***
***Pálmi Þormóðsson***
***Sturla Þormóðsson***
***og fjölskyldur.***

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Áróra Tryggvadóttir**
Þykkvabæ 7,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 7. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Viljum við koma á framfæri innilegu þakklæti til starfsfólksins á öldrunardeild Sjúkrahúss Akraness og hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík fyrir yndislega umönnun og hlýju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Elliði Norðdahl Ólafsson**
**Sigrún Guðlaug Ólafsdóttir**
**Magnús Ólafsson**
**Sunna Ólafsdóttir**
**Kolbrún Ólafsdóttir**
**Ásgeir Norðdahl Ólafsson**
**Sigurjón Ólafsson**
**Auður Auðbergsdóttir**
**Laufey Stefánsdóttir**
**Björn Ingi Rafnsson**
**Marinó Guðmundsson**
**Kolbrún Karlsdóttir**
**Matthildur Ernudóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

Faðir minn, afi, bróðir og uppeldisbróðir,

**Eysteinn Jóhannesson**
frá Flóðatanga,
Rudesövej 13, Holte, Kaupmannahöfn,

lést í Kaupmannahöfn 8. maí, sl.
Útför hans hefur farið fram.

**Christina Bøgh Blindbæk**
**Thomas Emil, Ida Louise**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Sveinn Jóhannesson**
**Auður Fanney Jóhannesdóttir**
**Marteinn Valdimarsson**

---



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Grímur Benediktsson**
frá Kirkjubóli,
Dalbraut 14, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli föstudaginn 18. maí. Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn 25. maí kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Skjól.

**Benedikt G. Grímsson**
**Anna Inga Grímsdóttir**
**Gunnar Rúnar Grímsson**
**Smári Gunnarsson**
**Grímur Gunnarsson**
**Sara Benediktsdóttir**
**Svanur Ingimundarson**
**Ragna Þóra Karlsdóttir**
**Stephanie Thorpe**
**Þorbjörg Ásta Leifsdóttir**
**Albert Valur Albertsson**
**Lilja Karen Albertsdóttir**

---



Elskuleg eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og systir,

**Oddný Magnúsdóttir**
Efstaleiti 67, Keflavík,

sem lést fimmtudaginn 17. maí, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 25. maí kl. 13.

**Þórhallur Steinar Steinarsson**
**Hildur Þóra Stefánsdóttir**
**Hulda Rósa Stefánsdóttir**
**Gunnar Hafsteinn Stefánsson**
**Magnús Margeir Stefánsson**
**Halldóra Stefánsdóttir**
**Sigurður Björgvinsson**
**Guðni Lárusson**
**Guðrún Freyja Agnarsdóttir**
**Karitas Heimisdóttir**
**Magnús Ingi Oddsson**
**barnabörn, barnabarnabarn og systkini.**

---



Móðir okkar, amma og langamma,

**Ragnheiður Katrín Ólafsdóttir**
Skálanesi, Reykhólahreppi,

lést þriðjudaginn 15. maí á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum. Útför hennar fer fram frá Reykhólakirkju sunnudaginn 27. maí klukkan 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkinson samtökin.

**Ólafur Arnar Hallgrímsson**
**Sveinn Berg Hallgrímsson**
**Elías Már Hallgrímsson**
**Guðrún Þuríður Hallgrímsdóttir**
**Ingibjörg Jóna Hallgrímsdóttir**
**Sigrún Halldóra Arngrímsdóttir**
**Andrea Björnsdóttir**
**Arna Vala Róbertsdóttir**
**Oddur Hannes Magnússon**
**Helgi Ingvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Suðvestan kaldi með skúrum í dag, en léttskýjað á norðaustanverðu landinu. Hægari og úrkomulítið síðdegis. Hiti 5 til 13 stig, hlýjast norðaustanlands.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 5° | 4° |
| 7 | 5 | 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 8° | 1° |
| 7 | 13 | 6 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 6° | 7° |
| 8 | 9 | 10 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 1° |
| 13 | 4 | 13 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 6 | | 3 | 7 | | 4 |
| 1 | | 5 | 2 | | | | 9 | |
| 3 | | | | 9 | 1 | | | 2 |
| 6 | 1 | | | | | | | 7 |
| | | 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | | |
| | | | | | 9 | | | |
| 9 | | | | 8 | | 4 | | 3 |
| | | | | | | | 5 | |
| | 2 | 6 | 1 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| | 8 | | 5 | | 3 | 6 | | 2 |
| | 4 | 5 | 8 | | | 7 | | 9 |
| 3 | 6 | | 4 | | | | | 1 |
| | | | 1 | | 2 | 8 | 6 | |
| 1 | | | | 7 | | | | |
| | | 2 | 7 | | 5 | | | |
| 6 | | | | | | | | 7 |
| | 5 | | | | | 9 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 7 | | 9 | | | | 4 |
| | | | 4 | | | 7 | | |
| 4 | | 6 | | 5 | | | 9 | 2 |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | | | 7 | | 5 | 1 | | 6 |
| | | | | 6 | | | | 9 |
| | 9 | 3 | | | 4 | 2 | | |
| | 1 | | 8 | | | 6 | | |
| | | | | | 2 | | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. frárennsli
5. halli
6. tveir eins
8. frekara
10. ólæti
11. kopar
12. nabbi
13. snudda
15. krydd
17. umlykja

**LÓÐRÉTT**
1. fyrirgefning
2. ból
3. gyðja
4. ferð
7. borðflaska
9. framkvæmduð
12. skynfæri
14. gogg
16. í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. afrás, 5. flá, 6. kk, 8. lengra, 10. at, 11. eir, 12. arða, 13. snuð, 15. negull, 17. faðma.
**LÓÐRÉTT:** 1. aflausn, 2. flet, 3. rán, 4. skrið, 7. karafla, 9. gerðuð, 12. auga, 14. nef, 16. lm.

## Skák Gunnar Björnsson



Botvinnik átti leik gegn Bouwmaster í Hollandi árið 1958.
**Svartur á leik**
**1.… Hb1!! 2. Dxb1 Rxe3+ 3. Kg1 Dxf3 0-1.** Mikil spenna er á áskorendamótinu í Berlín. Fabiano Caruana er efstur eftir 8 umferðir af 14.

**www.skak.is:** Áskorendamótið.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Miðvikudagur

Hvar@frettabladid.is

## 23. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Íslensk ástarljóð á vorkvöldi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ásmundarsafni
Páll Valsson rithöfundur og Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur flytja dagskrá með íslenskum ástarljóðum í Ásmundarsafni við Sigtún. Páll Valsson kynnir skáldin og ljóðin, sem eru frá ólíkum tímum, allt frá 14. öld fram til okkar daga. Tónlistin við ljóðin er öll íslensk, þjóðlög og tónsmíðar. Dagskráin tengist hátíðarhöldum safnsins í tilefni af því að 125 ár eru liðin frá fæðingu Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara.

**Hvað?** Beatmakin Troopa (Dj set)
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bravó
Beatmakin Troopa/Pan Thorarensen spilar á Bravó.

**Hvað?** Fruiting Bodies (CA)
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hosteli, Skúlagötu
Hljómsveitin Fruiting Bodies frá Montreal, Kanada, kemur fram á Kexi í kvöld. Meðlimir hljómsveitarinnar eru fjórir, þrjár söngkonur og hörpuleikari. Hljómsveitin er á Íslandi á hálfgerðum tilraunatúr að undirbúa sig fyrir stærri Evróputúr sem hún ætlar sér að fara á næsta ári. Hugguleg kvöldstund í vændum og eins og alltaf er frítt inn og allir velkomnir!



Pan Thorarensen spilar á Bravó í kvöld.

**Hvað?** Kjallaradjass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallaranum
Hópurinn sem gerði mánudaga spennandi í fyrsta sinn í sögunni með Mánudjassi á Húrra ætlar að sanna í eitt skipti fyrir öll að miðvikudagar eru hinir nýju fimmtudagar. Þeir munu tvinna litríka samba-ryþma og almenna gleði inn í grámóskulegt háskólasamfélagið. Kvöldin eru með frjálslegu ívafi og allir sem vilja syngja, dansa eða spila á hljóðfæri eru velkomnir og hvattir til að stíga í sviðsljósið og taka þátt.

**Hvað?** Sunna Gunnlaugs Tríó á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hörpu
Á síðustu vortónleikum Múlans kemur fram tríó píanóleikarans Sunnu Gunnlaugs. Tríó Sunnu Gunnlaugs hefur verið iðið við tónleikahald víða um heim og fengið frábærar umfjallanir fyrir diska sína. Von er á nýjum diski á árinu og mun efnisskrá tríósins verða bland af nýju efni og tónsmíðum af eldri diskum þess. Ásamt Sunnu koma fram bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson ásamt trommuleikaranum Scott McLemore.

### Viðburðir

**Hvað?** Opin rannsóknarstofa
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Náttúrufræðistofu Kópavogs
Hægt verður að litast um baksviðs á þessum lifandi vinnustað þar sem rannsóknir eru stundaðar af kappi. Græjur og viðfangsefni rannsóknanna verða til sýnis og fyrirhugaðar rannsóknir sumarsins kynntar.

**Hvað?** Samkvæmisdanskvöld
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Dans og jóga hjartastöðinni, Skútuvogi
Hjón og pör sem kunna grunnsporin í samkvæmisdönsum geta nú skellt sér út að dansa og æft og rifjað upp cha cha cha, foxtrot, vals, sömbu, jive, tangó, rúmbu, quickstep og fleiri dansa. Jóhann Örn danskennari stjórnar tónlistinni og veitir aðstoð við að muna réttu sporin. Aðgangseyrir kr. 2.000 og allir velkomnir.

**Hvað?** Vísindamenn NASA halda fyrirlestur
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Stofu V101, Háskólanum Í Reykjavík
Vísindamenn bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA, dr. Jennifer Heldmann og dr. Linda T. Kobayashi, eru komnar til Íslands til að kanna aðstæður til rannsókna og prófana á tækni og tækjum fyrir ferðir til Mars og annarra geimferða. Þær halda fyrirlestur í stofu V101 í Háskólanum í Reykjavík í dag kl. 09.00.








SLÖKKTU Á SLENINU
OG KVEIKTU Á SPORTINU



Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!

**Mitsubishi ASX** er fjórhjóladrifinn, rúmgóður sportjeppi sem skilar þér miklu afli á mjúkan og sparneytinn hátt. Þú situr hærra, hefur meira rými og nýtur aksturseiginleikanna. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki með öllum nýjum Mitsubishi bílum keyptum hjá HEKLU.** Slökktu á sleninu og kveiktu á sportinu í sumar með nýjum Mitsubishi ASX 4x4. Hlökkum til að sjá þig!

**Mitsubishi ASX Intense**
4x4, sjálfskiptur, dísil:
**3.990.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákveðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# STÆRRI BÚÐ Í SMÁRALIND!

## DELSEY FERÐATÖSKUR







**Einhyrningur með afmæliskköku**
**VILDARVERÐ: 1.499.-**
Verð: 1.999.-










**Upptakari hnota**
**VILDARVERÐ: 1.499.-**
Verð: 1.999.-

**Kokteilhristari með glasi**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.999.-

**Lyklakippa einhyrningur**
**VILDARVERÐ: 974.-**
Verð: 1.299.-




## ALLAR VÖRUR LEITZ®

COMPLETE




**Cubebot (S)**
**VILDARVERÐ: 2.249.-**
Verð: 2.999.-

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON



**Íslensk öndvegisljóð**
**VILDARVERÐ: 5.299.-**
Verð: 6.999.-

**Þjóðminjar**
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 14.499.-

**Íslenska kraftaverkið**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-

**Spámaðurinn**
**VILDARVERÐ: 2.299.-**
Verð: 2.999.-

**Kona bláa skáldsins**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.999.-

# ERLENDAR MATREIÐSLUBÆKUR



40% afsláttur

# ALLAR BARNABÆKUR

20% VILDARAFSLÁTTUR

STAEDTLER®

# FINELINER TÚSSAR & TRÉLITIR



30% vildarafsláttur

25% vildarafsláttur



**Þráðlaus hátalari með bluetooth og hljóðnema**
**VILDARVERÐ: 7.499.-**
Verð: 9.999.-

25% vildarafsláttur



**LX pennar**
**VILDARVERÐ FRÁ: 3.599.-**
Verð frá: 4.799.-

25% vildarafsláttur



**Slím bleikt**
**VILDARVERÐ: 524.-**
Verð: 699.-

25% vildarafsláttur



**Gestaþraut úr við**
**VILDARVERÐ: 1.499.-**
Verð: 1.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 27. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




**GREY´S ANATOMY**
KL. 20:10
Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

Magnaður
**Miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**THE DETAIL**
KL. 20:55
Dramatískir sakamálaþættir um þrjár ólíkar lögreglukonur sem eiga það sameiginlegt að leysa erfið glæpamál í vinnunni en þurfa líka að vera hörkutól á öðrum vígstöðvum.




**NASHVILLE**
KL. 21:40
Frábærir þættir um kántrí-söngkonurnar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu.



**HIGH MAINTENANCE**
KL. 22:25
Gamanþættir um gaur sem hefur lífsviðurværi sitt af því að selja kannabis til ólíkra einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera taugaveiklaðir.



**THE MARTIAN**
KL. 22:00
Geimfarinn Mark Watney er talinn af og verður strandaglópur á plánetunni Mars eftir að geimskipið The Hermes lendir í fárviðri.



**FLASH**
KL. 22:00
Hörkuspennandi þættir um vísindamanninn Barry Allen sem er í raun ofurhetja en kraftar hans geta ferðast um á ótrúlegum hraða.






Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína langsokkur
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Grand Designs
**11.05** Spurningabomban
**11.55** The Good Doctor
**12.35** Nágrannar
**13.00** Fósturbörn
**13.25** Project Runway
**14.15** Major Crimes
**15.00** Heilsugengið
**15.25** The Night Shift
**16.10** The Path
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Kosningar 2018: Kappræður
**19.30** Sportpakkinn
**19.40** Fréttayfirlit og veður
**19.45** The Middle
**20.10** Grey's Anatomy Fjórtánda syrpa þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**20.55** The Detail
**21.40** Nashville
**22.25** High Maintenance Fimmta þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjallar um kántrí-söngkonunar Rayna Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Hayden Panettiere og með önnur hlutverk fara söngsysturnar góðkunnu Lennon og Maisy.
**22.55** Deception
**23.40** NCIS
**01.10** Barry
**01.40** Rebecka Martinsson
**02.25** Rebecka Martinsson
**03.15** The Neon Demon
**05.10** Mike and Dave Need Wedding Dates

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Grindavík - Valur
**09.00** Pepsímörkin 2018
**10.20** ÍBV - FH
**12.00** Seinni bylgjan
**12.30** Fjölnir - KR
**14.10** ÍBV - FH
**15.40** Seinni bylgjan
**17.50** Breiðablik - ÍBV
**21.15** Pepsímörkin 2018
**22.35** Fyrir Ísland

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.55** Barcelona - Real Sociedad
**10.35** Villarreal - Real Madrid
**12.15** Spænsku mörkin 2017/2018
**12.45** Fyrir Ísland
**13.25** Fulham - Derby County
**15.05** Aston Villa - Middlesbrough
**16.45** Njarðvík - Þór
**18.25** Pepsímörkin 2018
**19.45** ÍBV - FH
**21.15** Seinni bylgjan
**21.45** Breiðablik - ÍBV
**23.25** Pepsímörkin 2018

## STÖÐ 3

**19.10** The Last Man on Earth
**19.35** Anger Management
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Stelpurnar
**21.15** Flash
**22.00** Krypton
**22.45** The Hundred
**23.30** Supergirl
**01.00** Gotham
**01.45** Seinfeld
**02.10** Friends
**02.35** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Mamma Mu
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Tindur
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Kormákur
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Mamma Mu
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og litli
**13.13** Tindur
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Kormákur
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Mamma Mu
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og litli
**17.13** Tindur
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Kormákur
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Frummaðurinn

**Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** LPGA Tour 2018
**10.00** Golfing World 2018
**10.50** LPGA Tour 2018
**12.50** PGA Tour 2018
**17.50** PGA Highlights 2018
**18.45** Golfing World 2018
**19.35** Champions Tour Highlights 2018
**20.30** PGA Tour 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.25** Emma's Chance
**12.00** Warm Springs
**14.00** Snowden
**16.10** Emma's Chance
**17.45** Warm Springs
**19.45** Snowden
**22.00** The Martian Dramatísk mynd frá 2015 með Matt Damon í aðalhlutverki. Geimfarinn Mark Watney er talinn af og verður strandaglópur á plánetunni Mars eftir að geimskipið The Hermes lendir í fárviðri, en geimfarinn verður að reyna að draga fram lífið á plánetunni einn og yfirgefinn, með lítið af tækjum eða öðrum vistum meðferðis. Markmiðið er að þrauka nógu lengi til að ná að koma skilaboðum til Jarðar, og bíða svo eftir björgun.
**00.20** Jesse Stone: Lost In Paradise
**01.50** Bad Neighbors 2
**03.25** The Martian

## RÚV

**15.40** Borgarsýn Frímanns
**15.55** Fjársjóður framtíðar
**16.25** Eldað með Niklas Ekstedt
**16.55** Golfið
**17.20** Leiðin á HM
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Tré-Fú Tom
**18.22** Krakkastígur
**18.27** Sanjay og Craig
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.45** Menningin
**19.55** Fjársjóður framtíðar
**20.30** Hvað hrjáir þig?
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Hverju andliti fylgir nafn
**23.20** Martin Luther King yngri
**00.55** Kastljós
**01.10** Menningin
**01.15** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Speechless
**14.10** Will & Grace
**14.30** Strúktúr
**15.00** The Mick
**15.30** Gudjohnsen
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** American Housewife
**20.10** Survivor
**21.00** Chicago Med
**21.50** Bull
**22.35** American Crime
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** Touch
**01.30** 9-1-1
**02.15** Station 19
**03.05** How To Get Away With Murder
**03.50** Mr. Robot
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM




## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU*

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



Efri hluti Laugavegar: Frá Hlemmi að Suðurlandsbraut er versti vegarkafli landsins og ekkert nema ljótleikinn út um bílrúðurnar. Á þessum kafla er hægt að sjá allt það versta í Reykjavík. Speglahöll, dekkjaverkstæði, bílasölu, sjö hæða blokk, kirkju og hús í niðurníðslu.



Flugvöllurinn í miðbænum. Í alvöru. Það tekur hálftíma að keyra til Keflavíkur og ef neyðin er stærst eru notaðar sjúkraþyrlur. Burt með þetta ferlíki og gerum borgina fallega.



Þar sem bensínstöð N1 við Hringbraut er, á besta stað í borginni, er alveg fáránlega illa farið með verðmætt borgarland. Flestar bensínstöðvar eru á flottum svæðum. Burt með bensínið!



Túnin: Stærsta hótel landsins sómir sér vel í gráu vorinu. Svæðið milli Þórunnartúns og Katrínartúns er með furðulegu skipulagi sem sómir engri höfuðborg. Þessi skaðræðis arkitektúr sem þarna finnst hefur reynst varasamur í þessum vindi sem nú blæs.

# Ljótleikinn í grámyglulegu vori

Þó að gróðurinn sé að taka vel við sér í því slagviðri sem hefur geisað í höfuðborginni er ásigkomulag borgarinnar ljótt. Plokkarar landsins reyna hvað þeir geta til að hreinsa skítinn en þeir geta ekki hreinsað húsin. Fréttablaðið setti saman lista yfir ljótustu svæði Reykjavíkur.



Skeifan: Bílastæðafrumskógur og umferðarreglur sem enginn skilur. Húsin í litlum takt við hvert annað og svæðið er lýti á miðri borginni.



Kringlusvæðið: Við hlið Kringlunnar stendur bygging sem er eins og eitt stórt fokkjúmerki. Það er í takt við svæðið. Allt í steinsteypu og gráum veruleika.



Skúlagata: Af hverju að eyðileggja fallega götu með háhýsum? Öll gatan er í mismunandi stíl og engu líkara en að arkitektarnir hafi farið á fídusafyllerí í teikniforritinu sínu.



Holtin: Brautarholt, Bol- og Skipholt eru auðvitað ein stór katastrófa. Þarna er allt en samt ekkert, grátt og guggið hverfi sem má muna fífil sinn fegurri.




Korputorg: Hvað er tilgangslausasta framkvæmd síðari ára? Er það ekki Korputorg? Bílastæðin eru um þúsund fermetrum stærri en húsið sjálft og ekki er það lítið. Hvernig er sniðugt að bjóða fólk velkomið til Reykjavíkur? Jú, með Korputorgi.



Háskólasvæðið: Er einhver þarna úti sem skilur hvað í ósköpunum er í gangi á þessu svæði? Er þetta grænt svæði, er þetta gert fyrir einkabílinn eða hvað er þetta? Svo er þarna stærsta hringtorg Reykjavíkur sem er alls 6.824 fermetrar, fyrir utan um 9.000 fermetra malarplan hjá Háskóla Íslands. Hver elskar ekki malarplan árið 2018?


FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
KOMIN Í BÍÓ
Trópí
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
BORGARBÍÓ
sena

midi.is

Vinsælir viðburðir framundan

Miðakaup á www.midi.is



Dúndurfréttir
Bæjarbíó - 24. maí



Sycamore Tree
Bæjarbíó - 1. júní



Ísland - Gana
Laugardalsvöllur - 7. júní



Ísland - Noregur
Laugardalsvöllur - 2. júní





**Leikhópurinn samankominn. Þarna má sjá meðal annars Ósk sem nefnd hefur verið Garðabrúða í íslenskum ævintýrum af einhverjum ástæðum. Anna Bergljót, leikstjóri og höfundur verksins um Gosa, er þriðja frá vinstri.**

# Skemmtilegt stuð að sýna í vondu veðri

Skemmtilegustu sýningar leikhópsins Lottu er þegar vindar blása. Þá myndast einhver stemning sem erfitt er að útskýra, segir höfundur og leikstjóri nýjustu sýningar Lottu. Gosi verður frumsýndur í dag en svo taka við 100 sýningar á 50 stöðum víðsvegar um landið.

Maður hlakkar aldrei til að sýna í vondu veðri en það er alltaf gaman þegar það er búið," segir Anna Bergljót Thorarensen höfundur og leikstjóri nýjasta verks, leikhópsins Lottu, sem nefnist Gosi. Leikhópurinn frumsýnir í dag en veðurspáin er þokkaleg. Betri en síðustu daga allavega. „Við erum ánægð. Það stefnir í sól og blíðu. Þetta lítur allavega ansi vel út. Þjóðin er búin að vera að býsnast yfir veðrinu undanfarinn mánuð og við getum því ekki annað en verið hress með veðrið sem verður," segir hún.

Þetta er tólfta sumarið í röð sem leikhópurinn leggur land undir fót og ferðast með glænýja fjölskyldusýningu um landið þvert og endilangt. „Það hefur komið haglél á okkar sýningum. Við erum öllu vön en þetta er auðveldast fyrir okkur leikarana því við hlaupum og hoppum, syngjum og tröllum til að halda á okkur hita. Áhorfendur þurfa svolítið að klæða sig eftir veðri.

Það er stundum skemmtilegra að vera á vondaveðurs-sýningum. Það eru færri og stemningin breytist. Áhorfendur þjappa sér meira saman en það er erfitt að útskýra hvað það er sem gerir slíkar sýningar betri."

Sagan um Gosa gerist inni í Ævintýraskóginum en eins og Lottu er von og vísa blandast fleiri þekkt ævintýri inn í verkið. Heyrst hefur að það beri okkur inn í háan turn þar sem við hittum skemmtilega stelpu með afskaplega langa fléttu og að á öðrum stað í Ævintýraskóginum verðum við vitni að því þegar þrjár óskir valda miklum vandræðagangi.



**Plakatið sem Leikhópurinn gerði fyrir komandi sýningu. Sólin er fótósjoppuð enda hefur enginn séð þá gulu hér sunnan heiða í marga daga.**

Þetta er áttunda verkið sem Anna Bergljót skrifar fyrir hópinn. Hún semur einnig lagatexta ásamt þeim Baldri Ragnarssyni og Stefáni Benedikt Vilhelmssyni. Í Gosa eru samtals 10 glæný lög sem eru samin af fyrrnefndum Baldri, Birni Thorarensen og Rósu Ásgeirsdóttur.

**VIÐ ERUM ÖLLU VÖN EN ÞETTA ER AUÐVELDAST FYRIR OKKUR LEIKARANA ÞVÍ VIÐ HLAUPUM OG HOPPUM, SYNGJUM OG TRÖLLUM TIL AÐ HALDAÁ OKKUR HITA.**

Anna Bergljót Thorarensen, höfundur og leikstjóri



„Við erum að fjalla um Gosa en það er ekkert mikið meira úr hans ævintýri annað en nafnið heldur gerðum við nýja sögu með blöndu úr Garðabrúðu og Óskunum þremur. Garðabrúða heitir reyndar Ósk í okkar útgáfu. Börn þessa lands tengja meira held ég við Ósk frekar en Garðabrúðu. Síðan er þriðja ævintýrið Óskirnar þrjár sem margir eru búnir að gleyma."

Sýningarplanið er einfalt. Það verða um 100 sýningar á um 50 stöðum víðsvegar um landið en sýningarplanið er á Facebook síðu hópsins. **benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


KFC
IT'S FINGER LICKIN' GOOD
TEXAS RANCH
GÆDDU ÞÉR Á GOÐSAGNAKENNDUM BORGARA
Original kjúklingabringa með BBQ sósu, Ranch sósu, osti, káli og kartöfluskífu.
1.199 kr.
Texas Ranch borgari, þrír Hot Wings, franskar, gos og Hraun.
1.899 kr.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.




FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR
Davíðs Þorlákssonar



## Gleðilegt sumar

Pimm's er drykkur sem er notaður í samnefndan vinsælan enskan sumarkokkteil sem mér og nokkrum vinum finnst ómissandi á þessum árstíma. Áfengisverslanir ríkisins selja hann ekki og því ákvað ég að kaupa nokkrar flöskur þar sem ég var staddur í London síðastliðinn sunnudag. Hver flaska kostaði 1.739 krónur. Ríkið leyfir mér bara að taka eina lítersflösku tollfrjálst til landsins, ef vínandi er meira en 21% af flöskunni, og því gaf ég mig fram við tollverði ríkisins á Keflavíkurflugvelli. Þeir innheimtu skilagjald, áfengisgjald og virðisaukaskatt, alls 4.104 krónur á flösku.

Allir sem framleiða, selja og flytja Pimm's, og öll efnin sem fara í framleiðslu þess og flöskunnar sem það er í, taka því til sín 30% af verðmæti vörunnar á meðan íslenska ríkið, sem leggur ekkert af mörkum, tekur 70%. Í þessu tilfelli, að minnsta kosti, þjónar gjaldið heldur engum forvarnartilgangi. Enginn áfengissjúklingur myndi standa í því að fara til Englands til að kaupa Pimm's, skera niður jarðarber, gúrkur og appelsínur og merja mintulauf og blanda svo öllu saman í límonaði til að svala fíkn sinni.

Þessi kaup eru gott dæmi um það hvernig ríkið er alltumlykjandi í lífi okkar. Það vill ráða því hvar, hvenær og hvernig almennar neysluvörur við kaupum og það vill taka af þeim 70% skatt. Mér er fyrirmunað að skilja af hverju það þarf að hafa meira vit fyrir okkur en öðrum þjóðum og taka af okkur hærri skatta. Þetta verður samt vel fyrirhafnarinnar virði ef sumarið skyldi koma einhvern tímann.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland








